


skoðun 14




SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt







# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

26. maí 2010 — 121. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Ganga um gamla garða

*Garðyrkjufélag Íslands fagnar 125 ára afmæli í dag.*

**tímamót** 16



## Óvæntur áhugi

*Top Model-fyrirsætan Shandi Sullivan er mikill aðdáandi Diktu.*

**fólk** 30

**veðrið í dag**




**HVESSIR EYSTRA** Í dag verða norðan 8-15 m/s og skýjað A-lands en annars hægari vindur og víða bjartviðri. Hiti 4-15 stig, mildast SV-lands en svalast NA-til.

**veður** 4

REYKJAVÍK FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




# Flugfélögin urðu af milljarði í eldgosinu

**Eldgosið í Eyjafjallajökli kostaði íslensku flugfélögin á bilinu einn til 1,3 milljarða króna. Yfir hundrað flug tugþúsunda farþega röskuðust eða féllu niður.**

**VIÐSKIPTI** Áætlað tap íslenskra flugfélaga vegna eldgossins í Eyjafjallajökli er á bilinu einn til 1,3 milljarðar króna. Stafar það bæði af miklu tekjutapi og auknum kostnaði sem hlaust af tilfæringum félaganna innanlands og utan.

Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, segir að tap félagsins sé á bilinu 700 milljónir til einn milljarður króna. Tap hvers dags á meðan gosið stóð sé í kringum 50 milljónir króna. Á bilinu 60 til 70 flug, sem á milli 15 og 20 þúsund farþegar áttu bókuð sæti í, féllu niður. Þrátt fyrir lokun Keflavíkurflugvallar tókst Icelandair að halda stórum hluta áætlunarflugs milli Evrópu og Bandaríkjanna með því að flytja miðstöð tengiflugs síns tímabundið til Glasgow.

Frá Iceland Express fást þær upplýsingar að gosið hafi kostað félagið nálægt 200 milljónum. Aflýsa þurfti 50 áætlunarflugum fram og til baka sem snerti á bilinu 15 til 20 þúsund farþega.

Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, áætlar að um hundrað milljónir hafi tapast vegna áhrifa eldgossins á innanlandsflugið. Suma daga hafi allt flug legið niðri en aðra hafi þurft að breyta áætlunum talsvert.

Birkir Hólm Guðnason er bjartsýnn á að sumarið verði, þrátt fyrir allt, ferðaþjónustunni hagfellt. Bindur hann miklar vonir við nýhafið markaðsátak ferðaþjónustunnar og stjórnvalda. Allt er það sett fram að því gefnu að gosinu í Eyjafjallajökli sé lokið. Hann segir að ekki verði hróflað við flugframboði Icelandair.

Iceland Express ætlar einnig að halda sinni áætlun að því frátöldu að ekki verður flogið reglubundið milli Akureyrar og Lundúna eins og áformað var. **- bþs**



**ÚTKALL Á ELLEFTU STUNDU** Enn eina ferðina reyndi á þolrifin í sjónvarpsáhorfendum á Íslandi því framlag landsins í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva var annað áríð í röð síðast upp úr hattinum í fyrri undanúrslitunum og inn í hlýjuna í lokakeppninni sjálfri. síða 4 NORDICPHOTOS/AFP

Könnun sýnir litlar breytingar á fylgi í Fjarðabyggð:

# Meirihlutinn heldur

**KÖNNUN** Engar breytingar verða á fjölda bæjarfulltrúa hjá þeim þremur framboðum sem bjóða fram í Fjarðabyggð samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gær.

Fjarðalistinn og Framsóknarflokkurinn mynda í dag meirihluta í Fjarðabyggð og mun sá meirihluti halda verði niðurstöður kosninga á laugardaginn í samræmi við niðurstöður könnunarinnar.

Þrátt fyrir að Fjarðalistinn og Sjálfstæðisflokkurinn bæti við sig fylgi ná framboðin óbreyttum fjölda fulltrúa í bæjarstjórn samkvæmt könnuninni. Fjarðalistinn fengi því fjóra fulltrúa, Sjálfstæðisflokkur þrjá og Framsóknarflokkur tvo. **- bj /** sjá síðu 12

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR FJARÐABYGGÐ




SAMKVÆMT KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 25. MAÍ




**EIRÍKUR EINARSSON** Forsprakki HM-boltanna sem hafa gefið út fyrsta íslenska HM-lagið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HM-boltarnir fóru í hljóðver:

## Fyrsta íslenska HM-lagið í loftið

**FÓLK** „Þetta er ekki bara fótbolti, þetta er andrúmsloftið. HM er eitthvað sem sameinar fólk og á sér engin landamæri,“ segir Eiríkur Einarsson, forsprakki HM-boltanna sem hafa gefið út fyrsta íslenska HM-lagið. „Við vorum fjórir sem tókum okkur til og skelltum okkur í stúdíó. Við bara urðum að gera þetta til að fá smá útrás,“ segir Eiríkur, sem samdi bæði lag og texta.

Laginu, sem nefnist HM-fjörið, hefur verið dreift á útvarpsstöðvar, sjónvarpsstöðvar, sportbari og á Netið, þar sem það fæst sem frítt niðurhal. Keppnin sjálf hefur göngu sína 11. júní næstkomandi. **- fb/** sjá síðu 30

Pac-Man ennþá tímaþjófur:

## Fimm milljónir stunda í netleik

**UPPLÝSINGATÆKNI** Fimm milljónir vinnustunda fara forgörðum daglega vegna þess hve margir spila netútgáfu tölvuleiksins Pac-Man á leitarvef Google, að því er áætlað er í nýrri rannsókn Rescue Time.

Greint er frá því á vef BBC, breska ríkisútvarpsins, að leikurinn hafi verið settur á forsíðu Google 21. maí síðastliðinn í tilefni af því að 30 ár eru liðin síðan Pac-Man tölvuleikurinn kom út.

Netleitarfyrirtækið hefur endurhannað leikinn þannig að nafn þess kemur fram í völundarhúsi Pac-Man leiksins. **- óká**










## SPURNING DAGSINS



*Haukur, er Dollý sjókind?*

„Hún er að minnsta kosti vel synd kind.“

Kindin Dollý slapp með skrekkinn þegar hún féll í sjóinn úr 20 metra hæð á Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Haukur Guðjónsson er eigandi Dollýjar.

Kalt stríð er skollið á aftur milli Norður- og Suður-Kóreu eftir stirð samskipti um árabil:

# Reynt að miðla málum í eldfimu ástandi

**SEÚL, AP** Norður-Kóreumenn lýstu því yfir í gær að þeir myndu hætta öllum samskiptum við Suður-Kóreumenn í refsingarskyni fyrir ásakanir þess efnis að Norður-Kóreumenn hefðu sökkt suður-kóresku herskipi fyrir tveimur mánuðum.

Norður-Kóreumenn tilkynntu einnig að þeir myndu reka úr landi alla suður-kóreska embættismenn sem starfa á sameiginlegu iðnaðarsvæði landanna tveggja nálægt landamærunum.

Mikil spenna er nú á Kóreuskaga eftir að alþjóðleg rannsóknarnefnd staðfesti að herskipinu hefði verið sökkt af norður-kóresku flugskeyti í lok mars. 46 fórust.

Suður-Kórea hefur sett viðskiptabann á nágranna sína í norðri og beitt sálfræðihernaði á borð við það að flytja áróður úr stærðarinnar hátölurum sem staðsettir eru á landamærunum.

Fregnir herma að Norður-Kóreustjórn hafi skipað her sínum að vígbúast. Bandaríkjamenn hafa lýst yfir ótvíræðum stuðningi við Suður-Kóreumenn. Um 28.500 bandarískir hermenn eru í Suður-Kóreu.

Sameinuðu þjóðirnar og stjórnvöld vestrænna ríkja hafa reynt að miðla málum undanfarna daga og koma í veg fyrir að átök brjótist út. Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er stödd í Kína í því skyni að sannfæra Kínverja um að standa að baki ályktunum og aðgerðum Sameinuðu þjóðanna í málinu. **- sh**




**MIKIL REIÐI** Suður-kóreskir mótmælendur brenna norður-kóreskan fána með mynd af Kim Jong-Il, leiðtoga Norður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FYLLT Á TANKINN** Algengt sjálfsafgreiðsluverð á bensínlítranum var rúmlega 201 króna á höfuðborgarsvæðinu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Eldsneyti ódýrast í Hafnarfirði:

## Bensínverðið þokast niður

**SAMGÖNGUR** Olíufélögin lækkuðu bensínverð um tvær krónur og verð á dísilolíu um þrjár krónur í gær, í kjölfar mikillar lækkunar á olíuverði á heimsmarkaði.

Í gærkvöldi mátti finna ódýrasta eldsneytið í Hafnarfirði. Hjá Orkunni og N1 kostaði bensínlítrinn 198,80 krónur og dísilolía 195,80 krónur. Verð hjá ÓB í bænum var tíu aurum hærra.

Utan Hafnarfjarðar kostaði bensínlítrinn minnst 201,30 krónur og dísilolían 198,30 krónur hjá Orkunni. Verð hjá öðrum sjálfsafgreiðslustöðvum var að jafnaði tíu eða tuttugu aurum hærra.

Heimsmarkaðsverð á olíu fór í gær undir 68 Bandaríkjadali. **- bj**

Ákærður fyrir ofbeldi:

## Kýldi og skallaði lögreglu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir að kýla lögreglumann í andlitið og skalla annan lögreglumann í ennið.

Fyrri árásin átti sér stað á lögreglustöðinni á Húsavík. Lögreglumaðurinn hafði afskipti af manninum, sem sló hann þá. Hinn fyrrnefndi marðist í andliti og hlaut áverka undan högginu.

Síðara atvikið átti sér stað á Akureyri. Þá hafði lögreglumaður einnig afskipti af manninum sem ákærður er fyrir að hafa þá skallað hann í ennið og slegið hann með krepptum hnefa í höfuðið. **- jss**

# Snæfellsjökull lýstur upp til að vekja fólk

**Þýski ljósalistamaðurinn Gert Hof stefnir að því að lýsa upp Snæfellsjökul í október á þessu ári. Senda á mannkyni öllu skilaboð upp á himinhvelfinguna. Hof hlaut heimsfrægð fyrir að ljósasýningar við frægar byggingar víða um veröld.**

**LISTIR** „Þetta verða skilaboð til allra hér á jörðu um að við verðum að takast á við hnattræna hlýnun,“ segir þýski listamaðurinn Gert Hof, sem áætlar að lýsa upp sjálfan Snæfellsjökul í október á þessu ári.

Hof segist lengi hafa verið hugfanginn af Norðurpólnum og að boð um að koma hingað hafi fallið vel að því. Hann skoðaði aðstæður á Snæfellsjökli í gær og kveðst heillaður af landslaginu hér. „Það er virkilega undravert og á sama tíma ögrandi fyrir mig sem listamann,“ segir hann.



**GERT HOF**

Hof fæddist í Austur-Þýskalandi árið 1951. Hann var lengi leikstjóri og óperustjóri áður en hann gekk rokklistinni á hönd á tíunda áratugnum og útvíkkaði sviðslist sína svo um munaði. Hof hefur unnið myndbönd með rokksveitum á borð við Ramstein og Motorhead og lýst upp fjölmargar byggingar og sögulega staði um víða veröld. Meðal þeirra má nefna Akrópólis í Grikklandi.

Hof segir margt þurfa að fara saman svo verkefnið verði að veruleika. „Við þurfum rétta fólkið og við höfum rétta fólkið hér. Í öðru lagi þurfum við réttu pólitísku kringumstæðurnar. Fólkið vill þetta. Í þriðja lagi er þetta ótrúlega fallegur staður. Í fjórða lagi þarf verkefnið að hafa réttu skilaboðin og þau eru þetta stóra umhverfisvandamál allrar jarðarinnar,“ útskýrir Hof.



**LJÓSADÝRÐ** Meðal verka Hofs er þessi ljósasýning í Atlanta í Bandaríkjunum.



**GERT HOF** Þýski ljósalistamaðurinn fór ásamt samverkafólki sínu á Snæfellsjökul í gær og kveðst heillaður af landslaginu á Íslandi. MYND/SIGHVATUR LÁRUSSON

Þá kveður Hof sögu Jules Werne um Ferðina inn að miðju jarðar í gegnum Snæfellsjökul ljá verkefninu sérstaka vídd. „Ég get ekkert sagt á þessu augnabliki um það hvernig þetta muni líta út en ég vil segja að Jules Werne var í leiðangri að miðju jarðar. Ég sjálfur, sem listamaður, ásamt ykkur, íbúum Íslands, mun reyna að senda ákall til himins,“ segir Hof og bendir á að í raun sé himininn eins og sýningartjald sem allir geta litið á.

Bergljót Arnalds og Páll Ásgeir Davíðsson áttu hugmyndina að því að fá Hof til landsins. Síðan fengu þau til liðs við sig íslenska fyrirtækið Northern Lights Energy. Bergljót leiðir tónlistarsköpun sem verður hluti sýningarinnar og byggir á hljóðum Snæfellsjökuls sjálfs.

Páll Ásgeir segir verkefnið unnið út frá hugmyndinni um samfélagslega ábyrgð. Bæta hafa þurft ímynd Íslands eftir eldgos og efnahagshrun. „Það er snilld fyrir Íslendinga eftir að hafa haft eldgos í jökli á Íslandi að öðrum jökli á landinu sé breytt í listaverk,“ segir Páll Ásgeir. **gar@frettabladid.is**

## Fórst í sjósundi

**Maðurinn sem drukknaði í sjónum við Stykkishólm á laugardagskvöld hét Marís Þór Jochumsson. Hann var 39 ára, fæddur 28. október 1970. Marís var til heimilis að Vindási 4 í Reykjavík og lætur eftir sig unnustu og börn úr fyrra sambandi.**

**Marís var vanur sjósundi að því er segir í tilkynningu frá lögreglunni á Snæfellsnesi. Hann lagðist til sunds um klukkan ellefu á laugardagskvöld, rétt hjá sjúkrahúsinu í Stykkishólmi. Þar eru sterkir straumar. Leit hófst þegar hann skilaði sér ekki til baka. Hann fannst látinn um klukkustund síðar.**

SP lækkar höfuðstól bílalána:

## Breyting í takt við frumvarp

**EFNAHAGSMÁL** SP-Fjármögnun lækkar höfuðstól bílalána um 28 prósent að meðaltali. Viðskiptavinum félagsins býðst að breyta erlendum bílalánum í verðtryggð eða óverðtryggð íslensk lán.

Höfuðstólslækkunin fer eftir myntsamsetningu lána og hvenær þau voru tekin. Samkvæmt útreikningum lækka um 80 prósent lána til einstaklinga um 20 til 40 prósent. „Með þessari lækkun tekur SP-Fjármögnun einhliða upp það ákvæði í frumvarpi félagsmálaráðherra, sem liggur fyrir á Alþingi,“ segir í tilkynningu. Þá er hægt að lengja lánstíma um 12 eða 24 mánuði. **- óká**

**DÓMSTÓLAR**

### Ákærður fyrir barnaklám

Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann fyrir að hafa í nóvember 2009 haft í vörslu sinni á heimili sínu 28 kvikmyndir og 61 ljósmynd sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Myndirnar fundust á fjórum geisladiskum við rannsókn lögreglu.




Mögulegt að gera eigur upptækar án sakfellingar segir sérfræðingur Europol:

# Eftirsóknarvert eftir hrunið

**DÓMSMÁL** Heimilt verður að gera upptæk verðmæti sem ætla má að einstaklingur hafi aflað með ólöglegri starfsemi án þess að fyrst komi sakfelling í sakamáli, verði frumvarp sem nú er fyrir Alþingi að lögum.

„Í raun ætti að vera lítið mál að taka þess konar breytingar inn í íslenska löggjöf,“ segir Carlo van Heuckelom, deildarstjóri fjármunarannsóknardeildar Europol. Hann segir slíka breytingu sérlega eftirsóknarverða fyrir Ísland í kjölfar efnahagshrunsins. Þetta gæti verið besti möguleiki íslenska ríkisins til að ná til baka peningum sem tapast hafi á hruninu.

Í frumvarpinu sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er opnað fyrir möguleika á því að ríkið höfði sjálfstætt skaðabótamál, jafnvel þótt enginn hafi verið sakfelldur í sakamáli. Sönnunarbyrðin er mun léttari í skaðabótamálum en sakamálum, og því gæti einstaklingur þurft að greiða bætur fyrir brot sem hann var ekki sakfelldur fyrir í sakamáli.

Úrræði af þessu tagi eru þegar í löggjöf stórra lýðræðisríkja á borð við Bandaríkin, Kanada, Bretland, Ástralíu, Írland, Suður-Afríku og fleiri, segir van Heuckelom.

Hann segir ekkert því til fyrirstöðu að slík lög séu afturvirk, það er að hægt sé að sækja bætur fyrir brot sem framin eru áður en lögin taka gildi. Mál þar sem reynt hefur á lög af þessu tagi hafa farið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu, og lögin staðist þar alla skoðun.

Van Heuckelom mun fjalla um þessar mögulegu lagabreytingar á opnum fundi Lagastofnunar Háskóla Íslands í Öskju klukkan 12 í dag. **- bj**



**FRUMVARP** Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur lagt fram frumvarp um eignaupptöku án sakfellingar. Málið er nú í nefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Samtök aldraðra.

**Til að lina kosningaspennuna bjóða Samtök aldraðra og Atafl eldri borgurum í kynningarheimsókn á byggingarstað við Sléttuveg 29 í Fossvogi laugardaginn 29. maí kl. 15 - 18. Upplýsingar veittar um framkvæmdirnar og þjónustuáform fyrir aldraða í Sléttuvegshverfinu í Fossvogi.**

## „Besta hverfið í borginni"
## Kaffi og kleinur á boðstólum.



**Bygging húsanna nálgast fokheldi. Íbúðunum verður skilað fullbúnum í janúar 2011.**

# Fáeinar íbúðir óseldar.

**Nánari upplýsingar að Síðumúla 29 sími 552 6410 og á heimasíðu samtakanna www.aldradir.is.**

## GENGIÐ 25.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 130,98 | 131,6 |
| Sterlingspund | 187,54 | 188,46 |
| Evra | 159,69 | 160,59 |
| Dönsk króna | 21,458 | 21,584 |
| Norsk króna | 19,676 | 19,792 |
| Sænsk króna | 16,249 | 16,345 |
| Japanskt jen | 1,4623 | 1,4709 |
| SDR | 192,02 | 193,16 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 216,1122

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hera Björk áfram með Je ne sais quoi í Eurovision en spennan hélst allt til enda:

# Aftur í úrslitin á síðasta farmiðanum

**SÖNGVAKEPPNI** Hera Björk Þórhallsdóttir og flokkur hennar söng Ísland í gærkvöldi inn í úrslit Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu Je ne sais quoi eftir Örlyg Smára.

Tíu þjóðir af sautján komust áfram í keppninni í gær. Hera Björk og flokkur hennar steig síðastur á svið við frábærar undirtektir gesta sem tóku undir með Íslendingum í salnum í Osló. Þegar nöfn níu þjóða voru komin á blað sem þáttakendur í úrslitakeppninni á laugardagskvöld án þess að Ísland væri komið áfram var salurinn nánast á suðupunkti. Fagnaðarlætin voru gríðarleg þegar kynnirinn las upp nafn Íslands og íslenski fáninn fór á sinn stað í töflunni. Jóhanna Guðrún var líka síðust upp úr hattinum með lagið Is it True í undanúrslitum í Moskvu í fyrra. Íslenskir sjónvarpsáhorfendur fengu því í annað skipti í röð að tylla sér allra fremst á stólbríkurnar áður en lag þeirra fékk grænt ljós frá Evrópu.

Haft var á orði í keppnissalnum að þótt eldgosinu á Íslandi sé lokið hafi Hera og félagar flutt það með sér til Noregs. Virðast íslensku keppendurnir njóta mikils meðbyrs ytra og vonast menn nú eftir að Ísland verði að minnsta kosti meðal tíu efstu þjóðanna þegar upp verður staðið.

Annað kvöld verður seinni undanúrslitakvöldið fyrir lokakeppnina og bætast þá við önnur tíu lög. **- gar, re**



**ÁNÆGÐAR MEÐ SINN HLUT** Hera Björk Þórhallsdóttir og Kristjana Stefánsdóttir fögnuðu innilega í Osló í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/AFP




**EKKERT VAL** Flugliðarnir lýstu skoðun sinni við Heathrow-flugvöll í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Flugfarþegar gramir:

## Flugliðar hefja 5 daga verkfall

**LONDON, AP Flugliðar hjá breska flugfélaginu British Airways (BA) hófu í gær fimm daga verkfall til að mótmæla niðurskurði sem veldur því að fækka þarf flugum frá Heathrow-flugvelli í London um nánast helming.**

**Talsmaður BA fullyrðir að hægt verði að flytja 70 prósent þeirra sem eiga pantað flug á meðan verkfallið stendur yfir.**

**Stutt er síðan eldgosið í Eyjafjallajökli setti allt flug í Evrópu úr skorðum og því hafa sumir flugfarþegar brugðist reiðir við verkfallinu.** **- sh**

Skipalest á leið til Gasa:

## Stefnir í átök við Ísraelsher

**ÍSRAEL, AP** Átta skip með um 10 þúsund tonn af vistum, auk hundruða mótmælenda, eru á leið til Gasa. Ætlunin er að rjúfa herkví Ísraelshers.

Ísraelar segjast munu stöðva skipin og hafa samkvæmt heimildum sett upp bráðabirgðafangelsi fyrir mótmælendurna.

Þeir sem að skipalestinni standa segja að lagt verði upp frá Kýpur á föstudag til Gasa. Skipin bera sement og annan varning.

Ísraelar og Egyptar settu á herkví í Gasa eftir að Hamas náði þar völdum árið 2007. **- óká**

# Herða á refsingar fyrir slæmt hátterni

**Mikilvægt er að herða reglur um stjórnarsetu. Breskur sérfræðingur segir fyrirtæki sem viðhafi góða stjórnarhætti ganga betur. Efnahagshrunið hófst þegar bankarnir snerust gegn fyrirtækjunum, segir Benedikt Jóhannesson ritstjóri.**

**VIÐSKIPTI** Setja á stjórnum fyrirtækja strangar reglur og þeim verður að fylgja af hörku. Þetta segir Chris Pierce, forstjóri breska fyrirtækisins Global Governance Service. Hann var frummælandi á hádegisfundi í gær um stjórnarhætti hjá fyrirtækjum á vegum Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins, Kauphallarinnar og Rannsóknamiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands.

Pierce benti á að tekið hafi verið af hörku á svokölluðum hvítflibbaglæpum upp á síðkastið; hinn bandaríski Bernard Maddoff var fyrir tæpu ári dæmdur í 150 ára fangelsi fyrir umfangsmikil og gróf fjármálasvik og Huang Guangyu, ríkasti maður Kína í hittiðfyrra, hlaut fjórtán ára dóm fyrir mútur og innherjasvik í síðustu viku.

Pierce sagði mikilvægt að stjórnarformaður fyrirtækis helgi sig stjórnarstarfinu og því geti hann ekki setið í mörgum stjórnum á sama tíma. Til viðbótar eigi að kalla til óháða eftirlitsaðila sem auga hafi með stjórnum fyrirtækja. Við það ættu stjórnarhættir að batna, að hans mati.

Pierce hefur unnið að málum sem þessu tengjast í Portúgal, Grikklandi og Spáni, löndum sem öll standa á haus í fjármálakreppunni. Hann sagði stöðu stjórnarhátta bágborna innan ESB-ríkjanna og vitnaði til þess að aðeins tæp fimmtán prósent fyrirtækja á Spáni birti nöfn stjórnarmanna í ársuppgjöri. „Þetta er hræðilegt," sagði hann .

Brasilíumenn eru langt komnir í stuðningi við góða stjórnarhætti, hafa sett á laggirnar nýjan hlutabréfamarkað eingöngu fyrir fyrirtæki sem tekið hafi upp viðurkennda og góða stjórnarhætti. „Það er gríðarlegur munur á fyrirtækjum sem ástunda góða starfshætti og hinum sem ekki gera það," sagði Pierce og benti á að gengi hlutabréfa í fyrrnefndu fyrirtækjunum væri tugum prósentum hærra en hinna. **jonab@frettabladid.is**




**CHRIS PIERCE** Sumir stjórnarmenn eiga að búa yfir sérfræðiþekkingu á áhættutengdum þáttum í rekstri, að mati bresks sérfræðings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Bankarnir brugðust fyrir löngu

Stjórnir fyrirtækja fóru af leið þegar þær hættu að þjónusta viðskiptavini sína og snerust gegn fyrirtækjunum eftir síðustu aldamót; Kaupþing tók yfir Skeljung og lét í hendur nýrra eigenda og Landsbankinn tók yfir Eimskips með fjandsamlegum hætti. Þetta sagði Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar, á fundinum í gær. Hann vísaði til þess að efnahagshrunið hér hefði átt sér langan aðdraganda. „Þarna voru nýir eigendur andstæðingar fyrirtækjanna," sagði Benedikt og benti á að þar hefðu góðir stjórnarhættir síst verið viðhafðir. Hann lagði jafnframt áherslu á að stjórnarmenn hefðu taumhald á stjórnarformanni fyrirtækja, sér í lagi ef viðkomandi á meirihluta hlutafjár. „Ef eigendur fara út af sporinu á stjórnin að gera við það athugasemdir."

Mál deildarstjóra í skoðun:

## Greina hefði átt frá styrkjunum

**STJÓRNSÝSLA** Forstjóri Veiðimálastofnunar rannsakar hvort Bjarni Jónsson, deildarstjóri hjá stofnuninni, hafi sótt um og þegið styrki í gegnum einkafyrirtæki sitt í samkeppni við Veiðimálastofnun. DV greindi frá málinu á dögunum.

Fyrirtæki Bjarna, Fræðaveitan, fékk á árunum 2008 til 2009 styrki sem námu alls 4,5 milljónum króna, meðal annars úr rannsóknarsjóði sem Bjarni hefur líka sótt um styrki úr fyrir hönd Veiðimálastofnunar. Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, segir ámælisvert að Bjarni hafi ekki upplýst stofnunina um styrki til fyrirtækis hans. Málið sé til skoðunar og sé niðurstöðu að vænta innan tíðar.

Bjarni er sonur Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra en Veiðimálastofnun heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. **- bs**

Nýtt sveitarfélag í Eyjafirði:

## Kennt við Hörgá eða Möðruvelli

**STJÓRNSÝSLA Nýtt sameinað sveitarfélag Arnarnesshrepps og Hörgárbyggðar verður annaðhvort kennt við Hörgá eða Möðruvelli. Fimm tillögur að nafni verða bornar undir íbúa samhliða sveitarstjórnarkosningunum á laugardag. Eru það: Hörgárbyggð, Hörgárhreppur, Hörgársveit, Möðruvallahreppur og Möðruvallasveit.**

**Ellefu tillögur að auki bárust í hugmyndasamkeppni. Þær voru: Arnarbyggð, Eyjafjarðarbyggð, Gásabyggð, Gáseyrarbyggð, Hjúkabyggð, Hraunsbyggð, Hörgárþing, Möðruvallabyggð, Smárabyggð, Þelamerkurbyggð og Öxnadalsbyggð.**

**Sveitarstjórn tekur endanlega ákvörðun.** **- bþs**





– Þú finnur fjölda girnilegra uppskrifta að kvöldmatnum á www.gottimatinn.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÁFRAM RJÓMABLÍÐA** um suðvestan og vestanvert landið næstu daga og helgin lítur vel út fyrir allt landið. Vindur verður þó heldur stífur austanlands í dag en lægir til morguns. Annars staðar verður áfram yfirleitt hægur vindur og hiti breytist lítið.




**Á MORGUN**
3-8 m/s en stífari SA-til.

**FÖSTUDAGUR**
3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 12° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 26° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 14° |
| París | 21° |
| San Francisco | 11° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

## FORSAGA

Þann 2. febrúar 2010 sendi Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, bæjarstjórn Kópavogs erindi þar sem athygli bæjarstjórnar var vakin á því að Blindrafélagið áliti að Kópavogsbær væri að brjóta lög og mannréttindi á lögblindum* Kópavogsbúum með því að sjá þeim ekki fyrir fullnægjandi ferðaþjónustu.

**Óskaði félagið eftir því við bæjarstjórn Kópavogs að teknar yrðu upp viðræður um með hvaða hætti best mætti tryggja blindum og sjónskertum Kópavogsbúum lögbundna og sambærilega þjónustu og félagar þeirra á höfuðborgarsvæðinu njóta.**
**Erindinu og þar með viðræðum var hafnað.**

# Verða lög og mannréttindi brotin á lögblindum* Kópavogsbúum eftir kosningar?

Nú, rétt fyrir kosningar, spyr Blindrafélagið efstu menn þeirra framboða sem bjóða fram í bæjarstjórnarkosningunum í Kópavogi eftirfarandi spurningar:

**"Mun þinn flokkur tryggja blindum og sjónskertum íbúum Kópavogsbæjar ferðaþjónustu sem uppfyllir skilyrði 35. greinar laga um málefni fatlaðra og ákvæði 20. greinar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks með sambærilegum hætti og gert er annars staðar á höfuðborgarsvæðinu?"**

### X-B Framsóknarflokkurinn:

„Við Framsóknarmenn munum tryggja að þær lagaskyldur sem settar eru á sveitarfélög með lögum nr. 59 frá 1992 séu uppfylltar og með því tryggja rétt fatlaðra."

Ómar Stefánsson
efstur á B-lista Framsóknarflokksins

### X-D Sjálfstæðisflokkurinn:

„Er það ekki rétt hjá mér að erindi þitt snýr að því hvort flokkur minn muni tryggja blindum og sjónskertum íbúum Kópavogsbæjar ferðaþjónustu sem uppfyllir skilyrði 35. greinar laga um málefni fatlaðra og ákvæði 20. greinar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, með sambærilegum hætti og gert er annars staðar á höfuðborgarsvæðinu?
Ef svo er, þá staðfesti ég að við munum gera það."

Ármann Kr. Ólafsson
efstur á D-lista Sjálfstæðisflokksins

### X-F Frjálslyndi flokkurinn

Svar barst ekki.

### X-S Samfylkingin:

„Við í Samfylkingunni munum tryggja lögbundna þjónustu og strax eftir kosningar munum við ráðast í endurskoðun á ferðaþjónustu fatlaðra í Kópavogi."

Guðríður Arnardóttir
efst á S-lista Samfylkingarinnar

### X-V Vinstri græn:

„Vinstri græn telja það skyldu samfélagsins að búa svo að öllum þegnum að þeir geti lifað og starfað og notið sín í samræmi við hæfileika sína, áhuga og getu. Akstursþjónusta er augljós þáttur í þessu verkefni. VG vilja stuðla að því að akstursmál blindra í Kópavogi verði í því horfi að til sóma sé og það er fortakslaus skylda bæjarins að fara að lögum og þeim sáttmálum sem við erum aðilar að. Því er svarið við spurningunni já."

Ólafur Þór Gunnarsson
efstur á V-lista Vinstri grænna

### X-Y Listi Kópavogsbúa

„Við teljum að bjóða þurfi blindum og sjónskertum lausn í akstursþjónustu í samræmi við þarfir þeirra, enda uppfylli slík þjónusta jafnræðisreglu. Um tvennt getur verið að ræða:
a) Fastan akstur til vinnu og tómstunda.
b) Annan akstur þar sem pantaður er flutningur með hámarks 2 tíma fyrirvara.
Framkvæmdin væri í formi þjónustusamninga við atvinnubílstjóra sem þegar starfa í bænum eða hafa áhuga á að starfa við verkefnið og afla sér réttinda til þess og þar með er hægt að tengja verkefnið við atvinnusköpun í Kópavogi því Kópavogur á að vera fyrir alla."

Rannveig Ásgeirsdóttir
efst á Y-lista Kópavogsbúa

### X-X Næst besti flokkurinn

„Stjórnmálaflokkar, hvorki Næst besti flokkurinn né hinir gömlu ónýtu flokkarnir sem hafa sóað sameiginlegum verðmætum okkar á undanförnum árum, geta tryggt velferð okkar eða réttindi.
-Hins vegar geta fulltrúar Næst besta flokksins í bæjarstjórn Kópavogs á komandi kjörtímabili sem og verðandi bæjarstjóri,leiðsögumaður Næst besta flokksins, krafist þess að yfirvöld fari að lögum og reglum í þessu máli sem og öðrum. Við í Næst besta flokknum heitum því að fara að lögum og hvetjum fulltrúa hinna framboðanna að gera það einnig. Við sem búum í Kópavogi saman eigum þennan bæ saman og við eigum öll að vera jöfn fyrir lögunum."

Hjálmar Hjálmarsson
efstur á X-lista Næst besta flokksins

## FERÐAÞJÓNUSTA BLINDRA - STUÐNINGUR TIL SJÁLFSTÆÐIS

Frá 1997 hefur lögblindum Reykvíkingum staðið til boða ferðaþjónusta með leigubílum. Þessi ferðaþjónustuúrræði í Reykjavík uppfylla að mati Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, ákvæði 35. greinar laga um málefni fatlaðra og 20. greinar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í úttekt Reykjavíkurborgar á ferðaþjónustuúrræðum fyrir fatlaða kom í ljós að **ferðaþjónusta blindra var hagkvæmasta úrræðið og bauð jafnframt bestu þjónustuna.**

**Úr lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, 35. grein:**
„Sveitarfélög skulu gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu. **Markmið** ferðaþjónustu fatlaðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift **að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda ...**"

**Úr samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 20. grein:**
„Aðildarríkin skulu gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, m.a. með því:
**a) að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem, og þegar, því hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi ...**"

***Lögblind/ur:** Sjónskerpa undir 6/60 eða sjónsvið þrengra en 10 gráður á betra auga með bestu mögulegu sjónglerjum.

# Sættir þú þig við að stofufangelsi sé hlutskipti lögblindra Kópavogsbúa?

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939
Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is

Hugtök Markaðsráðgjöf Maí 2010

## KJÖRKASSINN



*Á að fækka háskólum landsins?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 72,4% |
| NEI | 27,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú rætt beint við einhvern af frambjóðendunum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í þínu sveitarfélagi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Tveir karlmenn ákærðir fyrir þjófnað á hundruðum fornbóka og hylmingu:

# Þjófnaður á fornbókum fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Böðvar Yngvi Jakobsson og Ari Gísli Bragason hafa verið ákærðir, annar fyrir þjófnað á hundruðum fornbóka og hinn fyrir að taka við bókunum, vitandi að um þýfi var að ræða.

Böðvari Yngva er gefið að sök að hafa stolið stolið 296 fágætum bókum og átta Íslandskortum, samtals að verðmæti 40 milljónir króna, úr bókasafni Böðvars heitins Kvarans. Safnið var hýst í húsnæði móðurömmu hans í Reykjavík. Ara Gísla Bragasyni er gefið að sök að hafa tekið við um 100 fornbókum og öllum kortunum, þótt hann vissi að um þýfi væri að ræða.



**BÓKASAFN** Fornbókunum var stolið úr einstæðu bókasafni Böðvars heitins Kvaran. MYND ÚR SAFNI

Það var í lok sumars 2007 sem Hjörleifur B. Kvaran kærði bókaþjófnaðinn til lögreglu. Rannsóknin reyndist umfangsmikil, flókin og tímafrek. Margar bókanna og ritanna sem stolið var úr safninu eru afar fágæt og geysiverðmæt verk. Má þar nefna gripi eins og útgáfu af Snorra-Eddu og Völuspá frá 17. öld og Konungasögur Snorra Sturlusonar frá árinu 1633, Ólafs sögu Tryggvasonar, sem prentuð var í Skálholti árið 1689, rit eftir Nicolo og Antonio Zeno sem prentað var í Feneyjum 1558 og Olaus Magnus, sem prentuð voru í Róm 1555.

Í málinu gerir Hjörleifur B. Kvaran þá kröfu, fyrir sína hönd og skyldmenna, að ákærðu verði dæmdir til að greiða skaðabætur að fjárhæð 33.387.500 krónur. - jss

Alterna safnar GSM símum:

# Lamaðir og fatlaðir fá stuðning

**UPPLÝSINGATÆKNI** Farsímafélagið Alterna hvetur GSM notendur til að gefa gömlum og ónýtum símum framhaldslíf og koma með þá í endurnýtingu. Ágóði af söfnun félagsins rennur til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Í tilkynningu segir að Græn framtíð annist flutning á símunum til vottaðra endurnýtingarfyrirtækja. „Markmiðið með samstarfinu er að efla umhverfisvitund og stuðla að almennri endurnýtingu og endurvinnslu á farsímum hér á landi,“ segir þar. - óká


Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. // sjá meira á www.vg.is/stefna/

Almannafyrirtæki í almannaeigu




Sóley Tómasdóttir
VG Reykjavík

VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar



LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg



Stefnir þú að háskólanámi en vantar tilskilinn undirbúning?

HÁSKÓLAGRUNNUR

FRUMGREINANÁM HR BRÚAR BILIÐ

Sæktu um á www.hr.is

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK


# Gísli sér eftir leynd sem enginn bað um

**Gísli Marteinn hefur upplýst um styrki til sín fyrir síðustu kosningar. Allir sitjandi borgarfulltrúar hafa nafngreint hæstu styrkjendur. Þeir sem styrktu Gísla óskuðu ekki eftir nafnleynd, ólíkt því sem segir í gögnum Ríkisendurskoðunar.**

**STJÓRNMÁL** Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segist sjá eftir því að hafa beðið svo lengi með að gefa upp hverjir styrktu hann fyrir borgarstjórnarkosningar 2006. Fáránlegt hafi verið að gera það ekki fyrr, en Gísli skilaði sjálfum tölunum, án þess að greina frá því hverjir styrktu hann, til Ríkisendurskoðunar í fyrra.

Hann greindi í gær frá nöfnum fyrirtækjanna sem styrktu hann um hálfa milljón eða meira.

Hæsti styrkurinn var frá Landsbanka, 1.050.000 krónur. Baugur reiddi fram milljón og FL Group einnig. Fjórða milljónin kom frá Kaupþingi. Ísfélag Vestmannaeyja, Saxhóll og Tryggingamiðstöðin reiddu svo fram hálfa milljón hvert fyrirtæki.

Gísli segir að með þessu sé allt talið, öll framlög fyrir kosningarnar. Alls fékk hann rúmar tíu milljónir í framlög en segir að flest framlögin hafi numið 100.000 krónum og undir.

Þegar Gísli skilaði tölunum upphaflega til Ríkisendurskoðunar sagði í gögnunum að fyrrgreind fyrirtæki hefðu „óskað nafnleyndar“. Spurður um þessa nafnleynd segir Gísli:

„Við vorum bara ekki búnir að fara í það að tala við fólk og þá stendur það auðvitað. Hins vegar eru þessi fyrirtæki meira og minna í eigu ríkisins núna. Við skrifuðum þetta bara [óskar nafnleyndar] í merkingunni að við ætluðum ekki að gefa upp nöfnin.“

Margir aðrir frambjóðendur gáfu Ríkisendurskoðun upp styrki frá þessum fyrirtækjum. Af hverju gerði Gísli það ekki?

„Það þurfti ekki að gera það og ég var bara að vona að þetta væri nóg en svo er það ekki og ég vildi bara óska að ég hefði gefið þetta allt upp á sínum tíma,“ segir Gísli og bendir á að hann hafi ekki verið skyldugur til að birta neitt.



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** Borgarfulltrúinn fékk styrki frá félögum Jóns Ásgeirs og Landsbanka og Kaupþingi. Einnig frá fólki sem talið er til stuðningsmanna Davíðs Oddssonar. Gísli segir þetta til marks um hversu breiðs stuðnings hann hafi notið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ég vildi bara óska að ég hefði gefið þetta allt upp á sínum tíma.
>
> GÍSLI MARTEINN BALDURSSON
> BORGARFULLTRÚI

Nokkrir meðframbjóðendur Gísla gáfu engar tölur upp fyrr en Fréttablaðið sóttist eftir því fyrir prófkjör Sjálfstæðisflokksins í janúar.

Júlíus Vífill Ingvarsson sagði blaðinu í gær frá styrk sem hann þáði af vini sínum sem þá var í verktaka- og byggingarstarfsemi, Snorra Hjaltasyni, upp á liðlega 500.000 krónur. Þá hafa hafa allir sitjandi borgarfulltrúar nafngreint framlög fyrir síðustu kosningar, upp á 500.000 krónur eða meira.

klemens@frettabladid.is

**Styrkir Gísla Marteins**

| Fyrirtæki: | Upphæð: |
|---|---|
| Landsbankinn: | 1.050.000 |
| Baugur: | 1.000.000 |
| FL Group: | 1.000.000 |
| Kaupþing: | 1.000.000 |
| Ísfélagið í Vestmannaeyjum: | 500.000 |
| Saxhóll: | 500.000 |
| Tryggingamiðstöðin: | 500.000 |
| **Alls uppgefið:** | **5.500.000** |
| Aðrir lögaðilar: | 2.566.000 * |
| Einstaklingar: | 2.251.000* |
| **Alls í styrki:** | **10.367.000** |

*Styrkir undir 500.000 krónum eru óútskýrðir hjá Gísla eins og öðrum frambjóðendum.

Stefnir í erfiðar viðræður um nýjan kjarasamning í haust segir forseti ASÍ:

# Launafólk vill launahækkun

**KJARAMÁL** Væntingar launafólks eru þær að laun hækki með nýjum kjarasamningum í haust, segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Formenn aðildarfélaga ASÍ funduðu í gær, og segir Gylfi þungt hljóð í formönnunum.

Kjarasamningar eru lausir í lok nóvember, og segir Gylfi pirring og ergelsi mikið innan raða ASÍ. Hreyfingin hafi tekið mikið á sig í síðustu samningum, en almennt telji menn að erfiðlega hafi gengið hjá stjórnvöldum að koma sínum málum í gegn.

„Ég spái ekki verkföllum, en reynslan sýnir að stjórnmálamenn hlusta best þegar samningar eru lausir,“ segir Gylfi. Hann segir mikla áherslu lagða á samstöðu launafólks, og því sé undirbúningur fyrir viðræður um nýjan kjarasamning þegar hafinn.

Auk þess að krefjast launahækkana verður lögð áhersla á efnahags- og atvinnumál, segir Gylfi. Hann segir ekki sjálfgefið að menn vilji leggja mikið á sig fyrir loforð um úrbætur í efnahags- og atvinnumálum. Þær fórnir sem launafólk hafi fært í þeim tilgangi í síðustu samningum hafi litlu skilað.



**VERKFALL** Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segist ekki spá verkföllum í haust, en ljóst sé að mikil óánægja sé með aðgerðaleysi stjórnvalda meðal aðildarfélaga ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í yfirlýsingu frá forsætisráðuneytinu, sem send var fjölmiðlum í kjölfar fundar formanna ASÍ, er vísað á bug staðhæfingum um aðgerðaleysi stjórnvalda í atvinnumálum. - bj

# VORTILTEKT!

## LÝKUR Á LAUGARDAGINN!



**KING KOIL CORSICA**
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 249.636 kr.
**NÚ MEÐ 40% AFSLÆTTI**
**149.782 kr.**
**= 99.854 kr. AFSLÁTTUR**

**CORSICA PLUSH/FIRM**
- 5 svæðaskipt Svefnsvæði
- 5 svæðaskipt Sleep design gormakerfi eitt það fullkomnasta á markaðnum í dag
- Tvíhert sérvalið stál í gormunum
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

# NÚ HREINSUM VIÐ ÚT

# 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, á næstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**



COMFORT solutions®
By King Koil®

## ÁTTU VON Á GESTUM?



Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.

ARGH! 240510

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hversu marga borgarfulltrúa fær Besti flokkurinn í komandi kosningum ef marka má nýjustu skoðanakönnunina?*

2 *Hvaða hljómsveit hefur tekið upp nýja útgáfu af laginu Húsið og ég ásamt Helga Björnssyni?*

3 *Hver skoraði bæði mörk Fram á síðustu mínútunum gegn Fylki í úrvalsdeild karla í knattspyrnu í fyrrakvöld?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgar um þrjú prósent á milli ára:

# Beiðnum um vistun fjölgar um fjórðung

**BARNAVERNDARMÁL** Umsóknum um vistun barna á meðferðarheimili fjölgaði um 26 prósent fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 miðað við sama tímabil árið á undan, að því er fram kemur í nýrri samantekt Barnaverndarstofu. „Fyrstu þrjá mánuði ársins 2009 voru 38 umsóknir, en fjölgaði í 48 sama tímabil árið 2010,“ segir þar.

Barnaverndarstofa birti í gær samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda samkvæmt sískráningu nefndanna fyrstu þrjá mánuði áranna 2009 og 2010. Fram kemur að tilkynningum fjölgaði um þrjú prósent. „Nokkur munur er eftir landsvæðum en tilkynningum fækkaði lítillega á höfuðborgarsvæðinu en fjölgaði á landsbyggðinni um 10 prósent,“ segir í samantektinni, en sem fyrr varða flestar tilkynningarnar svokallaða áhættuhegðun barna, eða 49,2 prósent. „Þá hækkaði hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða frá því að vera 3,7 prósent tilkynninga fyrstu þrjá mánuði ársins 2009 í 5,8 prósent fyrstu þrjá mánuði ársins 2010.“

Þá kemur fram í samantekt Barnaverndarstofu að flestar tilkynningar til barnaverndarnefnda komi frá lögreglu, eða rétt tæpur helmingur. Er það óbreytt milli ára. **- óká**



**LÖGREGLA** Alls fengu barnaverndarnefndir sendar tilkynningar fyrstu þrjá mánuði ársins vegna 1.993 barna, flestar frá lögreglunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Siemens þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á tilboðsverði.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


# Hross bar pestina líklega til Þýskalands

**Grunur leikur á að hross sem flutt var út til Evrópu nýlega hafi smitað hross á búgarði þar af hestapestinni sem geisar hér á landi. Þetta segir Björn Steinbjörnsson dýralæknir. Pestin virðist ekki í rénun. Stór hrossabú eru víða óstarfhæf.**

**HESTAMENNSKA** Hrossapestin sem geisað hefur hér á landi virðist ekki í rénun. Stór hrossabú eru víða óstarfhæf og þekkt að folöld hafi fæðst veik. Grunur leikur á að hross sem flutt var út til Þýskalands nýlega hafi smitað hross á búgarði þar. Þetta segir Björn Steinbjörnsson dýralæknir sem kortlagt hefur útbreiðslu pestarinnar.

„Mér er sagt að pestin breiðist hraðar út í Eyjafirði en áður og að nú sé mikið um nýsmit þar,“ segir Björn. „Skagafjörður er langt kominn, en þar hefur pestin staðið frá því í mars og dreifst um fjörðinn. Enn er mikið smit í búum á Vesturlandi og enn meira á Suðurlandi. Í síðarnefnda fjórðungnum eru heilu búin óstarfhæf og sér ekki enn fyrir endann á því.“

Björn kveðst ekki geta fullyrt hvort pestin hafi náð hámarki.

„Við Susanne Braun dýralæknir eyddum allri hvítasunnuhelginni í að meðhöndla hross á þremur stórum ræktunarbúum. Þar eru flest hross sjúk, misjafnlega mikið að vísu, en það lítur ekki vel út með það að þau fari á landsmót. Þó að þessi hross yrðu reiðfær eftir tvær vikur þá er þjálfunartíminn skammur fram að landsmóti.“

Björn segist alls ekki geta séð að hross sem veikst hafa hafi komið sér upp ónæmi fyrir veirunni.

„Ég hef séð þó nokkuð af hrossum sem eru að smitast í annað sinn. Þau hafa veikst og náð sér, en virðast svo hafa fengið nýsmit aftur. Ég þori ekki að fullyrða þetta en það er eins og þau hafi smitast aftur, áður en brúkun hófst eftir fyrri pestina.“



**BLÓÐPRUFUR UTAN** Björn Steinbjörnsson og Susanne Braun dýralæknar voru að meðhöndla blóðprufur úr sýktum hrossum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég hef séð þó nokkuð af hrossum sem eru að smitast í annað sinn.
>
> BJÖRN STEINBJÖRNSSON DÝRALÆKNIR

Björn segir að Herpes 4-vírusinn hafi verið í íslenska hrossastofninum og talinn meinlaus. Til séu aðrir herpesvírusar sem geti smitað aftur og aftur. Full ástæða sé til að rannsaka hvort þeir hafi breytt sér og séu að framkalla þessa sýkingu. Björn segir frjósemi hjá stóðhestum í sumar áhyggjuefni. Fái þeir veikina og hita eyðileggist sæðið í eistunum á þeim. Hann varar einnig við útflutningi hrossa meðan ekki er vitað hvaða smitbera sé um að ræða.

„Meðgöngutími virðist vera tvær vikur, eða lengri, áður en einkenni koma í ljós. Hross er smitberi á þessum tíma. Ég þekki dæmi þess að hross sem kom frá Íslandi til Þýskalands virðist hafa smitað önnur hross á búgarðinum þar þannig að þau hross virðast hafa fengið sömu sjúkdómseinkenni og hrossapestin framkallar á Íslandi.“

Björn og Susanne Braun vinna saman að rannsókn pestarinnar. Þau eru í sambandi við tvær rannsóknarstofur í Þýskalandi. Önnur er með efni til greiningar í leit að veirunni, en hin ráðleggur um meðferð. **jss@frettabladid.is**



ÁRSFUNDUR 2010
Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 27. maí nk., kl. 16:00, á Hilton Reykjavik Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. *„Bankahrunið og lærdómur lífeyrissjóða“* Erindi Salvarar Nordal, forstöðumanns Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Kaffihlé

3. Almenn ársfundarstörf
4. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
5. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík 17. maí 2010
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Ársskýrslu, tillögur til samþykktabreytinga og dagskrá fundarins má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á **www.lifeyrir.is**

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn


Fjölþættar breytingar á námsskrá og kennslutilhögun Menntaskólans á Akureyri:

# Mestu breytingarnar í 30 ár

**SKÓLAMÁL** Stjórnendur Menntaskólans á Akureyri hafa ráðist í umfangsmiklar breytingar á námsskrá og kennslufyrirkomulagi skólans. Eru þetta mestu breytingar sem gerðar hafa verið frá því áfangakerfi var tekið upp fyrir 30 árum. Hugmyndin að baki breytingunum er að auka virkni nemenda og ábyrgð þeirra á námi sínu.

Nýr áfangi, Íslandsáfangi, verður tekinn upp við Menntaskólann á Akureyri í haust. Er honum ætlað að skerpa sýn og auka skilning nemenda á landinu, þjóðinni og tungunni. Í áfanganum, sem verður kenndur á fyrsta ári, verður upplýsingatækni samofin verkefnavinnu og sérstaklega hugað að læsi og beitingu móðurmálsins, bæði í ræðu og riti. Virk þátttaka nemenda liggur til grundvallar og er mikið lagt upp úr að glæða áhuga þeirra á umhverfi sínu og náminu almennt. Sækja nemendur fróðleik og gögn í vettvangsferðum og fer námið fram utan skólans sem innan.

Aðrar grundvallarbreytingar á námsskrá MA felast í svokölluðum velgengnisdögum á öllum önnum þar sem hefðbundin kennsla verður brotin upp, lokaverkefni sem allir nemendur þurfa að ljúka á fjórða ári og færslu dönskukennslu af fyrsta ári yfir á þriðja ár. Sú breyting mun ekki síst gagnast þeim nemendum sem halda til háskólanáms á Norðurlöndunum að loknu stúdentsprófi. **- bþs**



**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI** Nemendur á fyrsta ári munu sækja fróðleik og gögn í vettvangsferðum í nýjum Íslandsáfanga.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Taktu flugið

**Nettilboð 26. maí–11. júní**

## Til og frá Reykjavík:

- » Akureyri **6.190 kr.**
- » Egilsstaðir **7.190 kr.**
- » Ísafjörður **6.190 kr.**
- » Vestmannaeyjar **5.190 kr**

Verð aðra leið með sköttum. Takmarkað sætaframboð.

**Einungis bókanlegt á flugfelag.is**

→ flugfelag.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 50422 05/2010

# Þvoðu áhyggjulaus

Hvítt og litað aldrei saman í þvottavélina?
Það er nú liðin tíð! Lita- og óhreinindagildran dregur í sig umframlit og óhreinindi þvottarins. Þú þarft ekki að hafa áhyggjur lengur af því að blanda saman litum.

Allir litir saman í vélina.
Prófaðu bara




Dr. Beckmann

Fækkum þvottum, spörum raforku og vatnið sem er okkur svo kært.



Auglýsingasími
512 54 01




Allt sem þú þarft...


# Barist við háar skuldir

**Ekki er að merkja hápólitískan ágreining milli framboðanna þriggja í Fjarðabyggð. Flestir róa á svipuð mið og virðast ætla að standa saman um nokkur stórmál, hvernig sem kosningarnar fara.**



**VIÐ BRYGGJUNA Á STÖÐVARFIRÐI** Sex byggðakjarnar eru í Fjarðabyggð: Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.

Nokkur samhljómur er í máli oddvita framboðanna þriggja í Fjarðabyggð. Allir tala um fjármál sveitarfélagsins en skuldir þess eru miklar. Allir berjast gegn áformum ríkisstjórnarinnar um fyrningu kvóta og allir óttast að störfum á vegum ríkisins verði fækkað enn meira en orðið er. Enn fremur leggja þeir allir ríka áherslu á að ríkið ráðist í vegaframkvæmdir í sveitarfélaginu og eru Norðfjarðargöng þar helst nefnd.

Í síðustu kosningum hlaut Fjarðalistinn fjóra fulltrúa, Sjálfstæðisflokkur þrjá og Framsóknarflokkur tvo. Auk þeirra var Biðlistinn í framboði en fékk ekki mann kjörinn. Fjarðalistinn og Framsókn eru í meirihluta og hafa verið síðustu tvö kjörtímabil.

Fjarðabyggð er af landfræðilegum orsökum um margt ólík flestum sveitarfélögum landsins. Byggðakjarnarnir eru sex sem kostar sitt. Til dæmis eru sex grunnskólar og fimm leikskólar í bæjarfélaginu. Til samanburðar má nefna að á Seltjarnarnesi, þar sem svipaður fjöldi fólks býr, er einn grunnskóli og tveir leikskólar.

Skuldastaða Fjarðabyggðar er erfið. Sveitarfélagið skuldar tæpa tólf milljarða króna en skuldirnar jukust til muna við fall krónunnar 2008. Til þeirra var einkum stofnað vegna framkvæmda sem sveitarfélagið réðist í til að mæta breyttum aðstæðum vegna tilkomu álversins í Reyðarfirði. Talsmenn allra framboða eru sammála um að vinna þurfi ötullega að því að greiða niður skuldirnar.

Öfugt við mörg önnur sveitarfélög og landsvæði er ágætt atvinnuástand í Fjarðabyggð. Atvinnumál brenna því ekki sérstaklega á fólki. Á hinn bóginn er í gjörvallri Fjarðabyggð einörð andstaða við áform ríkisstjórnarinnar um að fyrna kvóta. Öll framboð ætla að berjast gegn þeim og segja framtíðina í húfi. Um fjögur hundruð

## Fjármálin þurfa að komast í lag



„Við leggjum mesta áherslu á að ná sveitarfélaginu upp úr erfiðum fjárhag," segir Jens Garðar Helgason, oddviti Sjálfstæðisflokksins. „Skuldir sveitarfélagsins eru 11,8 milljarðar, þær hækkuðu um þriðjung vegna gengisfallsins, og það var 570 milljóna króna halli á síðasta ári. Upp úr þessu þurfum við að komast." Ráðist hafi verið í ýmsar kostnaðarsamar framkvæmdir.
Auk fjármálanna segir Jens Garðar mikilvægt að berjast gegn fækkun starfa á vegum ríkisins í sveitarfélaginu. „Þegar hefur mikið verið skorið niður og frekari niðurskurður er boðaður. Við þurfum að standa í lappirnar gagnvart því. Við þurfum líka að taka slaginn með sjómönnum og landvinnslufólki í baráttunni gegn fyrningarleiðinni. Þetta samfélag er fiskimannasamfélag frá gamalli tíð og menn hafa miklar áhyggjur af því að þeim grundvelli verði raskað."

Jens Garðar segir að halda þurfi vel utan um velferðarmálin, staða margra heimila sé erfið. Spurður um hugmyndir um sameiningu allra sveitarfélaga á Austurlandi segir hann afstöðu sjálfstæðismanna einfalda: þeir séu á móti þeim. „Við skulum sameina íbúa Fjarðabyggðar áður en ráðist er í frekari sameiningu. Svo þarf ríkið að klára nauðsynlegar vegabætur frá Vopnafirði til Djúpavogs áður en þetta er svo mikið sem rætt. Fyrr á ekki að eyða tíma og orku sveitarstjórnarmanna í þetta."




# Óskum eftir karlmönnum sem vakna um nætur

Fyrirtækið SagaMedica hefur verið með fæðubótarefnið SagaPro á markaði frá árinu 2005 en SagaPro er unnið úr blöðum íslenskrar ætihvannar (*Angelica archangelica*). Nú fer fram vísindarannsókn til að meta hvort SagaPro dragi úr tíðni næturþvagláta.

**Karlmönnum á aldrinum 50-80 ára, sem hafa ama af tíðum næturþvaglátum (að meðaltali 3 eða fleiri salernisferðir á nóttu), er boðið að taka þátt í rannsókn á áhrifum SagaPro.**

Alls er gert ráð fyrir 70 þátttakendum í rannsókninni. Þeim verður slembiraðað og taka annaðhvort 2 töflur af SagaPro eða 2 töflur af lyfleysu, einu sinni á dag í u.þ.b. átta vikur. Gert er ráð fyrir að hver þátttakandi komi í 4 heimsóknir á rannsóknarsetur á rannsóknartímabilinu, sem varir u.þ.b. 9 vikur.

Áhætta af þátttöku felst í hugsanlegum óþekktum aukaverkunum af notkun SagaPro. Ekki er tryggt að þátttakendur hafi ávinning af þátttöku í rannsókninni en þeir gætu fundið fyrir jákvæðum breytingum á svefnmynstri og tíðni þvagláta.

Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar og Lyfjastofnunar og vinnsla verið tilkynnt Persónuvernd.

Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa ekki skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Þátttakandi getur dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

Aðalrannsakandi er Hrefna Guðmundsdóttir sérfræðingur í lyflækningum og nýrnasjúkdómum. Rannsóknin mun fara fram á **Rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsókna ehf. – Encode**, Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík. Áhugasömum er bent á að leita frekari upplýsinga í **síma 510 9911** eða **664 9937** milli kl. 8 og 17, eða með tölvupósti á netfangið clinic@encode.is.



ENCODE
SAGAMEDICA


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

manns vinna hjá nokkrum stórum sjávarútvegsfyrirtækjum í sveitarfélaginu.

Engin stór einstök ágreiningsmál eru uppi í Fjarðabyggð. Líkt og áður var rakið eru menn sammála um margt. Áherslur eru líka svipaðar í mörgum málaflokkum. Af samtölum við heimamenn að dæma er líklegt að margir ætli að ráðstafa atkvæði sínu út á frambjóðendur fremur en málefni.

**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is



## Höfuðáhersla á að bæta fjárhagsstöðuna

„Við leggjum höfuðáherslu á að halda áfram aðgerðum til að bæta fjárhagsstöðuna," segir Jón Björn Hákonarson, oddviti Framsóknarflokksins. „Skuldastaðan er þung en reksturinn er góður og allar líkur á að okkur takist að koma okkur út úr þessu." Jón Björn segir áætlanir sem gerðar voru um uppbyggingu og framkvæmdir hafa staðist ágætlega fram að efnahagshruninu. Tekjustofnar sveitarfélagsins séu öflugir og til marks um umsvifin verði um fjórðungur allra útflutningstekna landsins til í Fjarðabyggð.

Jón Björn segir Framsóknarflokkinn ætla að lofa



fáu en reyna að standa við þau loforð sem hann gefur. „Við erum komin að þolmörkum í niðurskurði í fræðslu- og félagsmálum og þurfum að finna nýjar leiðir til að standa við bakið á þeim málaflokkum. Við þurfum líka að halda stöðu okkar gagnvart ríkinu en það hefur boðað niðurskurð í starfsemi sinni hér." Þá hafi Framsókn á stefnuskránni ýmis smærri mál sem ekki þurfi að kosta mikla peninga. Nefnir hann samstarf tón- og leikskóla, styrki til íþróttafélaganna og forvarnir.

Framsóknarflokkurinn berst gegn fyrningu kvóta og er það mat Jóns Björns að sú aðgerð yrði rothögg fyrir stóru útgerðarfélögin þrjú í sveitarfélaginu. Hann vill að ríkið ráðist í gerð Norðfjarðarganga auk annarra samgöngubóta. Margir íbúar sveitarfélagsins ferðist um langan veg til vinnu.

Jón Björn segir sjálfsagt að skoða kosti og galla þess að sameina sveitarfélögin á Austurlandi en brýnna sé að ljúka sameiningu Fjarðabyggðar.

## Ætlum að verja grunnþjónustuna



„Við erum félagshyggjuframboð og okkar helstu áherslur liggja í að verja grunnþjónustuna," segir **Elvar Jónsson,** oddviti Fjarðalistans. Hann segir ljóst að það kosti peninga að verja grunnþjónustuna og að ekki sé til of mikið af þeim. Skuldastaðan sé líka erfið. „Hins vegar eru tekjurnar miklar, hér eru öflug fyrirtæki á sviði sjávarútvegs og stóriðju og það þarf að standa með þeim." Elvar segir Fjarðalistann leggjast algjörlega gegn fyrningarleiðinni, hún muni hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir sveitarfélagið. Fjárhagsstöðuna segir Elvar hafa verið í mjög góðu jafnvægi fyrir hrun. Framkvæmdir hafi verið fjármagnaðar með lánum sem allt leit út fyrir að yrði þægilegt að greiða af en við hrunið hafi þau snarhækkað.

Elvar kveðst ekki sjá fram á að Fjarðabyggð taki þátt í sameiningu sveitarfélaga á næstu árum og jafnvel áratugum. „Hér hafa orðið margar sameiningar undanfarin kjörtímabil og það er langt í frá að þeim sé lokið. Enn er mikill rígur milli svæða og margir ósáttir við ýmislegt. Ég held að það þurfi kynslóðaskipti svo allt verði slétt og fellt." Átak í samgöngumálum er á forgangslista Fjarðalistans. Þar er horft til ríkisins sem að sögn Elvars þarf að taka sér tak og einhenda sér í mikilvægar framkvæmdir á borð við Norðfjarðargöng.


# Einkabankinn í símann þinn á l.is

**Nú getur þú sinnt bankaviðskiptum í símanum þínum, hvar og hvenær sem er. Það er einfalt að skoða yfirlit yfir stöðu reikninga og kreditkorta, framkvæma millifærslur, kaupa inneign fyrir GSM síma, sækja PIN-númer fyrir VISA kreditkort, greiða inn á kreditkort og fletta upp í þjóðskrá.**

Farðu inn á l.is og prófaðu Einkabankann í símanum þínum. Innskráning er með sama hætti og þegar farið er í Einkabankann í tölvunni þinni. Þú skráir notendanafn, lykilorð og auðkennisnúmer og þar með er fyllsta öryggis gætt.



EINKABANKINN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM41760




**UMDEILD AUGLÝSING** Ekki eru allir sáttir við þessa auglýsingu um tískuvörur á Sikiley. Á auglýsingunni stendur: „Breyttu um stíl, ekki fylgja leiðtoga þínum.“ NORDICPHOTOS/AFP

Átta fyrirtæki taka höndum saman um jarðhitanýtingu í þróunarríkjunum:

# Selja þekkingu sérfræðinga

**VIÐSKIPTI** „Áhættan er of mikil að fara út í fjárfestingar í þróunarríkjum. Því seljum við þekkingu og komum henni á framfæri,“ segir Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Hann og Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR, undirrituðu í gær viljayfirlýsingu um samstarf átta fyrirtækja um að starfa saman að jarðvarmaverkefnum erlendis. OR leiðir samstarfið en að því koma þrjár stærstu verkfræðistofur landsins: Efla, Mannvit og Verkís.

Í viljayfirlýsingunni kemur fram að sérþekking þeirra fyrirtækja sem að viljayfirlýsingunni standi sé á mörgum sviðum jarðvarmanýtingar, svo sem að finna hugsanleg nýtingarsvæði, rannsókn á þeim, mat á umhverfisáhrifum, uppbyggingu virkjana og á rekstri þeirra.

Leitað verður eftir fjármögnun utanaðkomandi fjárfesta en forráðamenn OR áttu í síðasta mánuði fund með ráðamönnum japanskra banka og þróunarsjóða auk stjórnvalda um aðkomu að fjármögnun jarðhitaverkefna í þróunarríkjum. - jab



**FRÁ UNDIRRITUN** OR og sjö önnur fyrirtæki ætla að selja þekkingu sína á jarðvarma erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólátaseggs leitað eftir árás:

# Nefbraut mann á skemmtistað

**LÖGREGLUMÁL** Maður var nefbrotinn á dansgólfi 800 bars á Selfossi aðfaranótt mánudags. Ungur lágvaxinn, ljóshærður maður sló hann hnefahögg í andlitið.

Árásarmaðurinn var farinn af staðnum þegar lögreglan kom þar að. Árásarmaðurinn er, ásamt öðrum, sagður hafa verið til leiðinda á staðnum og reynt að stofna til óláta. Lögreglan á Selfossi biður þá sem voru vitni að árásinni að hafa samband í síma 480 1010. - jss

Ráðstefna á vegum Endurmenntunar HÍ og Stjórnvísi

**Umbætur í grunnstoðum samfélagsins**

Hvernig getum við nýtt gæðastjórnun?

27. maí - kl. 9:00 - 11:30 - Endurmenntun HÍ - Dunhaga 7

| | |
|---|---|
| Kl. 09:00-09:10 | **Setning ráðstefnu**<br>Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands |
| Kl. 09:10-09:30 | **Endurreisn gæðakerfisins - Saga frá Íslandsbanka**<br>Unnur Helga Kristjánsdóttir, gæðastjóri Íslandsbanka |
| Kl. 09:30- 09:50 | **Verktakar framtíðarinnar**<br>Eyjólfur Bjarnason, gæðastjóri Íslenskra aðalverktaka |
| Kl. 09:50- 10:10 | **Gagnsæ og rekjanleg stjórnsýsla byggð á ferlum og innri úttektum**<br>Svala Rún Sigurðardóttir, forstöðumaður ráðgjafasviðs FOCAL |
| | **HLÉ** |
| Kl. 10:30- 10:50 | **Kostur úttekta?**<br>Sigurður M. Harðarson, sérfræðingur hjá Nor Con ehf |
| Kl. 10:50-11:10 | **Háskólanám í gæðastjórnun - til að gera umbætur í grunnstoðum samfélagsins**<br>Dr. Helgi Þór Ingason, dósent við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands |
| Kl. 11:10-11:30 | **Pallborðsumræður** |

Fundarstjóri: Jón G. Hauksson

Aðgangur ókeypis - allir velkomnir

STJÓRNVÍSI

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS




# Óbreytt staða í Fjarðabyggð

**Fjarðalistinn og Sjálfstæðisflokkur bæta við sig fylgi í Fjarðabyggð samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Samkvæmt könnuninni verða engar breytingar á fjölda bæjarfulltrúa í bænum.**

**KÖNNUN** Meirihluti Fjarðalistans og Framsóknarflokks í Fjarðabyggð heldur í sveitarstjórnarkosningunum á laugardag, ef marka má niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi.

Fjarðalistinn er eins og í síðustu kosningum stærsti flokkurinn í Fjarðabyggð. Flokkurinn nýtur stuðnings 42,1 prósents kjósenda samkvæmt könnuninni, en fékk 33,8 prósent atkvæða í sveitarstjórnarkosningunum 2006. Stuðningur við listann hefur samkvæmt því aukist um 8,3 prósentustig.

Hafa verður í huga að atkvæðin deilast nú á þrjá flokka, en í kosningunum 2006 var fjórði flokkurinn, Biðlistinn, í kjöri. Hann býður ekki fram að þessu sinni, en fékk 5,9 prósent atkvæða árið 2006, en engan mann kjörinn.

Komi svipað hlutfall upp úr kjörkössunum á laugardag fær Fjarðalistinn fjóra bæjarfulltrúa, sama fjölda og hann er með í dag. Níu eiga sæti í bæjarstjórn Fjarðabyggðar, og fær enginn flokkur hreinan meirihluta samkvæmt könnuninni.

Alls sögðust 36,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni myndu greiða Sjálfstæðisflokknum atkvæði sitt yrði gengið til kosninga nú. Flokkurinn var með stuðning 32,6 prósenta í síðustu kosningum, og bætir því við sig 3,8 prósentum samkvæmt könnuninni. Flokkurinn fengi samkvæmt þessu sama fjölda bæjarfulltrúa og í dag, þrjá talsins.

Framsóknarflokkurinn tapar lítilsháttar fylgi frá síðustu kosningum. Flokkurinn mælist nú með stuðning 21,5 prósenta kjósenda, en fékk 25 prósenta fylgi í sveitarstjórnarkosningunum 2006.

Þrátt fyrir að tapa 3,5 prósentustigum fær flokkurinn tvo bæjarfulltrúa í kosningum verði þetta niðurstaðan í kosningunum á laugardag, sama fjölda og flokkurinn er með í dag.

Miðað við þessar niðurstöður gætu Fjarðalistinn og Framsóknarflokkurinn haldið áfram meirihlutasamstarfi sínu í Fjarðabyggð, en í raun gætu hvaða tveir flokkar sem er myndað meirihluta.

Talsverður munur er á afstöðu kynjanna. Tæplega 47 prósent kvenna sögðust ætla að kjósa Fjarðalistann, en tæplega 37 prósent karla. Karlar virðast líklegri til að kjósa Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn, en munurinn er ekki jafn mikill.

Hringt var í 600 manns þriðjudagskvöldið 25. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnakosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 55,0 prósent afstöðu.

brjann@frettabladid.is

**Ísland - næstu skref**

Getur Ísland rekið bankakerfi? Er til króna án hafta?
Hvernig náum við efnahagslegu jafnvægi?

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

**Þessar og aðrar spurningar verða ræddar í pallborðsumræðum um lausnir á aðsteðjandi vanda í efnahags- og peningamálum á Íslandi.**

**Fimmtudaginn 27. maí kl. 12:00 til 13:30 í Öskju stofu 132**


Charles


Daniel


Sigríður

Framsögumenn:

**Prófessor Charles Wyplosz** er höfundur fjölda kennslubóka og fræðigreina um hagfræði. Hann er virtur ráðgjafi ríkisstjórna m.a. Frakklands, Rússlands og Kýpur. Hann situr í stýrihópi forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í peninga- og efnahagsmálum

**Dr. Daniel Gros** er höfundur fjölda fræðibóka um myntsamstarf Evrópubandalagsins og er fyrrverandi meðlimur Delors nefndarinnar sem sá um innleiðingu evrópska myntsamstarfsins. Hann er núverandi framkvæmdastjóri Center for European Policy Studies og er stjórnarmaður í Seðlabanka Íslands.

**Dr. Sigríður Benediktsdóttir** er kennari við hagfræðideild Yale Háskóla á sviði fjármála og fjármálamarkaða. Hún er fyrrverandi hagfræðingur hjá bankastjórn Seðlabanka Bandaríkjanna og átti sæti í rannsóknarnefnd Alþingis.

Ragnar Árnason setur umræðurnar. Ársæll Valfells stýrir fundi.

**Fyrirlesturinn fer fram á ensku.**
**Allir velkomnir.**

RSE
RANNSÓKNARMIÐSTÖÐ UM SAMFÉLAGS- OG EFNAHAGSMÁL

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

# HREINLÆTISTÆKI

*- fyrir þitt heimili*

*Sumar TILBOÐ!*






Sturtusett með hitastýrðu blöndunartæki **29.900** stgr



Sturtu-stangarsett **4.900** stgr







**STURTUKLEFAR** Heill 80x80 **69.900** stgr

**BAÐKÖR** verð frá **26.800** með fótum *emilerað stál*




Hert öryggisgler  Sturtubotn og vatnslás fylgja

**STURTUHORN** 80x80 og 90x90 **29.900** stgr

til afgreiðslu af lager




**WC** stútur í vegg mjúklokandi seta **19.900** stgr




**WC** upphengt, sjálfberandi innbyggingarkassi með öllu **35.900** stgr

**WC** með mjúklokandi setu

## BOGA HVÍTIR

| | |
|---|---|
| 700 x 450 mm | 7.500.- STGR |
| 700 x 500 mm | 8.450.- STGR |
| 800 x 450 mm | 9.250.- STGR |
| 800 x 500 mm | 10.350.- STGR |
| 970 x 450 mm | 11.200.- STGR |
| 970 x 500 mm | 11.900.- STGR |
| 1120 x 550 mm | 12.700.- STGR |
| 1200 x 500 mm | 13.500.- STGR |
| 1200 x 550 mm | 14.300.- STGR |
| 1320 x 500 mm | 14.900.- STGR |
| 1450 x 500 mm | 15.900.- STGR |
| 1500 x 550 mm | 16.700.- STGR |
| 1600 x 500 mm | 17.500.- STGR |
| 1760 X 500 mm | 18.900.- STGR |

## BOGA KRÓM

| | |
|---|---|
| 700 x 450 mm | 12.700.- STGR |
| 760 x 550 mm | 15.900.- STGR |
| 800 x 500 mm | 16.700.- STGR |
| 800 x 550 mm | 17.500.- STGR |
| 1000 x 500 mm | 19.900.- STGR |
| 1120 x 550 mm | 21.500.- STGR |
| 1200 x 550 mm | 22.900.- STGF |
| 1320 x 500 mm | 23.900.- STGI |
| 1450 x 500 mm | 26.300.- STG |
| 1500 x 550 mm | 27.900.- STG |
| 1600 x 500 mm | 30.900.- STC |



## HANDKLÆÐAOFNAR

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR  KRÝSUVÍK *- hjálp til heilbrigðis*

**INNRÉTTINGAR & TÆKI** *- fyrir þitt heimili*

**www.i-t.is**

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332  i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Afturhvarf til ríkiseinokunar er ekki leiðin til að spara í rekstri háskólanna.

# Hagkvæmni og gæði

Mikið er nú rætt um hvernig standa eigi að niðurskurði í háskólakerfinu, sem mun reynast óhjákvæmilegur eins og á öðrum sviðum. Viðbrögð við tillögu Félags prófessora við ríkisháskóla, um að Háskóli Íslands taki að sér kennslu við aðra skóla – og þeir verði þannig í raun lagðir niður – hafa vakið býsna hörð viðbrögð.

Það er ekki við öðru að búast en að horft sé til þess að fækka háskólum. Sjö háskólar fyrir rúmlega þrjú hundruð þúsund manna þjóð er býsna mikið. Sömuleiðis er eðlilegt að horft sé til þess að verja flaggskipið, Háskóla Íslands, sem enn ber höfuð og herðar yfir hina skólana. Hins vegar er að ýmsu að hyggja þegar leitazt er við að spara í háskólakerfinu.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Í fyrsta lagi má ekki gleymast, að jafnágætur og Háskóli Íslands er, varð hann miklu betri við tilkomu sjálfstæðra háskóla á borð við Háskólann í Reykjavík. Vegna samkeppninnar um nemendur og kennara urðu deildir í HÍ, þar sem kennsla hafði býsna lengi verið í föstum skorðum, að hugsa hlutina upp á nýtt og bjóða betri þjónustu. Ríkiseinokun er ekki holl á markaði fyrir háskólamenntun frekar en á öðrum mörkuðum og röksemdin um að Ísland hafi ekki efni á að kenna sömu greinina í fleiri en einum skóla er því afar vafasöm.

Í öðru lagi hefur fjölgun háskóla haldizt í hendur við gífurlega fjölgun þeirra, sem vilja sækja sér háskólamenntun. Nýir háskólar hafa orðið til, en um leið hefur nemendafjöldi við HÍ margfaldazt. Ekki er líklegt að HÍ bjóðist til að kenna þúsundum nemenda til viðbótar án þess að vilja fá þau framlög ríkisins, sem fylgja hverjum nemanda. Þegar leitazt er við að spara, hlýtur að verða horft til þess hvaða háskólar kenna tilteknar greinar með hagkvæmustum hætti, um leið og horft er til gæða námsins.

Í þriðja lagi hlýtur nú að vera ástæða til að ræða það, sem lengi hefur verið tabú bæði hjá nemendum og kennurum í Háskóla Íslands, að taka upp skólagjöld við skólann. Skólagjöld, jafnvel hófleg gjöld upp á eitt til tvö hundruð þúsund krónur, myndu ekki aðeins mæta fjárþörf skólans að hluta til heldur líka draga úr þeirri gegndarlausu sóun á fé skattgreiðenda, sem lengi hefur viðgengizt í Háskóla Íslands og felst í því að fólk geti skráð sig í nám án þess að hafa raunverulegan áhuga eða getu til að ljúka því. Ótrúlega margir sækja dýra kennslu árum saman og ljúka prófi seint eða aldrei. Skólagjöld stuðla bæði að aga og sparnaði. Áhyggjum af því að skólagjöldin ógni jafnrétti til náms má mæta með sérstakri aðstoð við efnalitla nemendur, eins og tíðkast við marga háskóla. Reyndar bendir fátt til þess að skólagjöldin við sjálfstæða háskóla hér á landi hafi hingað til fælt efnalítið fólk frá námi, enda hefur Lánasjóður námsmanna lánað fyrir þeim.

Í fjórða lagi má ekki gleyma því að sama nálgunin hentar ekki öllum í háskólanámi. Skólar á borð við Háskólann á Bifröst hafa boðið upp á nám, þar sem áherzlan er meiri á hið praktíska en akademísk fræði, en engu að síður náð góðum árangri og útskrifað nemendur, sem ná góðum árangri á vinnumarkaði.

Leiðin til að spara kostnað við háskólakennslu á Íslandi er alveg áreiðanlega ekki að hverfa fimmtán ár aftur í tímann og hafa einn ríkisháskóla, heldur að hrista upp í kerfinu öllu með hagkvæmni og gæði að leiðarljósi.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt mælti með því

Gísli Marteinn Baldursson upplýsti í gær hverjir hefðu styrkt hann í prófkjöri fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2006. Gísli segist sjá eftir að hafa ekki gert það fyrr; ekkert hafi verið til fyrirstöðu að upplýsa um styrkveitendur. „Ég bara hefði átt að gera þetta fyrr,“ segir Gísli Marteinn í samtali við Mbl.is. Ekki nema von að Gísli Marteinn sjái eftir þessu. Það eru ekki góð meðmæli með stjórnmálamanni í framboði að þráast við að gera eitthvað sem allt mælir með.



### Kanadamennirnir koma

Ólafur Ragnar Grímsson, tók á dögunum á móti rúmlega 60 forystumönnum kanadískra fyrirtækja. Ræddi forsetinn við þá um áhrif fjármálakreppunnar á Íslandi, endurreisn efnahagslífsins og fleira. Þetta er merkilegt, svona í kjölfar þess að kanadíska fyrirtækið Magma hefur náð fullum yfirráðum í HS Orku. Kanadamennirnir sextíu voru hér varla fyrir forvitnisakir einar. Þeir hafa eitthvað á prjónunum. Líklegt er að innan tíðar muni berast fréttir af kaupum kanadískra fyrirtækja á hinu og þessu.

### Ólafur og gosið

Ólafur Ragnar Grímsson var í viðtali við rússneska sjónvarpsstöð í gær. Þar ræddi hann um viðbrögð Íslendinga við eldgosum og möguleika ferðaþjónustunnar. Forsetinn hefur eflaust útskýrt fyrir rússneskum áhorfendum að ferðageirinn á Íslandi hafi orðið fyrir búsifjum. Óvíst er hins vegar hvort hann hafi látið fylgja með að hluta af þeim skaða skrifa margir úr ferðaþjónustunni á forsetann og óvarleg ummæli sem hann lét falla í erlendum fjölmiðlum.



bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Árósaleiðina í atvinnumálum


Atvinnumál



Nicolai Wammen

borgarstjóri í Árósum



Dagur B. Eggertsson

oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík


Atvinnumálin eru aðalmál fyrir borgir sem glíma við kreppu. Reykjavík þarf nú að grípa til meðalsins sem virkaði í Árósum, flýta verklegum framkvæmdum og fjárfesta í viðhaldsverkefnum, skólum og endurnýjun eldri hverfa. Einhenda sér í að skapa vöxt. Leggja áherslu á nýsköpun, græna uppbyggingu og að skapa störf strax frekar en að bíða eftir því að eitthvað gerist.

Borgir eru og eiga að vera afl til vaxtar og breytinga í samfélögum. Í Árósum hefur náðst góður árangur. Borg þar sem venjulega er atvinnuleysi yfir meðaltali í Danmörku, er nú 3,6 prósent atvinnuleysi, miklu minna en við er að glíma í Reykjavík þar sem 7.000 eru atvinnulausir eða 11 prósent vinnuafls og mörg störf í hættu ef ekkert verður að gert. Í Árósum sýndu jafnaðarmenn hvernig hægt er að komast út úr erfiðu efnahagsástandi með markvissum aðgerðum. Það er hagkvæmt að skapa störfin nú frekar en að bíða.

Aðferð Árósa gekk út á að velja þær greinar sem líklegastar væru til vaxtar og styðja þær. Í Reykjavík sjáum við mörg tækifæri í ferðaþjónustu, upplýsingatækni, kvikmyndagerð, sprotafyrirtækjum og viðhaldsverkefnum þar sem hægt verður að koma vinnufúsum til starfa við iðnað og verkamannastörf. Borgaryfirvöld Árósa löðuðu til borgarinnar stærsta vindmylluframleiðanda heims sem ákvað að gera borgina að sínum höfuðstöðvum.

Ef við tökumst ekki á við atvinnuleysið, bitnar það á skólunum, frístundastarfinu og öryggi fólksins í borginni. Hvert prósent í atvinnuleysi kostar milljarð sem borgaryfirvöld verða þá að finna annars staðar. Hér þarf að vinna með höfuðborgarsvæðið allt, starfa náið með atvinnulífinu og verkalýðsfélögum og ná samstöðu um vaxtaráætlun í samfélaginu.

Ekkert annað dugar við erfiðar aðstæður en aðferðir jafnaðarmanna. Við sáum það í kreppunni miklu í Bandaríkjunum að Repúblikanar vildu bíða og sjá, það væri ekki hlutverk hins opinbera að örva atvinnulífið. Hættan er sú að þetta verði ofaná í Reykjavík því Samfylkingin er eini flokkurinn sem hefur lagt fram áætlun í atvinnumálum. Aðferð frjálshyggjunnar að gera ekkert, bíða og bíða og vona að markaðurinn leysi vandann, hefur ekki dugað til. Við þurfum breytingar í Reykjavík.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Aulabrandaraleg stjórnmálabarátta

Borgarstjórnarkosningar

Birgir Sigurðsson
rithöfundur



Jón Gnarr hefur á ferli sínum sem leikari og skemmtikraftur skapað margar eftirminnilegar persónur sem einkennast af hallæristöktum og aulafyndni. Hver man ekki sprenghlægilegan aulaháttinn þegar hann sem yfirmaður bensínstöðvar í framhaldsþáttum á Stöð tvö tók „starfsmann á plani“ til bæna?

Nú hefur Jón hins vegar boðið sig fram til borgarstjórnar. Í fyrstu héldu menn að það væri ein aulafyndnin í viðbót. Með þessu framboði væri hann um stund að breyta borgarpólitíkinni í uppistand til þess að gleðja þá mörgu Reykvíkinga sem eru illa komnir og hnípnir eftir hrunið. En Jón Gnarr hefur tekið af allan vafa: Þetta uppistand er í alvöru. Hann hefur skipt um svið. Arkað inn á svið stjórnmálanna. Samt virðist hann hafa lítið fram að færa umfram það að skemmta sér og sínum með gamalkunnum töktum á kostnað annarra framboða og núverandi borgarfulltrúa; þeir séu svo leiðinlegir en hann sjálfur svo skemmtilegur.

Þessi sérkennilega sjálfumgleði virðist falla vel í kramið. Ekki er annað að sjá en Jón Gnarr og félagar séu í þann mund að svífa inn í borgarstjórn á vængjum vinsælda hans sem skemmtikrafts. Framboðið er eins og vel heppnað show. Það er mikið klappað fyrir því. Líkt og við þráum það eitt að niðurlægingu okkar eftir hrunið verði umbreytt í eitt allsherjar grín og við losum okkur við þá sem nú sitja í borgarstjórn af því þeir séu svo „leiðinlegir“ en kjósum Jón Gnarr og kó í staðinn af því hann sé svo „skemmtilegur“. Ekki er annað að heyra á honum sjálfum en að sami mælikvarði eigi að gilda um frammistöðu skemmtikrafta og stjórnmálamanna: Stjórnmál eiga að vera skemmtileg (eins og ég) segir hann. Stundum má heyra á útlendingum og Íslendingum sem snúa heim frá fátækum þjóðum að það sé engin kreppa á Íslandi. Þeir horfa á það sem snýr út; velmegunarleg húsin, alla bílana. Gera sér ekki grein fyrir að þetta er tálsýn úr steypu og blikki, skynja ekki að á bak við það sem út snýr er fólk sem starir andvaka út í myrkrið, veltir fyrir sér hverri krónu og nær ekki endum saman: Fjörutíu prósent þjóðarinnar samkvæmt könnun en áreiðanlega fleiri. Þetta fólk þjáist. Það er reitt. Ráðalaust og hjálparvana. Velviljað fólk sem enn á vel til hnífs og skeiðar er einnig reitt og ráðalaust. Við vorum öll svikin. Særð. Rænd. Afbrotamenn náðu undir sig bankakerfinu, fjármálafyrirtækjum, stórfyrirtækjum. Þeir sugu úr þeim blóð og merg sjálfum sér til handa. Og þeir nutu til þess fulltingis valdamikilla stjórnmálamanna sem hafa óstjórnað landinu í mörg ár. Engin þjóð í Evrópu hefur verið jafn illa leikin á fjármálasviðinu á jafn skömmum tíma. Við hrærumst í loftþungu rými örvæntingar og andlegrar kreppu og þráum breytingar til góðs.

Innan skamms verða kosningar í Reykjavík. Gætum að okkur. Komum böndum á örvæntinguna. Hemjum reiðina. Teljum upp að tíu. Gefum dómgreindinni pláss. Við eigum nóg af henni. Hleypum henni að.

Spyrjum spurninga, til að mynda þessara: Er líklegt að næfurþunnar og klisjukenndar yfirlýsingar þessa framboðs Jóns Gnarr, með einstaka aulabrandara-uppbrotum, feli í sér raunverulega von um breytingar til góðs? Ennfremur: Er trúlegt að Jón Gnarr, sem er sérfræðingur í gríni, sé svo mikill sérfræðingur í borgarmálum að óhætt sé að skófla stórum hluta borgarfulltrúa burt í einni svipan svo hann og hans menn komist að? Hafa núverandi borgarfulltrúar brugðist svona herfilega? Var hrunið og afleiðingar þess þeim að kenna?

Spyrjum spurninga, til dæmis þessara: Er líklegt að meðframbjóðendur Jóns Gnarr valdi þeim erfiðu og flóknu úrlausnarefnum sem borgarstjórn þarf að kljást við? Hafa þeir þá reynslu, þekkingu og yfirsýn sem til þarf? Skoðum þá. Hvern og einn. Er ekki einhver vinsældaveiðalykt af sumum þeirra? Búa þeir ekki yfir einhverri ófullnægðri og óhollri þrá til skyndiáhrifa? Eða vilja þeir bara fá að vera með í showinu?

Spyrjum spurninga, til að mynda þessarar: Veldur Jón Gnarr sjálfur verkefnum borgarstjórnar? Felur framboð og stjórnmálabarátta hans kannski í sér það lýðskrum sem okkur ber sem ábyrgum kjósendum að sjá við?

> Er líklegt að meðframbjóðendur Jóns Gnarr valdi þeim erfiðu og flóknu úrlausnarefnum sem borgarstjórn þarf að kljást við? Hafa þeir þá reynslu, þekkingu og yfirsýn sem til þarf?

Skoðum hann. Vel og vandlega. Stöndum fast í fæturna. Höfum jarðsamband. Með óhvikulu raunsæi. Skoðum hann. Án óskhyggju. Gætum þess að láta ekki vinsældir hans sem skemmtikrafts villa okkur sýn.

Virkjum dómgreindina.Við eigum nóg af henni. Notum hana.

Spyrjum spurninga. En gefum Jóni Gnarr það sem Jón Gnarr á. Hann er góður á sínu sviði: sem skemmtikraftur hallæristakta og aulafyndni. En viljum við fá hann í borgarstjórn? Viljum við fá hann sem borgarstjóra?

treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra, sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrihreyfingin - grænt framboð ... // sjá meira á www.vg.is/stefna/

Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og

Opinn fundur í Iðnó

Verið öll velkomin!

Vinstri græn í Reykjavík boða til opins borgarafundar í Iðnó **fimmtudaginn 27. maí kl. 20** í tilefni borgarstjórnarkosninga.

Ræðumenn verða

Steingrímur J. Sigfússon og Sóley Tómasdóttir

VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar




Auglýsingasími 512 54 01

Allt sem þú þarft...

ATHUGIÐ AÐ SÖLU LÝKUR NÚ KL. 16

100.000.000
+420.000.000

520.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
**520 MILLJÓNIR**



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 420 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 26. MAÍ 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA



*Ástkær sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir*

**Jón Þorsteinsson**

frá Siglufirði

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 20. maí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 28. maí kl 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkað, þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga.
Banki: 0115-15-372748 Kt: 670697-2079.

**Kristín M. Aðalbjörnsdóttir**
**Gunnar Þór Jónsson**
**Anna K. Jónsdóttir**
**Sólrún H. Jónsdóttir**
**Margrét Hj. Jónsdóttir** **Richefeu Olivier**
**Sumarliði Þór Jónsson** **Unnur J. Guðbj.**
**og barnabörn**
**Björn Þorsteinsson** **Sigurlaug Indriðadóttir**
**Eyþór Þorsteinsson**



*Þökkum ykkur öllum sem sýnduð okkur hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Guðrúnar Sigurbjargar Tryggvadóttur**

Hvammi Húsavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hvammi fyrir frábæra umönnun.

**Tryggvi Jóhannsson** **Guðlaug Sigmarsdóttir**
**Hermann Jóhannsson** **Gerður Gísladóttir**
**Óskar Jóhannsson** **Júlía Úlfdís Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ása Sigurðardóttir**

frá Eyvindarhólum, A-Eyjafjöllum,

lést 11. maí síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát hennar.

**Baldvin Sigurðsson**
**Aðalsteinn Guðmundsson**
**Sigurður Baldvinsson** **Móeiður Skúladóttir**
**Ásdís Baldvinsdóttir** **Guðmundur Þór Brynjúlfsson**
**Guðjón Baldvinsson** **Auður Kristrún Viðarsdóttir**
**Ingunn Baldvinsdóttir** **Ragnar Þór Hartmannsson**
**Steingrímur Pétur Baldvinsson** **Steina Guðrún Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Tómas P. Óskarsson**

Sóltúni 13, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 15. maí verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 28. maí kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Karitas Jensen**
**Steinunn Margrét Tómasdóttir** **Aðalsteinn Karlsson**
**Þórunn Elín Tómasdóttir** **Kjartan Jónsson**
**Bryndís María Tómasdóttir** **Thomas Möller**
**Lára Anna Tómasdóttir** **Hörður Jón Gærdbo**
**Óskar Már Tómasson** **Auður Pálmadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Magnúsar Þórðarsonar,**

Hrafnistu Hafnarfirði áður til heimilis Hraunhvammi 4.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Hrafnistu Hafnarfirði.

**Aðstandendur.**



*Þökkum hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar föður okkar*

**Guðmundar Garðars Guðmundssonar**

**Lilja Guðmundsdóttir**
**Hrafnhildur Guðmundsdóttir**



*Hjartans þakkir til þeirra sem sýndu samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hjörleifs Guðnasonar**

Gullsmára 9, Kópavogi.

**Margrét Hjörleifsdóttir** **Eiríkur Ólafsson**
**Elín Hjörleifsdóttir** **Sumarliði Aðalsteinsson**
**Guðni Hjörleifsson** **Sigríður Margrét Vigfúsdóttir**
**Ingólfur Hjörleifsson** **Steinunn Jónsdóttir**
**og barnabörn og barna-barnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Björn Nielsen**

loftskeytamaður, Þverárseli 6, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum sunnudaginn 23. maí verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 2. júní kl. 15.00.

**Þórdís Andrésdóttir**
**Hildur Nielsen** **Sigurður Sigurjónsson**
**Andrés Nielsen** **Ásta Guðrún Jóhannsdóttir**
**og barnabörn**



*Útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Þórarins Stefánssonar**

stýrimanns,

fer fram frá Akureyrarkirkju, föstudaginn 28. maí, kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Sigurbjörg Jónsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**JOHN WAYNE (1907-1979) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Talaðu lágt, talaðu hægt og ekki segja of mikið.“*

***John Wayne var bandarískur kvikmyndaleikari þekktastur fyrir túlkun sína á karlmannlegum persónum í klassískum kúrekamyndum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ELSTU GARÐAR REYKJAVÍKUR** Jóhann Pálsson segir garða Kvosarinnar, sem almenningur veit oft ekki um, skemmtilega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GARÐYRKJUFÉLAG ÍSLANDS: 125 ÁRA

## Garðar í Kvosinni

Garðyrkjufélag Íslands var stofnað 26. maí 1885 og verður því 125 ára í dag. Fyrsta garðaganga félagsins í sumar verður haldin í kvöld. „Ég ætla að leggja áherslu á gamla garða í Kvosinni og kringum hana sem eru náttúrulega elstu garðar Reykjavíkur,“ segir Jóhann Pálsson grasafræðingur og leiðsögumaður göngunnar. „Þetta eru mjög skemmtilegir garðar sem almenningur veit oft ekki um.“

Jóhann segir að garðar miðbæjarins tengist 125 ára sögu Garðyrkjufélags Íslands nánum böndum. „Schierbeck sem ræktar Víkurkirkjugarð stofnar í raun og veru Garðyrkjufélagið ásamt nokkrum öðrum mönnum,“ upplýsir Jóhann og segir þessa menn hafa haldið Garðyrkjufélaginu uppi fyrstu árin. „Svo kemur Einar Helgason og setur á stofn Gróðrarstöðina við Laufásveg. Raunverulega eru garðar syðst í Skólavörðuholtinu meira og minna með efnivið frá Einari Helgasyni.“

Garðagangan hefst klukkan 20 í gamla Víkurkirkjugarði sem oft er kallaður Fógetagarðurinn. Gengið verður um miðborgina og komið við í nokkrum elstu görðum borgarinnar. „Í þessum hverfum, Grjótaþorpinu, Þingholtunum og sunnanverðu Skólavörðuholtinu eru alveg geysilega skemmtilegir gamlir garðar.“

Inntur eftir því hvernig tré og garðar hafi sett svip sinn á miðborgina segir Jóhann: „Ef fólk stóð á horninu á Túngötunni gat það séð nokkur fallegustu og elstu tré Reykjavíkur. Þarna sá fólk silfurreyninn í Fógetagarðinum og gamla gljávíðinn sem var þar. Síðan var fallegi álmurinn í Túngötu og í Grjótagötunni einn fallegasti reyniviður borgarinnar, því miður er búið að fella hann. Svo er náttúrulega hlynurinn á horninu á Vonarstræti og Suðurgötu.“ **martaf@frettabladid.is**




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.
Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


AFMÆLI



**LENNY KRAVITZ** söngvari er 46 ára.



**FRIÐRIK** Danakrónprins er 42 ára.



**HELENA BONHAM-CARTER** leikkona er 44 ára.



**PAM GRIER** leikkona er 61 árs.

**BÍLSKÚRSSALA** verður að Hávallagötu 16, bak við Landakotskirkju, á laugardag og sunnudag frá 11.30 til 17. Allur ágóði rennur til viðgerðar orgels og kórstarfsemi Kristskirkju.






FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









Sverrir Örn segir á stefnuskránni að sjá aftur leik á HM eftir fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fékk ferð á HM í jólagjöf

**Sverrir Örn Arnarson skellti sér á leik á HM í knattspyrnu í Þýskalandi ásamt félaga sínum fyrir fjórum árum. Fyrir utan leikinn rakst hann óvænt á gamlan vinnufélaga sinn frá Túnis í mannfjöldanum.**

„Þetta var nokkuð mikil keyrsla og við vorum dauðþreyttir þegar við komum heim, en samt var þetta auðvitað alveg frábært,“ segir Sverrir Örn Arnarson, sölumaður í Silkiborg í Danmörku, sem skaust yfir til Þýskalands í fjórar nætur til að sjá leik í HM í fótbolta, sem haldið var þar sumarið 2006, ásamt Ágústi vini sínum.

Ferðin kom þannig til að systir Sverris sótti um að fá að festa kaup á yfir hundrað miðum á leiki á HM löngu fyrir keppni, enda ásókn í miða ávallt sérstaklega mikil þegar mótin eru haldin í Evrópu. „Þetta var mikið ferli því nýtt tölvupóstfang þurfti að fylgja hverri pöntun,“ segir Sverrir. „Hún þurfti því að búa til rúmlega hundrað ný tölvupóstföng og á endanum fékk hún vilyrði fyrir tíu eða tuttugu miðum, en réði því hversu marga hún keypti. Þannig gat hún gefið mér og eiginmanni sínum miða á HM í jólagjöf, og Ágúst ákvað að skella sér með mér. Við vorum ákveðnir í að sjá leik með Spánverjum og völdum því að sjá Spán leika gegn Túnisbúum.“

Félagarnir flugu því til Frankfurt og gistu næstu fjóra dagana í tjaldi á hinum ýmsu stöðum, meðal annars í almenningsgarði og við hlið lestarteina, enda segir Sverrir þá ekki hafa haft mikla peninga milli handanna. Þeir hafi skemmt sér með knattspyrnu-aðdáendum frá öllum heimshornum og dagarnir fjórir hafi liðið á örskotsstundu.

Sjálfur leikurinn fór fram í Stuttgart og stóðu Spánverjar uppi sem sigurvegarar með þremur mörkum gegn einu. Svo skemmtilega vildi til að fyrir utan völlinn rakst Sverrir á gamlan vinnu-félaga sinn, Túnisbúa sem hafði búið á Íslandi um skeið en hafði þá flutt aftur á heimaslóðir. Þar urðu miklir fagnaðarfundir, að sögn Sverris. „Það var mjög merkilegt að ég skyldi hitta eina Túnisbúann sem ég þekki í heiminum í Þýskalandi, innan um fimmtíu þúsund manns,“ segir Sverrir.

Hann segir ferðina hafa verið ógleymanlega og að öll skipulagning HM hafi verið til fyrirmyndar í Þýskalandi. Þá hefur hann sett stefnuna á að fara aftur á HM eftir fjögur ár.

*kjartan@frettabladid.is*












**ÚTIVIST** stendur fyrir eins dags göngu til Englands, bæjar í Lundarreykjadal á sunnudag en lagt er af stað frá Botni í Botnsdal.



Stokkhólmur þykir ein fallegasta borg norðursins – ekki síst yfir sumartímann.

## Konunglegi Stokkhólmur í sumar

AUÐVELT ER AÐ FLJÚGA TIL STOKKHÓLMS OG KANNSKI EKKI ÚR VEGI AÐ FARA Í STYTTRI FERÐALÖG MEÐ STÓRAR OG BARNMARGAR FJÖLSKYLDUR YFIR SUMARTÍMANN ÞEGAR UNGVIÐIÐ ÞOLIR ILLA LANGAR VEGALENGDIR.

Stokkhólmur er sérstaklega skemmtileg borg á sumrin. Miðhluti borgarinnar er óvenjulegur, á fjórtán eyjum, og náttúran spennandi – skógi vaxnar hæðir, eyjar, klettar og vatnasvæði. Arkitektúr borgarinnar þykir með betri blöndu af gömlu og nýju á Norðurlöndunum og um leið finna ferðalangar smjörþefinn af konungdæmi landsins þar sem í einu elsta hverfi borgarinnar, Gamla Stan, má finna konungshöllina.

Borgin sjálf er barnvæn, með mikið af dýragörðum, skemmtigörðum svo sem Junibacken sem helgaður er Astrid Lindgren og endalausum blómagörðum. Þeir sem eru einir á ferð ættu hins vegar að skella sér í alvöru tyrkneskt bað – Sturebadet – þar sem engu hefur verið breytt síðustu 120 árin. Athugið þó að vissara er að bóka tíma áður þar sem baðið er vinsælt. *- jma*

# Fellihýsin greidd út í hönd

**Snemmsumars-sala fellihýsa virðist vera svipuð og í fyrra, en þá var hún með besta móti miðað við ástandið í þjóðfélaginu. Meira er um að notuð fellihýsi séu seld og keypt á frjálsum markaði.**

„Það er allt að gerast í fellihýsunum hjá okkur og til dæmis myndaðist örtröð hjá okkur síðasta laugardag. Það hefur samt verið mikið að gera allan síðasta mánuð,“ segir Ásbjörn Ásbjörnsson, sölumaður hjá Ellingsen. Ef marka má mikinn áhuga á fellihýsum er líklegt að margir kjósi að ferðast innanlands í sumar.

Ásbjörn segir snemmsumars-söluna á fellihýsum í ár vera svipaða og á síðasta ári, sem þá hafi komið starfsmönnum fyrirtækisins mikið á óvart. „Ein af helstu breytingunum er sú að notuðu vagnarnir seljast mun betur en við bjuggumst við. Þá eru þau helst að seljast á frjálsum markaði, þannig að fólk selur vagnana sína „úti á götu“ eins og sagt er og kemur svo til okkar til að uppfæra og kaupa sér nýja vagna. Hér áður fyrr komu viðskiptavinir mikið til okkar og settu gömlu vagnana upp í nýja en við finnum fyrir því að slíkt er á undanhaldi,“ segir Ásbjörn.

Hann segir þó söluna enn ekki nálgast það sem tíðkaðist fyrir hrun. Sérstaklega hafi sala á hjólhýsum staðið í stað. Stærsta breytingin sé sú að lítið eða ekkert sé nú um það að viðskiptavinir greiði fyrir fellihýsin með bankalánum. „Það er okkar tilfinning að fólk sé þegar með upphæðina tilbúna þegar það kemur til okkar og borgar út í hönd. Enda er það eðlilegt sé mið tekið af ástandinu,“ segir Ásbjörn.

Jóhannes Þórarinsson, innkaupastjóri Víkurverka sem bjóða meðal annars felli- og hjólhýsi til sölu, tekur í sama streng og segir afar lítið um að fólk kaupi slíka vagna á lánum. „Það hefur verið urrandi gott að gera hjá okkur að undanförnu, góð sala og sérstaklega mikil hreyfing í notuðu vögnunum. Ég myndi segja að salan sé að færast nær eðlilegu ástandi eftir hrunið, en við búumst ekki við að hún verði eins og rétt fyrir hrun aftur. Salan fylgir að minnsta kosti okkar áætlunum, hvort sem við höfum verið bjartsýnir eða ekki,“ segir Jóhannes.

*kjartan@frettabladid.is*



Sala á fellihýsum fer vel af stað þótt enn nálgist hún ekki það sem tíðkaðist fyrir hrun.


Melódíur minninganna er tónlistarsafn Jóns Kr. Ólafssonar á heimili hans í Bíldudal. Þar kennir margra grasa og Jón er einnig afbragðsfróður og skemmtilegur heim að sækja.



www.vestfirdir.is

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

fridaskart.is
„Fjölin hennar ömmu“



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR & GULLSMIÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Rafstilling ehf





Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

ER VAGNINN RAFMAGNSLAUS?



Setjum sólarsellur á vagna

Tilboð á rafgeymum



Tilboð á hleðslutækjum



• Mælum rafgeyminn
• Mælum virkni á sólarsellu
• Mælum útleiðslu
• Veitum ráðgjöf

Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

TUDOR

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



Volvo XC60 er fallegur bíll, straumlínulagaður og sportlegur. Útlitið sver sig í Volvo-ættina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# *Hreinræktuð akstursánægja*

**Volvo XC60 sportjeppinn er nýjasta viðbótin hjá Volvo. Öryggið er eins og ávallt sett á oddinn en þess utan eru aksturseiginleikar bílsins draumi líkastir enda nægur kraftur í bílnum og gott andrúmsloft.**

Þegar sest er í leðurklædd sæti nýja Volvo XC60 sportjeppans og bílhurðinni lokað fyllist ökumaður hugarró. Bæði er gott til þess að vita að hugað er að öllum öryggismálum eins og venjan er hjá Volvo, en auk þess er öll hönnunin til þess fallin að fylla farþega trausti. Mælaborðið er stílhreint og aðgengilegt, rými fyrir bílstjóra og farþega rúmgott.

Nú er sett í gang með því að ýta á takka. Lágvært vélarhljóðið kemur á óvart enda um dísilvél að ræða. Þegar ekið er af stað kemur einnig í ljós góð einangrun enda vegahljóð í lágmarki.

Ekki vantar kraftinn. Í bílnum sem var reynsluekinn, XC60 Momentum D5 Turbo dísil, er 2,4 lítra vél sem skilar 205 hestöflum og 420 Nm togi. Hann hentar því vel þeim sem þurfa að draga fellihýsi eða annan útilegubúnað á eftir sér í sumarfríinu.

Eyðslan er einnig ásættanleg. Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 7,5 lítrar á 100 kílómetra sem er talsvert minna en segja má um marga jeppa.

Aksturseiginleikar bílsins eru allir í hæsta gæðaflokki. Markmið hönnuðanna var enda að sameina einkenni jeppans annars vegar, með stærri dekkjum, sterkari grind og hærri lægstu punkta og hins vegar aksturseiginleika fólksbílsins. Eini gallinn sem hugsanlega mætti nefna er að enn hærra mætti vera undir bílinn svo hann gæti nýst meira sem jeppi.

Bíllinn er sjálfskiptur með sex gíra Geartronic sjálfskiptingu og líður yfir þvottabretti íslensku malarveganna eins og draumur. Ekki má fjalla um Volvo án þess að taka öryggið fyrir. Volvo XC60 er búinn ýmsum staðalbúnaði á borð við ABS, EBD hemlajöfnun, sex loftpúðum með loftpúðatjöldum í hliðargluggum, SIPS hliðarárekstrarvörn, bakhnykksvörn og spólvörn. Mesta nýjungin er þó svokallað borgaröryggi eða „city safety“. Það er í raun sjálfvirk bremsa því henni er ætlað að koma í veg fyrir aftanákeyrslur í borgarumferðinni og annars staðar þar sem bílar aka í röð á litlum hraða. Kerfið fylgist með fjarlægð milli bílsins og næsta bíls fyrir framan og hægir sjálfkrafa á bílnum aki ökumaður of nálægt og stöðvar hann alveg áður en hann skellur aftan á bílnum fyrir framan.

*solveig@frettabladid.is*

**VOLVO XC60 MOMENTUM D5 TURBO DÍSIL**

**Vél:** 2,4 l dísil
**Sjálfskiptur** geartronic 6 gíra
**Hö/Nm:** 205/420
**Eyðsla, bl. akstur:** 7,5 l/100 km
**0-100 km/klst:** 7,5 sek
**Þyngd:** 1.874 kg
**Farangursrými:** 495/1455 l

**Plús:** Mikil akstursánægja. Nægur kraftur. Falleg hönnun.

**Mínus:** Það mætti vera hærra undir hann.

**Verð:** 8.740.000 krónur




Mælaborðið er vel hannað bæði hvað varðar útlit og notagildi.


Skottið opnast og lokast sjálfkrafa þegar ýtt er á takka. Það er vel stórt og hægt að hólfa það niður.


Brúsabyggð nefnist þetta hverfi á Hólum í Hjaltadal sem leigt er út fyrir ferðamenn að sumri til. MYND/SÓLRÚN

# Gist í Brúsabyggð

**Skagafjörður er víðfeðmt hérað með marga skoðunarverða staði. Gisting er í boði víða, meðal annars á Hólum í Hjaltadal. Þar eru hús leigð út til gesta að sumri til í svokallaðri Brúsabyggð.**

Gaman er að ganga um á Hólum og skoða kirkjuna, turninn og Auðunarstofu auk þess að rölta út að styttunni af Guðmundi góða. Í sýningarsölum skólans er hægt að fræðast um fortíð staðarins og fornleifauppgröftur, sem unnið hefur verið að síðustu ár, er áhugaverður í því samhengi. Svo er hægt að fá sér sundsprett í lauginni.

Um Hólaskóg hlykkjast ótal skemmtilegir stígar og skólinn hefur gefið út göngukort með leiðum um Tröllaskaga þar sem hægt er að velja á milli stuttra gönguttúra og lengri ferða.

Í nágrenni Hóla er margt sem gefur ferðamönnum tilefni til að staldra við. Þar má nefna Samgönguminjasafn Skagafjarðar í Stóragerði. Hinn forni verslunarstaður Kolkuós er skammt undan, þar er fornleifauppgröftur í gangi við fjörukambinn. Drangey, Málmey og Þórðarhöfði setja sterkan svip á útsýnið og stutt er út á Hofsós með Vesturfarasetrinu og spánnýrri sundlaug. Í Lónskoti í Sléttuhlíð er veitingasala yfir sumarið, þar er Sölva Helgasonar minnst og enn lengra út með ströndinni er hin haganlega gerða Haganesvík.







**PLÖNTUSKIPTINGARDAGUR**
Garðyrkjufélags Íslands verður haldinn við Kaffi Flóru í Grasagarði Reykjavíkur á sunnudaginn klukkan 13.




**Nýkomin sending**



Hringborð úr graníti, einnig blómaker, útiarnar, styttur ofl. úr pottjárni.

Signature húsgögn
Opið: Má. - Fö. 12 - 18
Lau. 11 - 15

Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is




UNDRI GARÐA hreinsir
Góður í garðinn, á grillið, pottinn og pallinn
Hreinsar mosa og græna slikju
VERNDUM NÁTTÚRUNA – NOTUM UNDRA

Esju - Einingar
Við byggjum betra Ísland
www.eei.is

Esju-Einingar ehf. framleiða forsteypt einingahús í öllum stærðum og gerðum

- Einbýlishús
- Parhús /raðhús
- Fjölbýlishús
- Iðnaðarhúsnæði
- Hesthús
- Skemmur
- Bekkir, Stigar, Sorpgerði
- Útveggir
- Innveggir
- Sökklar
- Kúluplötur
- Filigranplötur
- Súlur
- Steyptir bitar

Forsteypt einingahús eru örugg, fljótleg í uppsetningu og hagkvæmur kostur

Esju-Einingar ehf. annast alla hönnun sem og burðarþols- og lagnahönnun
Mikið hagræði er að hafa alla hönnun á sama stað
Hafðu samband og leitaðu tilboða hjá okkur

Esju-Einingar ehf - Esjumelar 9 - 116 Reykjavík - sími: 511-6960, 869-2500 - haukur@eei.is




Til að minnka vinnu og viðhald í garðinum segir Þorsteinn Úlfar Björnsson skynsamlegast að planta fjölæru og gera svo sem minnst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Beð á ekki að stinga upp

**Garðvinnan getur verið tímafrek og grænir fingur ekki öllum gefnir. Þeir sem frekar vilja liggja í sólbaði en reyta arfa þurfa þó ekki að malbika blettinn því hægt er að rækta gróðurmikinn en viðhaldslítinn garð.**

„Það eru einæru plönturnar sem kalla á vinnu og til að minnka vinnu og viðhald í garðinum ætti því að planta runnum, trjám og fjölæru og grípa síðan sem minnst inn í náttúruna. Hún sér um sig sjálf, við mannfólkið erum yfirleitt meira til bölvunar en hitt,“ segir Þorsteinn Úlfar Björnsson garðyrkjufræðingur.

Hann segir að runna þurfi þó að klippa og grisja og rífa þurfi ofan af beðum þegar hættir að frysta en í það fari ein helgi að vori. Það sem eftir lifi sumars sé hægt að hafa það náðugt þó að kippa þurfi einstaka óboðnum gestum úr beðunum. Í baráttunni við illgresið segir Þorsteinn reyndar mikilvægt að róta sem minnst í beðum þar sem þau séu meltingarfæri garðsins. Ekki eigi að stinga upp beð og trjákurl geti nýst til að hefta óboðna gesti.

„Fólk gerir sér oft ekki grein fyrir því að í jarðveginum er óhemju mikið af alls konar fræjum og um leið og rótað er í honum kemst birta og súrefni að og allt fer af stað. Hægt er að setja plöntur sem þekja vel í beð, eins og hnoðra og steinbrjóta, íslensk villijarðarber eru líka fljót að þekja og svo er hægt að borða berin ef maður er fljótari en sniglarnir og fuglarnir. Eins er sniðugt að þekja beð með trjákurli en það kæfir það sem undir er.“

Þorsteinn segir flestar plöntur fjölærar og smekksatriði hvaða plöntur skuli velja saman. Lágvaxnar plöntur skuli þó staðsetja fremst í beð og hávaxnari aftast. Sniðugt sé að gera sér ferð í Grasagarðinn og skoða tegundir. Eins sé hægt að kippa villtum íslenskum jurtum með sér heim í garð og planta, sjálfur er hann til dæmis með hrútaber í garðinum sínum.

„Hrútaber eru í raun skógarbotnsplanta og þessi ákveðna planta óx á veghrygg milli hjólfara. Hún plumar sig vel hér í garðinum og hefur breitt úr sér en megnið af því sem ég er með í mínum garði eru íslenskar plöntur. Ég bjó meðal annars til holt í garðinum fyrir lágvaxinn holtagróður sem sér um sig sjálfur.“

Árið 1997 kom út eftir Þorstein bókin Villigarðurinn sem hefur þann skemmtilega undirtitil Garðyrkjuhandbók letingjans. Í henni er að finna, eins og nafnið bendir til, ráðleggingar um hvernig hafa megi sem minnst fyrir garðinum.

„Enda er miklu betra að slappa bara af í góða veðrinu en vera með nefin ofan í beðunum,“ segir Þorsteinn.

*heida@frettabladid.is*



Þeim sem leiðist að slá gras geta minnkað blettinn með hellulögn.



Þorsteinn hefur komið upp holti í garðinum heima með íslenskum plöntum.


;ALLT TÍSKA Fimmtudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Sláttuvélamarkaðurinn
Smiðjuvegi 11 S:517-2010



Reiðhjóla, Sláttuvéla og Smávélaviðgerðir
Hröð og ódýr þjónusta
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttutækjum



Verslun – Varahlutir – Verkstæði – Þjónusta

Vekjum
# Reykjavík
Málgagn Samfylkingarinnar í Reykjavík — miðvikudaginn 26. maí 2010



„Þetta virkaði hjá okkur og er nauðsynlegt til að Reykjavík komist af stað.“

**Nicolai Wammen,**
borgarstjóri Árósa

3 Kjóstu menntun



*Andri Snær Magnason skrifar*

7

**„Sem kjósandi hefur mér sjaldan fundist jafn mikil þekking og reynsla standa mér til boða og finna má í framboði þeirra Bjarna og Hjálmars.“**





Verðmætin mín 8

# „Samfylkingin með rétta planið í atvinnumálunum“

Nicolai Wammen borgarstjóri Árósa og Dagur B. Eggertsson oddviti Samfylkingarinnar eru sammála um að leiðin út úr kreppunni felist í því að fjárfesta í atvinnu. Atvinnumálin eru grunnur undir velferðina, skólana og öryggi fólksins í borginni.

„Við ákváðum í Árósum að flýta fjárfestingum og koma atvinnulífinu á hreyfingu þegar við stóðum frammi fyrir afleiðingum efnahagskreppunnar. Við flýttum fjárfestingum í skólum, leikskólum og við öldrunarheimili og lögðum áherslu á nýsköpun og grænan vöxt,“ segir Wammen.



„Venjulega hefur það verið þannig að atvinnuleysið í Árósum er hærra en almennt í Danmörku, en nú er það 3,6 prósent sem er töluvert minna en í öðrum dönskum borgum og miklu minna en hér í Reykjavík.“

Hann segir áætlun Samfylkingarinnar í atvinnumálum hina einu réttu. „Mér finnst merkilegt að Samfylkingin í borginni sé eina framboðið með alvöru plan í atvinnumálunum. En það þarf kannski ekki að koma á óvart því lausnir jafnaðarmanna hafa almennt gefist betur gegn kreppu en afskiptaleysi frjálshyggjunnar.“

Dagur B. Eggertsson segir að Reykjavík verði að takast á við vandamálið með því að hætta afskiptaleysinu.

**„Doði gengur ekki gegn atvinnuleysi. Borgin verður að byrja, taka forystu og hrinda af stað áætlun um að ná niður atvinnuleysinu og koma hjólum atvinnulífsins af stað.“**

Dagur segir fjárfestingu í atvinnu og baráttuna gegn atvinnuleysi vera grunninn að öllum öðrum verkefnum. „Hvert prósent í atvinnuleysi kostar milljarð, sem verður þá að finna annars staðar. “

Wammen tekur undir og segir að eitt standi upp úr:
**„Alvarleg vandamál kalla á alvöru lausnir og mér sýnist Samfylkingin hafa þær.“**



**GAUTI B. EGGERTSSON HAGFRÆÐINGUR SKRIFAR**

# KOSIÐ UM ATVINNU

Um hvað snúast þessar kosningar? Í stuttu máli: Í borginni er mesta atvinnuleysi sem mælst hefur síðan á kreppuárunum. Um 7.000 Reykvíkingar sem vilja vinna, sitja auðum höndum. Þetta er hreint þjóðfélagslegt tap. Stóra spurningin í íslenskum stjórnmálum er: Hvað á að gera?

Tillögur Samfylkingarinnar byggja á almennri skynsemi, reynslu annarra borga í Evrópu og hagfræðilegum rannsóknum. Tökum eitt lítið dæmi úr þessum tillögum: Flýta skal öllum mannaflsfrekum verkefnum sem blasa við borginni á næstu árum. Dæmi: Setjum sem svo að tiltekið viðhaldsverkefni þurfi að vinna ekki síðar en 2015. Flest bendir til að kreppan verði búin eftir 2–4 ár, ef marka má spár Alþjóðagjaldeyrisjóðsins og miðað við reynslu annarra þjóða af svipuðum kreppum. Árið 2015 er því líklegt að það verði erfiðara að finna vinnufúsar hendur til að vinna verkið án þess að borga mun meira en í dag. Þess vegna er skynsamlegt að hraða þessum verkefnum og nýta starfskraft sem situr auðum höndum.

Þessi aðferð stefnir fjárhag borgarinnar ekki í hættu. Ástæðan er sú að framkvæmdirnar þurfa að fara fram fyrr eða síðar. Er ekki skynsamlegt að þær séu framkvæmdar þegar hið opinbera væri að öðrum kosti að borga fólki bætur? Til lengri tíma getur þetta sparað pening, því í dag er miklu ódýrara að ráðast í viðhaldsverkefni og framkvæmdir, þegar margir iðnaðarmenn eru atvinnulausir. Til skemmri tíma geta svona aðgerðir ásamt fjölmörgum öðrum hugmyndum sem fram koma í aðgerðarlista Samfylkingarinnar, orðið lyftistöng úr kreppunni. Nú þegar liggur fyrir tilboð frá lífeyrisjóðum um fjármögnun á tiltölulega góðum kjörum þannig að ef rétt er að málum staðið þarf dæmið hér að ofan ekki að leiða til aukinna skatta, hvorki til lengri eða skemmri tíma.

Það gæti ekki verið meiri munur á stefnu núverandi meirihluta og Samfylkingarinnar. Núverandi meirihluti gerir ráð fyrir að skera niður framkvæmdir og fjárfestingar um 70 prósent á næstu árum. Þetta er að mínu mati óskynsamleg stefna sem hefði mikinn skaða í för með sér og hreint þjóðahagslegt tap. Hún minnir á þau mistök sem gerð voru af Herbert Hoover Bandaríkjaforseta í Kreppunni Miklu, á grunni frjálshyggjukreddu þess tíma, fyrir næstum heilli öld.

*Útgefandi: Samfylkingin í Reykjavík, 2010*
*Ábm. og ritstjóri: Dagný Ingadóttir*





## KVENNAKVÖLD

Það er löng hefð fyrir því að konur í Samfylkingunni komi saman í aðdraganda kosninga og geri sér glaðan dag, með vænum skammti af kvennapólitískum skilaboðum í bland. Hátt á þriðja hundrað konur hittust á uppstigningardag í Sjóminjasafninu og hlýddu á ógleymanleg ávörp frá skáldkonum og leikkonum og uppistand hinnar upprennandi Þórdísar Nadíu Semichat. Sigríður Thorlacius og Brynhildur Björnsdóttir sungu um Fröken Reykjavík og baráttusöngva af „Áfram stelpur“. Myndirnar segja meira en þúsund orð.









Samfylkingarfólk skilur greinilega að borgarkerfið þarf að vera samþætt út frá sjónarhorni barnsins en ekki stofnananna.

Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi, kennari og formaður barnahóps Velferðarvaktarinnar

## VIÐ MUNUM BERJAST

Fjórum árum af lífi borgarbúa hefur verið eytt í ábyrgðarlaust valdabrölt og tilraunastjórnmál Sjálfstæðisflokksins og milljörðum sólundað. Fjöldi íbúða stendur galtómur og heilu hverfin einungis með götum, lögnum og ljósastaurum, án bygginga. Þúsundir eru án atvinnu að berjast fyrir húsnæði sínu, leitandi á náðir líknarsamtaka um brýnustu lífsnauðsynjar. Munum að fjögur ár eru langur tími í lífi barna, unglinga og aldraðra. Fjögur ár í fátækt og vanrækslu geta markað allt líf barns og unglings. Það viljum við ekki. Fjögur ár í lífi aldraðrar manneskju í afskiptaleysi og ótta rænir hana innihaldsríku ævikvöldi. Það viljum við ekki. Þess vegna munum við berjast.



*Stefán Benediktsson skipar 10. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík*

# Lítum okkur nær

## Við höfum kvatt tímaskeið sem einkenndist af útópískum áætlunum um endurnýjun borgarinnar.

Þær áætlanir voru í samræmi við vel rökstudda stefnu um þéttingu byggðarinnar sem komst formlega á dagskrá með aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 til 2024. Skipulagið var varðað fögrum markmiðum en það var í of ríkum mæli fært fjárfestum og verktökum í borginni. Því var trúað að einkaframtakið gæti ekki haft rangt fyrir sér.

Hvað gerum við nú þegar komið hefur í ljós að hagkerfið sem átti að standa undir stóruppbyggingaráformunum reyndist vera þaulhugsað blekkingarkerfi? Hvað gerum við nú þegar við sitjum uppi með eitthvað sem líkist auðn og rústum?

### Falleg, vistvæn og hlý borg

Jú, við gerum það sem við hefðum átt að gera fyrir löngu. Við lítum okkur nær. Við ræktum garðinn okkar, hverfið okkar, borgina okkar. Við þurfum að átta okkur á þeim lífsgæðum sem borgin býr yfir eins og hún er. Við þurfum að átta okkur á staðaranda hennar, svo vitnað sé í frábæra bók Hjörleifs Stefánssonar. Við þurfum að átta okkur á sögu hennar, einkennum og sérstöðu.

Það er ágætis ráð að stíga út úr bílnum öðru hvoru og rölta um hverfi borgarinnar. Sá sem keyrir á bíl vill bara komast sem hraðast milli A og B. Það skiptir hann engu máli hvort göturnar eru fallegar, hlýlegar, skjólsælar, sólríkar. En einmitt það skiptir hinn gangandi vegfaranda öllu máli. Þess vegna er hann hinn rétti mælikvarði við skipulagningu borgarinnar, það er að segja ef við viljum búa í fallegri, vistvænni og hlýlegri borg.

*Hjálmar Sveinsson skipar 4. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík*



Ljósmynd: Olga Aleksenko

- *Gott borgarumhverfi er eitt stærsta hagsmunamál borgarbúa.*
- *Gott borgarumhverfi gerir ekki upp á milli fólks.*
- *Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnu- og búsetusvæði og myndar eina skipulagsheild.*
- *Skipulagið í borginni ætti að leiða þjónustu og verslun inn í hverfin en ekki út úr þeim.*
- *Það á að vera hafið yfir allan vafa að almannahagsmunir ráði ferðinni þegar teknar eru ákvarðanir um skipulag, en ekki sérhagsmunir fjárfesta og verktaka.*
- *Við eigum borgina saman. Berum virðingu fyrir henni.*

### 16 KÍLÓMETRA GÖNGUTÚR

Hjálmar hefur staðið fyrir borgargöngum síðustu laugardaga til þess að draga fram sérstöðu og einkenni hverfanna í borginni. Þessar vinsælu göngur sýna meðal annars fram á kosti samvinnu og samráðs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

# Verjum börnin og skólana

**Stjórnmál í borg snúast að stærstum hluta um börn og unglinga. Skólarnir okkar 46, leikskólarnir 97, frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar eru hjartsláttur borgarinnar.**

Leikskólinn geymir fyrstu minningar barna, um vináttu, leik og gleði. Lítil börn njóta sín þegar þau ná valdi á nýrri færni, þekkja söguna og samfélagið – og sig sjálf. Stærri börn taka til við að kanna næsta nágrenni skólans og stækka radíusinn í kringum miðpunktinn: heimilið. Nám fer nefnilega ekki bara fram í skólastofum, það fer fram út um alla borg, í félagsstarfi og á frístundaheimilum. Þar læra börn að hafa áhrif á umhverfi sitt, taka lýðræðislegar ákvarðanir og ná félagsfærni. Unglingsárin eru heillandi heimur og unglingar dagsins í dag eru föður- og móðurbetrungar, allir með tölu. Sköpun, framkvæmdagleði og samfélagsleg ábyrgð einkennir ungu kynslóðina í dag. Af henni getum við verið stolt.

Starfsfólk borgarinnar í leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum fær mikið út úr starfi sínu á hverjum degi. En það er líka strembið að annast um, kenna og miðla og oft eru þeir þreyttir leik- og grunnskólakennararnir og frístundaleiðbeinendurnir að loknum vinnudegi. Hagræðingaraðgerðir taka sinn toll og hafa haft áhrif á skólastarf og starfsgleði fólksins okkar. Borgarfulltrúarnir sem taka sæti í borgarstjórn eftir nokkrar vikur verða að horfast blákalt í augu við afleiðingar niðurskurðar – því börnin og allt þeirra lærdómsumhverfi mega ekki líða fyrir kreppuna.

Skólar eru miðstöðvar jafnra tækifæra. Þar eiga börn að njóta sinna styrkleika, óháð atgervi, óháð efnahag og óháð aðstæðum fjölskyldunnar. Við megum aldrei missa sjónar á því. Á hverjum degi opnar kennari augu barns fyrir nýju ævintýri og styrkir sjálfsmynd þess. Á hverjum degi kvíðir barn fyrir því að fara í skólann sinn. Bæði börnin treysta á mig og þig – að fara vel með það traust sem stefnumótun skólamála er. Við eigum börnin saman.

***Oddný Sturludóttir skipar 2. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík***



Ljósmynd: Olga Alekseenko

- *Skólar eru miðstöðvar jafnra tækifæra. Þar eiga börn að njóta sinna styrkleika, óháð atgervi, óháð efnahag og óháð aðstæðum fjölskyldunnar.*

Oddný hefur sýnt það og sannað að hún lætur sig menntamálin í borginni varða. Hún styður við uppbyggingu og þróunarstarf og lætur sér annt um bæði nemendur og starfsfólk menntastofnanna. Það er þörf á manneskju eins og Oddnýju í borgarstjórn, með þekkingu, reynslu og áhuga á menntamálum og ekki síst skilning á hvað gerir skóla að góðum skóla.

Rósa Harðardóttir, kennari í Grafarvogi



## TEKIÐ TIL Í BORGINNI

Samfylkingin varð tíu ára gömul þann 5. maí síðastliðinn – og í staðinn fyrir að halda upp á afmælið með veisluhöldum, kokkteil og ræðum var ákveðið að taka til í borginni. Samfylkingarfólk hittist laugardaginn 8. maí í öllum hverfum borgarinnar og fyllti ótal rauða poka af rusli. Margir vegfarendur voru forvitnir og ánægðir með athæfið. Að loknum störfum í hverju hverfi hittist fólk yfir grilluðum pylsum.

## „EKKI NÁÐIST Í HÖNNU BIRNU“

*13. ágúst 2008, DV. Borgarstjóraskipti.*
Fundi í Ráðhúsinu er lokið. Hanna Birna vildi ekkert segja við fjölmiðla...

*14. ágúst 2008, Vísir. Nýr meirihluti.*
Þögn hefur ríkt ... frá því að fundi Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Ólafs F. Magnússonar lauk.

*11. nóvember 2008, DV. Milljarða niðurskurður hjá borginni.*
Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur við vinnslu fréttarinnar.

*14. janúar 2009, Vísir. Niðurskurður.*
Niðurskurður kemur helst niður á velferðar- og menntasviði. Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra.

*13. febrúar 2009, Vísir. Launalækkanir borgarstarfsmanna.*
Dregið verður úr yfirvinnu. Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarstjóra...

*16. maí 2009, Vísir. Meiri niðurskurður.*
„Ég vona að það séu allir af vilja gerðir til að leysa þetta ...,“ segir Sigurður Sævarsson, talsmaður skólastjóra tónlistarskólanna. Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra ...

*24. nóvember 2009, Fréttablaðið. Breytt viðhorf til flugvallar.*
Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra ...

*1. desember 2009, Vísir. Birtir ekki fjárhagslegar upplýsingar.*
Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur – en hún hefur ekki svarað hvort hún þáði framlag frá Landsbankanum.

*19. janúar 2010, Fréttablaðið. Sagði ekki frá ferð sinni til Feneyja.*
Ekki náðist í borgarstjóra ...



Ljósmynd: Olga Alekseenko

- *Við viljum sérstaklega rækta þær greinar sem eiga möguleika á hröðum vexti næstu árin, svo sem ferðaþjónustu, upplýsingatækni, kvikmyndagerð, hönnun og aðrar skapandi greinar.*

# Vekjum Reykjavík með alvöru atvinnustefnu

**Engum dytti í hug að senda landsliðið í handbolta á alþjóðlegt mót án þess að skipuleggja æfingabúðir og setja upp skothelda áætlun.**

Atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu á í harðri samkeppni við erlendar borgir um fólk og fyrirtæki og til að standast þá samkeppni þurfum við skothelda áætlun. Mörg þúsund manns eru án atvinnu og það er algerlega óásættanlegt.

Vaxtarsamningar eru þrautreynd aðferð til að efla atvinnulíf. Í raun er vaxtarsamningur sérsniðið þjálfunarprógramm þar sem stjórnvöld, fyrirtækin sjálf og stofnanir setja sér skýr töluog tímasett markmið um fjölgun starfa og aukna veltu, verðmætasköpun og útflutningstekjur.

Ýmsum aðferðum er beitt, t.d. geta fyrirtæki fengið stuðning til að ráða rekstrarráðgjafa, háskólar koma að praktískum nýsköpunarverkefnum, fyrirtæki í sama geira vinna saman að erlendri markaðssetningu, þróunarstarfi og hærra þekkingar- og tæknistigi. Allt eykur þetta afköst, hagnað og verðmætasköpun atvinnulífsins. Allt fjölgar þetta störfum.

Samfylkingin vill að Reykjavíkurborg bjóði nágrannasveitarfélögum, ríkisstjórn, menntastofnunum og aðilum vinnumarkaðarins samstarf um vaxtarsamning fyrir atvinnulífið á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði. Ef sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hætta ekki í hreppapólitíkinni verða Reykjavík og nágrenni undir í samkeppni við útlönd um fólk og fyrirtæki. Og atvinnulausir bíða aðgerða, þeirra þolinmæði er á þrotum.

Við viljum sérstaklega rækta þær greinar sem eiga möguleika á hröðum vexti næstu árin, svo sem ferðaþjónustu, upplýsingatækni, kvikmyndagerð, hönnun og aðrar skapandi greinar. Áherslur vaxtarsamningsins eiga þó ekki síður að ná til fyrirtækja í hefðbundnum iðnaði og þjónustu en til nýrra hátækni- og sprotafyrirtækja.

Samfylkingin er ósammála þeim sem telja að afskiptaleysi sé besta leiðin til að skapa sterkt atvinnulíf. Önnur borgríki hafa frábæra reynslu af vaxtarsamningum – en Reykjavík situr með hendur í skauti. Til að skapa góð lífskjör eigum við að nýta okkur bestu lausnir erlendis frá. Við verðum að vekja Reykjavík, með alvöru atvinnustefnu.

Býður einhver betur? Atvinnulausir í Reykjavík voru 6.800 talsins þegar þetta blað fór í prentun.

***Dofri Hermannsson skipar 6. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík***

Hugverkaiðnaðurinn stendur fyrir 21% af heildarútflutningi Íslendinga. Stærð og uppbygging þessa iðnaðar er árangur af þrotlausu starfi starfsmanna fyrirtækjanna og þess góða samtarfs sem hefur verið á milli stjórnvalda, samkeppnissjóða og fyrirtækjanna á undanförnum árum. Dofri Hermannsson hefur átt ríkan þátt í þeim árangri sem hugverkaiðnaðurinn hefur náð á undanförnum árum.

Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku ehf.



Dagur B. Eggertsson oddviti Samfylkingarinnar og Nicolai Wammen borgarstjóri Árósa eru sammála um hvað skipti mestu til að koma borgum út úr kreppu:

# „Atvinnumálin eru númer eitt, tvö og þrjú. Ef við komum atvinnunni ekki af stað, þá náum við ekki að tryggja öryggi og velferð.“

**„Mér finnst mikilvægt að fólk átti sig á því þegar kemur að því að greiða atkvæði að mikilvægasta verkefnið er að tryggja atvinnu, koma hjólunum af stað.“**

Nicolai Wammen er borgarstjóri Árósa þar sem búa álíka margir og á Íslandi öllu. Hann er vinsælasti stjórnmálamaður Danmerkur vegna árangurs síns í atvinnumálum, í verkefnum um grænan vöxt og í baráttunni við kreppuna. Margir Íslendingar þekkja Árósa, hafa búið þar, stundað nám og vita að undir stjórn Nicolai hefur borgarstjórnin þar náð markverðum árangri. Atvinnuleysið er 3,6 prósent, sem er minna en í öðrum dönskum borgum, og miklu minna en hér í Reykjavík þar sem 7 þúsund manns ganga atvinnulausir og störf eru í hættu.

**Nicolai:** Bæði Reykjavík og Árósar þurfa að takast á við afleiðingar efnahagskreppunnar sem nú geisar víða um heim. Við Dagur tilheyrum báðir nýrri kynslóð jafnaðarmanna sem sækir í sögu og reynslu jafnaðarmannahreyfingarinnar. Sú saga sýnir hvernig best er að byggja samfélög upp eftir kreppu, koma vinnufúsum höndum til verka, vinna að jöfnuði og koma í veg fyrir misskiptingu. Ég er ákaflega hrifinn af því hvernig Samfylkingin tekur á atvinnumálunum og mér sýnast forystumenn hennar í Reykjavík vera með afar ábyrga og skynsama stefnu um að slá á atvinnuleysið.

**Dagur:** Við verðum fyrir alla muni að horfast í augu við það að hvert prósent í atvinnuleysi kostar okkur milljarð, og hann þurfa borgaryfirvöld einhvers staðar að fá. Við náum ekki tökum á velferðarmálunum, skólamálunum og öllum þessum mikilvægu borgarmálum ef okkur tekst ekki að vinna bug á vaxandi atvinnuleysi og verkefnaskorti. Þess vegna leggjum við svona mikið upp úr atvinnumálunum í þessum kosningum.

**Nicolai:** Margt við ástandið nú í Reykjavík er svipað því sem við stóðum frammi fyrir í Árósum þegar við byrjuðum að berjast í gegnum afleiðingar kreppunnar. Okkur hefur tekist að ná sýnilegum árangri, umfram aðrar borgir á Norðurlöndum. Við höfum náð atvinnuleysinu niður í 3,6 prósent. Það er verulegur árangur því venjulega hefur það verið svo að þegar atvinnuleysi er mikið í Danmörku, þá er það meira í Árósum en víðast annars staðar í landinu. Nú er það öfugt, við erum töluvert undir meðaltalinu.

**Dagur:** En hvað var það nákvæmlega sem þið gerðuð – og hvernig getum við hér lært af því?

**Nicolai:** Það sem við gerðum var að setja af stað atvinnuáætlun um að flýta fjárfestingum sem til stóð að fara í seinna. Við lögðum áherslu á að fjárfesta í uppbyggingarverkefnum fyrir skóla og leikskóla og öldrunarheimili. Við litum þannig á að það væri ekki hægt að bíða eftir því að aðrir tækju við sér, borgin yrði að vakna og setja af stað átak í framkvæmdum. Þessar aðgerðir höfðu svo strax áhrif við að koma fólki til starfa og komu í veg fyrir að við þyrftum að skera eins mikið niður og ella hefði orðið. Þessar aðgerðir unnu því með okkur á öllum sviðum.

**Dagur:** Mér finnst þetta mjög áhugavert, því þetta er nákvæmlega það sem við höfum verið að tala um hér í borginni fyrir daufum eyrum meirihlutans. Reykjavík verður að takast á við vandamálið með því að hætta afskiptaleysinu. Doði gengur ekki gegn atvinnuleysi. Borgin verður að byrja, taka forystu og hrinda af stað áætlun um að ná niður atvinnuleysinu og koma hjólum atvinnulífsins af stað. Frjálshyggjuhugmyndir um að best sé að bíða eftir því að markaðurinn taki við sér ganga einfaldlega ekki upp í kreppu.

**Nicolai:** Við ákváðum að horfa sérstaklega á atvinnuleysi meðal ungs fólks og takast á við það, því við gátum ekki sætt okkur við að til yrðu heilar kynslóðir atvinnulausra, sem síðan legði enn þyngri byrðar á velferðarkerfið. Við megum ekki við því að tapa ungu kynslóðinni.

**„Reykjavík verður að takast á við vandamálið með því að hætta afskiptaleysinu.“**

**Dagur:** Það versta sem hægt er að gera við þessar aðstæður er að vera aðgerðalaus og vona það besta. Allir verða að leggja afar hart að sér og að mínu viti er ekkert betra ráð en það sem jafnaðarmenn hafa lagt áherslu á alla tíð um vinnu, velferð og jöfn tækifæri.

**Nicolai:** Þið eruð ekki eina þjóðin eða fyrsta þjóðin sem gengur í gegnum kreppu og það hefur ýmislegt verið reynt. Við sáum í kreppunni miklu í Bandaríkjunum að Hoover forseti Repúblikana ætlaði að sitja hjá og bíða eftir því að markaðsöflin kæmust á lappirnar. Þeir voru ekki vanir þeirri hugsun að ríkið eða sveitarstjórnirnar ættu að taka frumkvæði til að koma atvinnulífinu af stað. Þetta gekk ekki upp hjá Repúblikönum í Ameríku og þetta á ekki eftir að virka hjá frjálshyggjufólkinu á Íslandi. Mér finnst margt benda til þess að hægri vængurinn hafi ekki lært neitt.

**Dagur:** Við þurfum fjárfestingu í atvinnumálin, samvinnu við alla þá sem geta unnið með okkur við að skapa störf og takast á við atvinnuleysið. Mér finnst mikilvægt að fólk átti sig á því þegar kemur að því að greiða atkvæði að mikilvægasta verkefnið er að tryggja atvinnu, koma hjólunum af stað. Ef okkur tekst það ekki þá þarf að skera miklu meira niður, þá kemst enginn hjá því að taka á sig meiri byrðar.

**Nicolai:** Ég er algjörlega sammála. Það þarf að sýna borgurunum að tilteknar aðferðir hafa virkað til að koma á atvinnu eftir kreppu. Þessar hugmyndir sem Samfylkingin hefur verið að vinna með eru ekki bara hugmyndir heldur

*Árósar:*
- *3,6 prósent atvinnuleysi*
- *Framkvæmdum flýtt*
- *Áhersla á framkvæmdir við skóla, leikskóla og öldrunarheimili*
- *Áhersla á grænan vöxt*

*Reykjavík:*
- *11 prósent atvinnuleysi*
- *Nauðsynlegt að taka lán til að flýta framkvæmdum*
- *Örva atvinnu til að verja skóla og velferðarkerfið fyrir niðurskurði*
- *Tækifæri fyrir grænan vöxt, nýsköpun og sprota*





## DAGUR BORGARSTJÓRI

Dagur B. Eggertsson var borgarstjóri í 100 daga meirihlutanum frá október 2007 fram í janúar 2008. Á þeim tíma mældist mikil ánægja með störf hans, í raun hefur ekki mælst jafn mikil ánægja með nokkurn borgarstjóra síðan. Í 100 daga meirihlutanum var hætt við áform Sjálfstæðismanna sem vildu selja þekkingarhlutann úr Orkuveitunni til útrásarvíkinga, stofnuð var mannréttindaskrifstofa, Kolaportinu var bjargað, framlög til sérkennslu voru stóraukin og gert átak til að bregðast við manneklu í skólum, leikskólum og félagsþjónustu. Gott samstarf var við löggæsluyfirvöld um öryggi borgarbúa og átak boðað um betri skólalóðir.
Stjórnartíð 100 daga meirihlutans lauk þegar Sjálfstæðisflokkurinn bauð Ólafi F. Magnússyni borgarstjórastólinn og ákveðið var að borgarsjóður keypti tvö hús á laugavegi fyrir 600 milljónir króna. Mikil óánægja var með þessa ráðstöfun og mótmælt á pöllum ráðhússins.



„Raunverulegt innihald og alvöru lausnir er það sem þarf.“

Ljósmynd: Hörður Sveinsson

lausnir sem hafa virkað. Þær hafa virkað í borg eins og minni. Ég er þar af leiðandi algerlega sannfærður um að áætlunin um að fjárfesta í atvinnuverkefnum er rétta lyfið við þeim meinum sem Reykvíkingar kljást við núna.

**Dagur:** Ef við tökumst ekki á við atvinnuleysið er minna til fyrir skólana, leikskólana, öldrunarheimilin. Efnahagurinn verður veikari og þá eru það hinir verst settu sem þurfa að borga mest. Breytingar verða að eiga sér stað svo börn, láglaunafólk og aldraðir verði ekki útundan í kreppunni.

**Nicolai:** Atvinnumálin eru lykillinn að öllu hinu sem þarf að gera. Annars er velferð borgaranna í hættu. Við ákváðum að einbeita okkur að grænum vexti, laða til okkar fyrirtæki í grænum iðnaði, við viljum að Árósar verði vindorkuhöfuðborg heimsins. Hvernig gerum við það? Spurðum við. Jú, við byrjuðum á að laða til okkar fremstu fyrirtækin í grænum iðnaði og náðum þeim árangri að stærsti vindmylluframleiðandi í heimi, Vestas, ætlar að setja upp sínar höfuðstöðvar í Árósum á næsta ári. Ég sé ekki annað en Reykjavík gæti stefnt að góðum árangri á sama sviði, verða græn höfuðborg. Þess vegna líst mér vel á áætlanirnar sem Samfylkingin hefur verið með um grænan vöxt í borginni.

**Dagur:** Við erum ekki eins vel sett og Árósar voru þegar kreppan skall á, því þeir höfðu fé til að setja í fjárfestingarverkefni sem við eigum ekki til. Samt tel ég að við verðum að feta í þeirra fótspor. Við verðum þá að taka eins hagstætt lán og við getum til að koma hlutunum af stað. Það er ráð sem hefur virkað gegn kreppu og við búum við það að borgarsjóður sjálfur stendur þokkalega og ræður við að taka lán til framkvæmda.

**Nicolai:** Við sjáum alveg að það er við alvarlegan vanda að glíma og erfið vandamál kalla á alvarlegar lausnir. Þess vegna er ekki nóg að benda bara á það sem er að, heldur verður að takast á við verkefnin af hörku og dugnaði. Raunverulegt innihald og alvöru lausnir er það sem þarf. Ef þessu er slegið upp í kæruleysi eða grín er hætt við að brosið endist ekki lengi eftir að kjördegi lýkur.

# BORGIN ÞARF AÐ BEITA ÖLLU AFLI Í ATVINNUMÁLUNUM



**Samfylkingin í Reykjavík stóð fyrir fundi um eflingu atvinnulífsins í Reykjavík og nágrenni í Hugmyndahúsi Háskólanna, 20. maí síðastliðinn. Allir fundarmenn voru sammála um að það verði að rífa atvinnulífið á höfuðborgarsvæðinu upp úr þeirri kyrrstöðu sem nú ríkir.**

Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar sagði að halda þyrfti áfram með úrræði í atvinnumálum, þróa þau og bæta svo þau verði til þess að bæði fólk og fyrirtæki komi sterkari inn á vinnumarkaðinn og í atvinnulífið. Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík kynnti atvinnumálastefnu flokksins en auk þess fluttu erindi Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku, Gróa Ásgeirsdóttir, formaður Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, og Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna.

Þá tóku þátt í pallborði Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar og Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins. Dagur sagði að nú væri brýnt að auka samvinnu við að koma hjólum atvinnulífsins af stað, setja metnaðarfull markmið og hrinda verkefnum í framkvæmd. „Við eigum að nýta okkur þekkingu og reynslu annarra þjóða og því býður Samfylkingin í Reykjavík öllum sveitarfélögum á svæðinu, fyrirtækjum og stuðningsstofnunum að taka höndum saman um vöxt atvinnulífsins á öllu höfuðborgarsvæðinu.“

Jón Ágúst benti á að atvinnulaust ungt fólk væri auðlind sem þyrfti að virkja með menntun. „Á næstu þremur árum þarf að fá um 3000 nýja starfsmenn með tæknimenntun til starfa í tækni- og hugverkageirann, annars færist vöxtur hans úr landi vegna skorts á menntuðu vinnuafli,“ sagði forstjóri Marorku.

Gróa sagði höfuðborgarsvæðið allt eiga gríðarlega vaxtarmöguleika í ferðaþjónustunni. Til að nýta þá til fulls þurfi hins vegar að sameina betur kraftana.

Hrafnhildur ræddi um það hvernig fjármagnið sem sett er í kvikmyndir skilar sér margfalt til baka í krónum talið, auk þeirrar auglýsingar og landkynningar sem felst í íslenskum kvikmyndum.

Halla benti á sterkt samband á milli gróskunnar í hönnun og þróunar miðborgarinnar og spurði hvernig umhorfs væri í miðborginni ef íslensk hönnun hefði þar ekki sterkan sess.

xS



**EVA H. BALDURSDÓTTIR SKIPAR 9. SÆTI Á LISTA SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK**

## ALMENNILEGUR LEIGUMARKAÐUR ER VELFERÐARMÁL

Lífið er langhlaup og stærsti kostnaðarliður þessa langhlaups er húsnæði. Ungt fólk sem er að stofna fjölskyldu, komið langt í námi eða nýskriðið á vinnumarkaðinn þarf annars vegar að geta fundið sér húsnæði og hins vegar að geta greitt af því. Hækkandi húsnæðiskostnaður vegna skuldbindinga í steinsteypu minnkar rækilega í buddunni hjá ungu fólki sem stendur frammi fyrir gríðarlega háum afborgunum.

Fjölmargar nýbyggingar voru reistar í góðærinu, bönkunum var gefinn laus taumur í lánveitingum og stjórnvöld byggðu á séreignastefnu – þar sem eignarétturinn var stefna í sjálfu sér. Og nú stöndum við frammi fyrir einum mesta vanda í sögulegu samhengi: húsnæðisvanda ungs fólks. En hvað getur Reykjavík gert?

Reykjavík og nágrannasveitarfélögin geta í sameiningu skapað skilyrði fyrir öflugan leigumarkað og búseturétt. Það gerum við með því að stuðla að vexti og viðgangi húsnæðissamvinnufélaga og leigu- og búsetusamtaka í almannaþágu. Það gerum við líka með því að skoða hvort Félagsbústaðir verði hluti af stærra húsnæðissamvinnu- og búsetturéttarfélagi alls höfuðborgarsvæðisins.

Virkur leigumarkaður hefur aldrei verið í „tísku" hér á landi. Það hefur því lengi vantað millistigið fyrir ungt fólk sem hefur ekki efni á að kaupa sér húsnæði, eða vill ekki kaupa heldur frekar leigja. Traustur leigumarkaður er því mikið hagsmunamál fyrir ungt fólk, sem og aðra.

Í raun gætu núverandi aðstæður falið í sér einstakt tækifæri til að taka stór skref í rétta átt. Hvarvetna blasir við tómt og ónotað húsnæði á meðan heil kynslóð ungs fólks er að fresta því að flytja úr foreldrahúsum. Í hverju hverfi, jafnt nýjum sem rótgrónum, standa byggingar tómar. Frá fjölmörgum sjónarhornum er hins vegar augljóst að tómt húsnæði er tómt rugl! Nýting á einhverjum hluta þessara ónotuðu fjárfestinga fyrir leiguíbúðir gæti því gert hvort tveggja, stuðlað að auknu lífi og stöðugleika á fasteignamarkaði og búið til öruggan valkost í húsnæðismálum. Virkur og mannúðlegur leigumarkaður, með hliðsjón af þjóðfélagslegum raunveruleika og rauntekjum fólks, er velferðarmál allra íbúa borgarinnar.

# Sættum okkur aldrei við fátækt í borginni

Einstæðir foreldrar og barnmargar fjölskyldur búa margar hverjar við fátækt. Á Íslandi falla 7.800 börn undir skilgreind lágtekjumörk, 11.300 eiga atvinnulausa foreldra og þar af búa 4.200 í Reykjavík. Af þeim tæplega 5.000 einstaklingum sem fengu aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar á síðasta ári voru 43% einstæðir foreldrar. Þessar tölur sýna okkur svart á hvítu að það er fátækt í Reykjavík.

Birtingarmynd fátæktarinnar er sú að foreldrar margra þessara barna geta ekki leyft þeim að stunda þau áhugamál sem hugur þeirra stendur til, þau eiga litla möguleika á að stunda tónlistarnám eða íþróttir sem kalla á mikil útgjöld.

**Ódýrari frístundir fyrir börn og fjölskyldur**

Það er stéttskipting meðal barna í Reykjavík. Frístundakortið með 25.000 króna árlegu framlagi skiptir þó miklu en dugir ekki til í mörgum tilfellum. Því vill Samfylkingin bjóða upp á ódýrara frístundastarf, í samráði við íþróttafélög og listaskóla. Við viljum líka breyta frístundakortinu þannig að t.d. afar og ömmur geti greitt inn á það eins og gjafakort vilji þau styrkja barnabörnin í uppbyggilegu starfi, og einnig gætu börn foreldra frá tekjulágum heimilum fengið aukastyrk til frístunda með hækkun á framlagi frístundakortsins.

*Björk Vilhelmsdóttir skipar 3. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík*

**Menningarfáni gegn menningarlegri fátækt**

Á Íslandi er löng og góð hefð fyrir listgreinakennslu í skólum. En aðgengi barna að listupplifunum á söfnum, hljóðfæranámi og kynnum við listafólk er afar ójafnt eftir efnahag og búsetu. Því viljum við að skólar í Reykjavík keppi að því marki að reykvísk börn njóti menningar. Listnám þarf að vera í boði á skólatíma og í skólahúsnæði og fyrstu skref í listnámi má hugsa upp á nýtt svo fleiri geti notið þess. Við viljum líka að leik- og grunnskólar og frístundaheimili móti sér menningarstefnu og auki samstarf við listamenn og menningarstofnanir, sem auðgar skólastarf og líf barnanna okkar. Til að ýta undir þessa þróun leggjum við til að skólar stefni að „menningarfána", samanber Grænfána í umhverfismennt.

Við megum aldrei sætta okkur við fjárhagslega fátækt barna. Við eigum ekki að líða stórkostlega stéttskiptingu í aðgengi barna að listnámi. Þannig samfélag viljum við ekki.



*Björk situr á kvenlegasta stað borgarinnar, minnisvarða Ólafar Nordal um kvenréttindakonuna Bríeti Bjarnhéðinsdóttur á horni Þingholtsstrætis og Amtmannsstígs.*

*Ljósmynd: Olga Alekseenko*

Það er afar mikilvægt að kjósa Björk í velferðarmálin nú þegar sveitarfélögin taka við félagslegri þjónustu við fatlaða. Þannig tryggjum við þekkingu og reynslu þeirra sem taka munu ákvarðanir.

Gerður Aagot Árnadóttir
heimilislæknir og
foreldri fatlaðs ungmennis



## 100 DAGA MEIRIHLUTINN

- Skipaður var þverpólitískur stýrihópur borgarráðs sem fór ofan í saumana á REI- málinu. Samrunanum við GGE var rift.
- Hugmyndum um einkavæðingu á grunnþjónustu var hafnað.
- Átak í starfsmannamálum til að bregðast við manneklu.
- Framlög til sérkennslu voru stóraukin.
- Mannréttindaskrifstofa var stofnuð.
- Kolaportinu var bjargað.



Frístundastrætó er frábær hugmynd. Hann mundi einfalda hlutina fyrir börnin og minnka skutlið hjá foreldrunum.

Valgerður Eiríksdóttir,
kennari í Fellaskóla

## VERIÐ ÖLL VELKOMIN

Á kjördag, laugardaginn 29. maí, verður Samfylkingin í hátíðarskapi á Hótel Borg. Kosningakaffið er frá kl. 13–16 en gleðin heldur áfram um kvöldið. Kosningavakan hefst kl. 21 og verða skemmtiatriði, diskó og æsispennandi kosningatölur í boði svo fátt eitt sé nefnt. Verið velkomin á Hótel Borg og eigið góðan kosningadag með okkur.

**Ef þörf er á keyrslu á kjörstað, þá endilega hafið samband í síma 6639774, 6639775 eða 6639776.**






## Ó REYKJAVÍK!

Hallveig, félag Ungra jafnaðarmanna í Reykjavík tók sótt á dögunum og ól í kjölfarið blað. Afkvæmið hefur verið nefnt og heitir Ó Reykjavík! og er í þessum rituðu orðum í grimmri dreifingu um alla borg. Hallveig hefur haldið skemmtikvöld á Hemma og Valda á þriðjudagskvöldum undanfarnar vikur. Þar hafa uppistandararnir úr Mið-Íslandi, Dóri DNA, Jói og Bergur Ebbi, Margrét Erla Maack og Þórdís Nadía komið fram. Rósin í hnappagatið er heimasíðan **hallveig.is**



Ljósmynd: Hörður Sveinsson

# „Trúi ekki á instant byltingar“

Það er mannskemmandi að fara í pólitík. Þetta vita allir - flestir hafa að minnsta kosti heyrt eða jafnvel sagt þennan frasa. Ég velti stundum fyrir mér hversu skaðlegur þessi frasi getur verið. Ég ætla að gefa mér að þeir sem fara út í stjórnmál vilji á einhvern hátt hafa áhrif á samfélag okkar: heilbrigðismál, menntamál, umhverfismál, jafnréttismál eða félagslega kerfið eða hvað þau heita öll þessi kerfi sem hafa orðið til á 20. öld og eru orðin svo stór hluti af lífi okkar að við tökum ekki lengur eftir þeim.



*Andri Snær Magnason skrifar*

En þegar einhver sem ég þekki og treysti segist ætla að fara út í pólitík - á ég að segja við hann: Ekki fara - það er mannskemmandi að fara í pólitík? Vil ég að pólitík sé til eða vil ég eitthvað annað kerfi? Hvaða kerfi þá? Og ef ég segi góða fólkinu að bjóða sig ekki fram, hvaða fólk vil ég þá að stýri þessum mikilvægu málaflokkum?

Ég geri mér ekki vonir um að næstu ár verði sérlega auðveld, það þýðir þó ekki endilega að hlutir þurfi að vera leiðinlegir. Samtakamáttur fólks getur verið hlaðinn jákvæðri orku og rökræður geta skilað góðri niðurstöðu og svo eru oft alveg ágæt og uppbyggileg orka í mótmælum eða reiði. En ég held að við komumst ekkert nema gott fólk sé tilbúið að leggja alla sína orku, tíma og hugsjón í þau verkefni sem framundan eru. Ég held að það sé þörf á fólki sem hefur sýnt borgaralegt hugrekki, hefur sýnt þrautseigju og fylgt hugsjónum sínum fast eftir í orði og á borði. Mér finnst að þegar slíkt fólk býður sig fram - þá eigum við að taka á móti því.

Á lista Samfylkingarinnar eru tveir frambjóðendur sem ég vil gjarnan að nái kjöri núna á laugardag. Bjarni Karlsson hefur í starfi sínu sem sóknarprestur öðlast gríðarlega þekkingu og skilning á flestum málaflokkum sem snerta nánast allt sem kalla má „lífið“ - frá vöggu til grafar. Hann hefur innsýn í málefni barna, unglinga, aldraðra og fatlaðra. Hann hefur reynslu af því að vinna með fólki á öllum aldri og af öllum stigum þjóðfélagsins og hann hefur tekið þátt í lífi fólks í gleði og sorg. Hann hefur aldrei sótt í „þægindin“, hann hefur unnið á virkan hátt gegn kynþáttafordómum og talað fyrir skilningi milli trúarhópa. Hann hefur einnig beitt sér á virkan og opinberan hátt í þágu samkynhneigðra og viðurkenningu þeirra innan þjóðkirkjunnar. Hann er óhræddur við að takast á við erfið og krefjandi viðfangsefni og hann fylgir þeim eftir af ástríðu og heilindum. Ég held að það sé mikil þörf á slíkum manni í borgarstjórn einmitt núna.

Hjálmar Sveinsson þorði að vera leiðinlegur á tímum þegar ekki mátti vera leiðinlegur eða gagnrýninn á Íslandi og það var margoft reynt að þjarma að stöðu hans í útvarpinu á sínum tíma. Á síðustu árum hefur hann vakið athygli fyrir óvenju djúpa og vandaða greiningu á þeim skipulagsvanda sem blasir við á höfuðborgarsvæðinu og verið einn af fáum sem hefur viljað hrófla við smákóngaveldinu sem er smám saman að eyðileggja höfuðborgarsvæðið með vanhugsuðum og illa skipulögðum framkvæmdum. Það þarf að laga mikið til í innviðum borgarinnar, ég held að við þurfum menn með sterka sýn til að stuðla að breytingum, svo að borgin þróist í rétta átt þegar næsta byggingarskeið hefst. Ég held að það þurfi menn sem hafa hugsað mikið og lengi um skipulagsmál og ég held að það þurfi mikla þekkingu og brennandi áhuga til að einhver breyting verði á. Þess vegna vil ég mjög gjarnan sjá Hjálmar Sveinsson komast að í borgarstjórn. Hjálmar hefur auk þess mikla þekkingu á hálendi Íslands og orkumálum á Íslandi, hann hefur skrifað og fjallað um myndlist og tónlist og skrifað um borgarskáldin sem hafa sett mark sitt á borgina og borgarlífið á síðustu árum og áratugum. Ég er alveg sannfærður um að kraftar hans og reynsla muni gagnast Reykvíkingum vel.

**„Ég held að það sé þörf á fólki sem hefur sýnt borgaralegt hugrekki, hefur sýnt þrautseigju og fylgt hugsjónum sínum fast eftir í orði og á borði.“**

Ég trúi ekki á neinar instant byltingar. Ég vona að samfélagið lagist smám saman með því að stjórnmálin laði til sín gott og reynslumikið fólk sem hefur einhverja sýn og vill láta gott af sér leiða. Ég held að fólk haldi áfram að vera fólk með öllum sínum kostum og göllum. Stjórnmál eru ekki mannskemmandi, við eigum að hvetja fólk til að taka þátt í stjórnmálum og hafa áhrif á mótun samfélagsins. Það er eina byltingin sem mér dettur í hug í augnablikinu.

Það vantar gott fólk í alla flokka, sem kjósandi hefur mér sjaldan fundist jafn mikil þekking og reynsla standa mér til boða og finna má í framboði þeirra Bjarna og Hjálmars, að öllum öðrum ólöstuðum auðvitað.




*Ættu hverfin í borginni að eiga hvert sitt merki? Grafíski hönnuðurinn Bobby Breiðholt hannaði merki fyrir átta hverfi. „Það er ekki bara á landsbyggðinni sem fólk er stolt af umhverfi sínu“, segir Bobby. Þessi merki mætti nota á ýmsan hátt til að gefa borgarlífinu lit.*



**SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR SKIPAR 7. SÆTI Á LISTA SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK**

## FJÖGURRA ÁRA FARSI AÐ BAKI

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson varð borgarstjóri eftir kosningar.

- Teknar voru upp nýjar úthlutunarreglur lóða sem kyntu undir lóðasölu og þenslu í Reykjavík.
- Bjórkælir var bannaður í ÁTVR í Austurstræti.
- Sjálfstæðisflokkurinn talaði fyrir fyrirtækjareknum leikskólum, Glitnis og Kaupþings.
- Tillaga um hlutafélagavæðingu Orkuveitunnar leit dagsins ljós.
- REI-málið sprengdi svo fyrsta meirihluta kjörtímabilsins þegar borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ákváðu að selja REI, með 20 ára einkaréttarsamningi. Þá naut GGE forkaupsréttar og Sjálfstæðisflokkurinn hafði nýverið tekið við 30 milljóna risastyrkjum frá FL-group sem átti meirihluta í GGE.

**F-listinn**

Sjálfstæðismenn nörruðu Ólaf F. Magnússon til samstarfs og gerðu hann að borgarstjóra. Meirihlutaskiptin fóru fram við kröftug mótmæli borgarbúa.

- Verðmiðinn fyrir völdin voru 580 milljónir til að kaupa húsin við Laugaveg 4 og 6.

**Meirihluti Hönnu Birnu og Óskars**

- Strax voru gefnar stórkarlalegar yfirlýsingar um að herða á framkvæmdum og þar með auka skuldir OR sem hafa vaxið um 400% á kjörtímabilinu.
- Milljarður var settur í viðbótargreiðslur umfram samninga til verktaka.
- Orkuveita Reykjavíkur seldi hlut í HS Orku til skúffufyrirtækisins Magma Sweden. Greiðslan var kúlulán til sjö ára með veði í bréfunum sjálfum.
- Dýrt húsnæði er leigt af einkaaðilum á meðan húsnæði borgarinnar stendur víða hálf tómt, meðal annars Ráðhús Reykjavíkur.
- Nú er rætt um að auglýsa eftir skipulagseignum til að kaupa í miðbænum fyrir allt að 400 milljónir, sem taka á að láni.

Síðasta kjörtímabil er ekki mælikvarði sem við eigum að sætta okkur við. Borgarbúar eiga betra skilið. Nú er komið nóg af sérhagsmunagæslu og rugli. Nú er kominn tími á vönduð vinnubrögð, samhug og jöfn tækifæri. Undir forystu Samfylkingarinnar getum við unnið okkur út úr kreppunni með markvissum hætti. Farsinn verður að taka enda, boltinn er hjá kjósendum.



LÁRA BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR PISTLAHÖFUNDUR HEFUR LOKAORÐIÐ

## VERÐMÆTIN MÍN

Foreldrar barna með sérþarfir eiga allir frekar svipaða sögu. Við höfum öll þurft að hafa töluvert fyrir því að börnin okkar fái að ganga í sína hverfisskóla. Við þurfum að halda fundi með stjórnendum, oftar en ekki að okkar frumkvæði, til að greina frá þörfum barnanna okkar. Við þurfum sum að auglýsa sjálf eftir starfsfólki til að annast börnin okkar. Við höfum mætt fordómum og vanþekkingu um fötlun barnanna okkar innan skólakerfisins. Og ofan á allt búum við við stöðugar áhyggjur af því að þjónusta við börnin okkar kunni að skerðast. En sú þjónusta gerir börnunum okkar einmitt kleift að njóta sama réttar og önnur börn.

**Jöfn tækifæri**

Og hver er sá réttur? Jú, rétturinn til að ganga í skólann sinn. Við erum ekki að fara fram á neitt annað. Öll börn eiga að njóta sama réttar til menntunar samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Eins og ég lít á þetta sem kjósandi þá er „óhjákvæmilegur niðurskurður“ í velferðarmálum og málefnum fatlaðra nokkuð sem á ekki að vera í boði. Það er jafn nauðsynlegt fyrir barn með sérþarfir að fá aðstoð og að eiga daglega samskipti við börn með venjulegar þarfir. Stuðningur við börnin okkar snýst auðvitað um grundvallarréttindi fyrir börnin sjálf en stuðningur við þau er til hagsbóta fyrir allt samfélagið. Fái þessi börn sömu tækifæri til að blómstra geta þau skapað jafn mikil verðmæti fyrir samfélagið og aðrir.

**Efst í huga**

Mér finnst erfitt að hugsa til allra þeirra foreldra sem nú búa við stöðugar áhyggjur af niðurskurði. Vegna þess að við elskum börnin okkar sjáum við verðmætin sem búa í þeim og gerum allt sem við getum til að hlúa að þessum verðmætum og gæta réttar þeirra. Og hjá mér, móður barns með sérþarfir, verður þetta málefni efst í huga þegar ég kýs 29. maí næstkomandi.

xS

Samfylkingin

*Vinnustöð XS Reykjavík*
*Hafnarstræti 20, 2. hæð*
*Sími 517 0980*

# 24 góðar ástæður til að kjósa Samfylkinguna

**1.**



Samfylkingin er eini flokkurinn með raunhæfa áætlun um aukna atvinnu í borginni.

**2.** Oddný hefur sannað sig sem kraftmikil umbótakona í skólamálum.



**3.** Það þarf að gera leiguhúsnæði að öruggum valkosti.



**4.** Það er kominn tími á samvinnu sveitarfélaga í stað samkeppni.



**5.** Það þarf betri forgangsröðun – ekki 230 milljónir í golfvöll akkúrat núna.




**6.** Aukinn stuðningur borgarinnar við nýsköpun skapar fleiri störf og fyllir tómt húsnæði af lífi.

**7.** Samfylkingin sættir sig ekki við það að biðraðirnar eftir mataraðstoð hjálparsamtaka lengist með hverri viku.

**8.** Það væri mikill fengur að Hjálmari Sveinssyni fyrir skipulagsmál Reykjavíkur.



**9.** Dagur yrði frábær borgarstjóri.



**10.** Framkvæmdir í þágu aldraðra, barna og fatlaðra eða aðra innviði borgarinnar skapa störf.

**11.** Bjarni Karlsson.



**12.** Það þarf að auka vægi samvinnu, siðfræði og skapandi greina á öllum skólastigum.

**13.** Það þarf að minnka kostnað fjölskyldna við frístundastarf barna.

**14.** Björk er óþreytandi baráttukona fyrir velferðinni.



**15.**



Það verður að hindra að stéttskipting festi rætur í borginni.

**16.** Því aðgerðaáætlunin *Unga Reykjavík* verður að komast til framkvæmda strax til að bæta þjónustuna við börnin. *Sjá á xs.is/ungareykjavik*

**17.** Frjálshyggja er gamaldags og afskiptaleysi skilar engum árangri.



**18.** Samfylkingin vill beita sömu aðferðum og gert var í Árósum. Þar er nú minnsta atvinnuleysið í Danmörku, aðeins 3,6%.

**19.** Hundrað daga meirihlutinn stöðvaði sölu Sjálfstæðisflokksins á þekkingarhluta Orkuveitunnar til útrásarvíkinganna.

**20.** Samfylkingin býður fram flotta blöndu af reyndu fólki og nýjum frambjóðendum.

**21.** Af því Sjálfstæðisfólk vill ekki segja hverjir styrktu það.

**22.** Tvöföldun viðhalds skapar fleiri störf.



**23.** Samstilltur vaxtarsamningur að frumkvæði Reykjavíkurborgar skapar fleiri störf. *Sjá á xs.is/atvinna*

**24.** Reykvíkingar eru búnir að fá nóg af þessu.



# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir ferðamenn



Ert þú á leið á jökul? Höfum til leigu búnað til göngu á jökli. Belti, broddar, axir og karabínur. Leigist út saman eða í sitthvoru lagi. Gott verð. Nánari upplýsingar veita Magnús í síma 892-1679 , og Bragi í síma 896-7979.

## Fyrir veiðimenn

SILUNGA- OG LAXAMAÐKAR til sölu að Holtsgötu 5 í Vesturbæ. S. 857 1389 og 551 5839.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**2ja herb. í 109 Rvk.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, gardínur og öll ljós.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

75 fm íbúð í Selás 110 Árbæ til leigu fram á haust. Verð 100 þús. raf, hiti og internet innifalið. laus strax. 659 7812.

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

leiguíbúðir

**Til leigu**
Glæsilegar 2ja og 4ja herbergja íbúðir miðsvæðis Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar á www.leiguibudir.is

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

2ja herb. íbúð til leigu í Gbr. Reyklaus kvk einstaklingur. Uppl. í s. 869 6414 & 892 8825.

Falleg 2ja herb. íbúð í 105 í einn mánuð (29. júní til 27. júlí) með ÖLLU: Húsgögn, Stöð 2, ljósleiðari og gullfiskur! Gott verð. 823 4623 (Erlingur)

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. Eldri en 26 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16.

Hellisgata Hafnarf. hús til leigu frá 1. júní 139þús á mán pallmarkan@hotmail.com 004797966571

**Herbergi í 105**
Til leigu lítið herb. með sameig. eldh. þvottav. og baðh. Uppl. í s. 777 5571. eftir kl. 12.

**Risíbúð - 101 Grjótaþorp**
Notaleg, gamaldags, 2herb. risíbúð til leigu fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 80 þ. á mán. Uppl. í s. 864 0000.

3 herb. íbúð til leigu. 12 mán eða lengur. Uppl. í s. 662 8261.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Kona um miðfertugt með 2 yndislega ketti óskar eftir 2-3 herb. íbúð til langtímaleigu á sv. 101-107. Uppl í S. 845 9245

## Atvinnuhúsnæði

**Skrifstofuhúsnæði á Torfunni til leigu.**
**Til leigu 120fm skrifstofuhúsnæði á Torfunni RVK. Til greina kemur að leigja húsnæði m. húsgögnum, skrifborðum, fundarborðum og fundarstólum. Áhugasamir hafi samband í s. 772 7997.**

Skrifstofuherbergi til leigu á Ártúnshöfða. Sími 699 5112.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Kol ehf
hringjum út

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

Förðunar, nagla og snyrtifræðingar óskast í áhugavert samstarf. Uppl. S. 693 2272, 773 2100.

The Purple Rabbit vill kaupa djörf myndbönd íslenzkra kvenna. Nánari upplýsingar á PurpleRabbit.is.

Leitum að starfskrafti til að hafa umsjón með litlilli fiskvinnslu sem einnig framleiðir fiskrétti. Leitað er að ábyrgum, skipulögðum aðila með reynslu sem matreiðslumaður og/eða í fiskvinnslu. Sendið umsóknir til helgi@esca.is

**Sveitasæla!**
Viltu komast út fyrir borgina? Einstæður faðir með 2 börn óskar eftir heimilishjálp í sveit. Starfið felur í sér barnapössun og létt heimilisverk. Uppl. í s. 865 5613.

**Hefur þú brennandi áhuga á snyrtivörum og vilt kynnast AVON tækifærinu ?**
Avon leitar að öflugum sölufulltrúum um allt land. Hafðu samband í síma 5772150 eða ths@avon.is

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

30 ára karlmaður óskar eftir vinnu. Stundvís, reglusamur, duglegur. Uppl. í S. 823 4522.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Glæný eldheit upptaka**
Hún er ljóshærð, grannvaxin og græneyg og í þessari afar innilegu upptöku fylgist þú með henni klifra hærra og hærra og ná síðan hreint ótrúlegum endasprett. Ofboðslega innileg upptaka! Sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8144.

**Blaðberinn bíður þín**
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

**Auglýsingasími**
**512 54 01**




Allt sem þú þarft...

## Tilkynningar

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

# Skólaslit

Skólanum verður slitið fimmtudaginn 27. maí kl. 14 í Íþróttahúsi FB við Austurberg.

Allir nemendur sem ljúka eftirtöldum prófum fá skírteini afhent við skólaslitin:

**Handíðabraut**
**Skiptinemar**
**Burtfararpróf á rafvirkjabraut**
**Burtfararpróf á húsasmiðabraut**
**Burtfararpróf á snyrtibraut**
**Sjúkraliðabraut**
**Stúdentspróf**
**Starfsbraut**

Æfing vegna skólaslitanna verður á miðvikudagskvöldið 26. maí kl. 18 og þurfa allir útskriftarnemar að mæta.

Allir velunnarar skólans eru velkomnir á skólaslitin.

*Skólameistari*

**Austurbergi 5 • 111 Reykjavík • Sími 570 5600**
**Símbréf 567 0389 • Tölvupóstur: fb@fb.is • www.fb.is**

## Tilkynningar

## AUGLÝSING UM DEILISKIPULAGSBREYTINGU Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

**Tillaga að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda.**
**Strandgarður við Arnarnesvog.**

Tillagan gerir ráð fyrir þeirri breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda að þar sem áður var gert ráð fyrir lóðum fyrir grunnskóla og hönnunarsafn verði gert ráð fyrir útivistarsvæði til almennra nota.

Svæðið sem breytingin nær til er 9,6 hektarar að stærð og liggur á fjörubökkum við Arnarnesvog. Það afmarkast í vestri af Ránargrund og bílastæði Sjálandsskóla, í suðri af Vífilsstaðavegi og fyrirhuguðum vegi samkvæmt gildandi deiliskipulagi sem liggur til norðausturs frá hringtorgi. Þá í suðaustri af Hafnarfjarðarvegi og í norðaustri af Arnarneslæk.
Strandgarðurinn er hugsaður sem fjölbreytilegt útivistarsvæði sem höfðar til sem flestra aldurshópa. Þungamiðja garðsins verður á svæðinu neðan hringtorgsins hjá Alviðru og austan bílastæðis Sjálandsskóla. Yfirbragð svæðisins verður rólegra og náttúrulegra eftir því sem austar dregur og endar í náttúrulegu votlendis-og tjarnarsvæði við Arnarneslæk.
Gert verður ráð fyrir landmótun á svæðinu með hvömmum og mönum til skjólmyndunar. Trjá-og runnagróður verður gróðursettur markvisst til skjóls og yndisauka. Grasflatir verða til leikja. Fyrir miðju svæði verður hjólbrettaaðstaða og einnig sérstakt brennustæði sem verður um leið útileikhús og strandblaksaðstaða. Gert er ráð fyrir 9 holu smágolfvelli (vipp-og púttvöllur) sem hringar sig utan um útileikhúsið.
Vestast á svæðinu er gert ráð fyrir meiri umsvifum og möguleiki á því að nýta bílastæði Sjálandsskóla án þess þó að íþyngja þeirri starfsemi enda má búast við að ásókn á svæðið verði sem mest um kvöld og helgar. Gert er ráð fyrir lóð fyrir félagsaðstöðu siglingaklúbbs við ramp sem er þar til staðar og liggur niður í fjöru og veitir aðgengi að sjó. Litlu austar uppi á fjörubakkanum er gert ráð fyrir lóð fyrir veitingastað.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 26.maí til og með 7.júlí 2010. Hún er ennfremur aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 7.júlí 2010. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



*Útför bróður míns og frænda okkar,*

**Hallgríms Guðjónssonar,**

Dysjum, Garðabæ,

fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 27. maí kl. 13.00.

**Sesselja Guðmundsdóttir**
**Elísabet Eygló Jónsdóttir**
**Jóna Gréta Jónsdóttir**
**Dagbjört Erla Kjartansdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Jónatansdóttir**

Fjóluhvammi 3, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala föstudaginn 21. maí. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. maí kl. 15.00.

**Anna Edda Gísladóttir** **Birgir Steinþórsson**
**Konráð Breiðfjörð Pálmason** **Marín Sigurgeirsdóttir**
**Margrét Stefanía Gísladóttir**
**Þórdís Lilja Gísladóttir** **Þráinn Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Valdimar Helgason**

Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund,

áður til heimilis að Rauðalæk 23, Reykjavík, síðar að Gullsmára 9, Kópavogi, sem lést laugardaginn 15. maí, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 28. maí, kl. 11.00.

**Elín Ó. Finnbogadóttir**
**Helgi Valdimarsson** **Jóna Ólafsdóttir**
**Sigríður G. Valdimarsdóttir** **Óttar Ólafsson**
**Aðalheiður Valdimarsdóttir** **Sveinn Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Þórhallur Halldórsson**

lést á heimili sínu á hvítasunnudag 23. maí. Útförin verður auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda

**Erla Durr**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Vilhelmínu S. Jónsdóttur**

Arnarhrauni 5, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu Hafnarfirði fyrir frábæra umönnun og stuðning.

**Þórarinn Smári Steingrímsson** **Elínbjörg Stefánsdóttir**
**Jónína Steiney Steingrímsdóttir** **Helgi Ívarsson**
**Anna Pálsdóttir** **Ólafur Ingi Tómasson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorsteinn Hansson**

frá Ólafsvík

andaðist á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 22. maí. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 29. maí kl. 13.00.

**Bjarni B. Þorsteinsson** **Birna Árnadóttir**
**Sigurður Þorsteinsson** **Margrét Gísladóttir**
**Ester Gunnarsdóttir** **Gunnar Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar B. Kvaran**

*kaupmaður, Skipholti 15, Reykjavík,*

lést á líknardeild Landspítalans 23. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 1. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Bertha G. Kvaran, Ragna Elíza Kvaran, Thelma Kristín Kvaran, tengdasynir og barnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkærs*

**Gunnars Valdimarssonar**

Winnipeg, Kanada.

**Lorna Jakobson**
**Kári Gunnarsson**
**Benedikt Gunnarsson**
**Brynhildur Daisy Eggertsdóttir**
**Stefán Örn Valdimarsson** **Guðlaug Ósk Gísladóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Álfar Jónsson**

Grænumörk 2, Selfossi,

andaðist á Ljósheimum 22. maí.

**Unnur Einarsdóttir**
**Einar Gunnarsson** **Kristín Álfheiður Fjeldsted**
**Jón S. Gunnarsson** **Elínborg Högnadóttir**
**Gunnar Páll Gunnarsson** **Steinunn H. Sigurðardóttir**
**Ingunn Gunnarsdóttir** **Ari Björn Thorarensen**
**og barnabörn**



*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ingunn Ásgeirsdóttir**

lést á Dvalarheimilinu Grund aðfaranótt sunnudagsins 16. maí. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 26. maí kl. 15.

**Ásgeir Már Valdimarsson**
**Anna Valdimarsdóttir**
**Jóhann Páll Valdimarsson** **Guðrún Sigfúsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, amma, stjúpmóðir, dóttir, systir, mágkona og frænka,*

**Hulda Guðbjörnsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,

lést á Landspítala við Hringbraut 16. maí s.l. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju í dag, miðvikudaginn 26. maí kl 13.00.

**Sigurður Guðmundsson**
**Hrafn Tryggvason**
**Steingrímur Brynleifsson**
**Hrafnhildur Lára Hrafnsdóttir**
**Málfríður, Þórdís og Birna Sigurðardætur, makar og börn**
**Hrafnhildur Helgadóttir**
**Björn Guðbjörnsson** **Kolbrún Albertsdóttir**
**Hrafnhildur Soffía Guðbjörnsdóttir** **Kristján Kárason**
**Jóhanna Guðbjörnsdóttir** **Skúli Guðmundsson**
**Sveinbjörn Dagnýjarson** **Þorgerður Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur**



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigvaldi Ingimundarson**

íþróttakennari, Lækjasmára 2 í Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju fimmtudaginn 27. maí og hefst athöfnin kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjálfsbjargarheimilið Kt. 500573-0159 banki 1175-15-20069.

**Sigurrós Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg Sigvaldadóttir**
**Helga Ingibjörg Sigvaldadóttir** **Lexi Leban**
**Þóra Kristín Sigvaldadóttir** **Garðar Hallur Sigurðsson**
**Jón Ingi Sigvaldason** **Valborg Sigrún Jónsdóttir**
**Gunnar Sigvaldason** **Katrín Jakobsdóttir**
**og barnabörn**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Victor Hans Halldórssonar**

*bifreiðastjóra, Fellsmúla 16, Reykjavík.*

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans Landakoti fyrir einstaka alúð og umönnun í veikindum hans.

**Jóhanna Guðjónsdóttir**
**Vigdís Victorsdóttir** **Sigurður Þorvarðarson**
**Lilja Dóra Victorsdóttir** **Halldór V. Frímannsson**
**Bergþóra Victorsdóttir** **Ævar Sch. Valgeirsson**
**Guðjón Þór Victorsson** **Aðalbjörg Benediktsdóttir**
**barnabörn og langafabörn**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og dóttir,*

**Heiðrún Sverrisdóttir**

leikskólakennari, frá Skógum í Hörgárdal, Fjallalind 7, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans þann 14. maí verður jarðsungin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 26. maí kl. 13.00.

**Þorsteinn Berg**
**Þröstur Berg**
**Sverrir Ágúst Berg** **Eva Gunnlaugsdóttir**
**Gunnlaugur Berg Sverrisson**
**Heiðrún Berg Sverrisdóttir**
**Álfheiður Ármannsdóttir**

**Framhaldsaðalfundur Hestamannafélagsins Fáks**

verður haldinn þriðjudaginn 1. júní í félagsheimili Fáks og hefst fundurinn kl. 20:00

**Dagskrá:**
1. Kosning meðstjórnanda í stjórn

Stjórn Hestamannafélagsins Fáks

**AÐALFUNDUR SÁÁ**

**verður haldinn miðvikudaginn 2. júní kl. 17 í Von, Efstaleiti 7.**

**Dagskrá fundarins er:**

- Skýrsla stjórnar um framkvæmdir og starfsemi samtakanna á liðnu starfsári.
- Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til umræðu og samþykktar.
- Lagabreytingar ef fyrir liggja tillögur um þær.
- Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og varaendurskoðenda.
- Tekin ákvörðun um félagsgjöld.
- Önnur mál.

# Af heimsku og niðurgangi

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Það væri ósanngjarnt að segja að mannskepnan sé heimsk. Hins vegar er hægt að bera á borð fyrir hana næstum hvaða vitleysu sem er og láta hana tyggja á henni um ókomna tíð. Í mörgum tilfellum er eflaust tímaskorti frekar en heimsku um að kenna. Erillinn gerir mörgum erfitt fyrir að velta því fyrir sér hverju þeir eru að stinga upp í sig eða japla á.

**ÉG** var fyrir skemmstu í þorpinu Garrucha á suð-austurströnd Spánar. Hvernig sem á því stendur þá er rækjan sem kennd er við þetta þorp fræg um gjörvallan Spán og þykir hið mesta góðgæti. Þeir sem hafa tíma til að velta þessu fyrir sér spyrja sig hvers vegna rækjan sem landað er í þessu þorpi sé svona miklu betri en sú sem landað er annars staðar. Rækjan er jú ekki tínd upp úr fjörunni. Þeir sem gefa sér enn meiri tíma komast að því að megnið af þessari svokölluðu Garrucha-rækju hefur ekkert með þetta litla þorp að gera.

**ÞETTA** skiptir kannski ekki miklu máli. Ég er ekki vanur að spyrja hvaðan kræsingarnar koma áður en ég kokgleypi við þeim. Hefur mér heldur aldrei orðið meint af þó logið sé til um upprunann. Þær mættu þess vegna koma úr Reykjavíkurtjörn svo lengi sem bragðið svíkur ekki og engin óþægileg eftirköst fylgja.

**EN** nú standa kosningar fyrir dyrum og frambjóðendur hrista allar mögulega kræsingar fram úr erminni og bera á borð kjósenda. Þá ríður á að allir séu varir um sig. Best er að gefa sér góðan tíma og jafnvel hugsa málið, sé því við komið.

**MÉR** var kennt, eins og fleiri Vestfirðingum, að vera ekki matvandur. Hinsvegar væri það heillaráð að spyrja nokkurra spurninga áður en gleypt er við góssinu:

**1)** Hvaðan er hráefnið komið? 2) Hverju var bætt út í? 3) Hver kokkaði? Og síðast en ekki síst, 4) Hver á að vaska upp?

**EF** boðið er upp á loðin svör og langlokur er best að þakka kurteislega fyrir sig og halda sinnar leiðar. Þeim sem vilja taka áhættuna er hins vegar bent á að vel saltaðar súpur eru afar góðar við niðurgangi. Heimsku er hins vegar verra að eiga við.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrihreyfingin - ... // sjá meira á www.vg.is/stefna/

Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs

Líf í borgina

„Mér þykir vænt um Reykjavík. Reykjavík á að vera borg þar sem lífsgæði eru á heimsmælikvarða. Þess vegna býð ég mig fram – við þurfum breytingar."



Líf Magneudóttir
3. sæti á framboðslista VG í Reykjavík

náttúruvernd traust kjarkur jöfnuður

VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

# Sarah svaf ekkert fyrir frumsýninguna

Sarah Jessica Parker var svo stressuð vegna kjólsins sem hún valdi fyrir frumsýningu Sex and the City 2 að hún gat ekki sofið nóttina áður. Margir hafa beðið með spenningi eftir að þessi framhaldsmynd yrði frumsýnd og það gerðist loks á mánudagskvöld. Sarah Jessica valdi skærgulan Valentino-kjól fyrir frumsýninguna og leit frábærlega út. „Ég svaf ekkert í gær. Ég er ennþá stressuð,“ sagði hún á frumsýningunni.

Sex and the City 2 verður frumsýnd næsta miðvikudag, 2. júní, í íslenskum kvikmyndahúsum.



**GLÆSILEG** Sarah Jessica Parker klæddist þessum glæsilega Valentino-kjól á frumsýningu Sex and the City 2 í byrjun vikunnar.

NORDICPHOTOS/AFP

## Laug að dómara



**DÆMD** Lindsay Lohan var gert skylt að ganga með ökklaband svo hægt væri að fylgjast með ferðum hennar.

Leikkonan Lindsay Lohan mætti loks fyrir dómara í gær vegna ýmissa brota og var dæmd til að ganga með ökklaband svo hægt yrði að fylgjast með ferðum hennar og hvort hún haldi sér edrú. Lohan deildi við dómarann og sagðist ekki vilja ganga með slíkt ökklaband því hún þyrfti að mæta í tökur í Texas næstu dagana. Svo virðist sem stúlkan hafi logið að dómaranum því fjölmiðlar vilja meina að hún þurfi ekki að mæta í neinar töku. „Lindsay er aðeins með tvö verkefni í gangi og talsmenn beggja framleiðslufyrirtækja þvertóku fyrir það að hún þyrfti að mæta í tökur í Texas. Búið er að taka upp kvikmyndina Machete og tökur á næstu kvikmynd Lindsay fara ekki fram í Texas,“ var haft eftir heimildarmanni.





airgreenland.com



Höfuðborg Grænlands
- spennandi áfangastaður

Þú færð nýja sýn á lífið í ferð til Nuuk. Í þessari aðlaðandi höfuðborg mætast fortíð og framtíð í götumynd gamalla tréhúsa og nýrra bygginga. Það er ógleymanleg tilfinning að sigla inn 100 km langan Nuuk fjörðinn með 1000 metra há fjöll á hvora hlið og sjá í fjarðarbotninum hvernig skriðjökulinn teygir sig ofan í sjó. Frá Nuuk er einnig upplagt að heimsækja þorpið Kapisillit og kynnast hefðbundnu veiðimannaþorpi í stórfenglegri náttúru.

FLUG FRÁ KEFLAVÍK TIL NUUK, ÖNNUR LEIÐIN FRÁ AÐEINS 39.160,- ISK*
Skattar og gjöld innifalin.

*1.749 DKK. Miðað við Visa kortagengi 20.05.2010 og 22.39 ISK = 1 DKK, með fyrirvara um breytingar á gengi ISK.

50
1960-2010
air greenland

# menning

menning@frettabladid.is

**!**

**Kl. 20 í Flensborgarskóla**
*Kristján Jóhannsson óperusöngvari og Kór Flensborgarskóla og Flensborgarkórinn verða með tónleika í kvöld í Hamarssal Flensborgarskólans og aftur annað kvöld. Efnisskrá tónleikanna er afar fjölbreytt og við allra hæfi.*

## Óþekkt lög eftir Ása flutt á morgun

Á morgun verða þær stöllur Freyja Gunnlaugsdóttir klarínettuleikari og Hanna Dóra Sturludóttir messósópran með tónleika í Seltjarnarneskirkju kl. 20 og troða svo upp á föstudagskvöld á Stokkalæk. Á tónleikunum munu þær flytja Ljóðaflokk eftir Lori Laitman við texta gyðingabarna frá stríðstímum, lög eftir Atla Heimi Sveinsson við texta Jónasar Hallgrímssonar og nýjar útsetningar Atla Heimis á lögum Ása í Bæ og Oddgeirs Kristjánssonar.

Á efnisskránni er að finna áður óþekkt lög eftir Ása í Bæ, meðal annars gamlan tangó frá 1931, Ó komdu kær, en lagið skrifaði Ási þegar hann var 17 ára. Á efnisskránni er einnig að finna landsþekktar dægurperlur eftir þá félaga líkt og Ég veit þú kemur, Maju litlu, Síldarstúlkurnar og fleira. Freyja og Hanna Dóra hafa einnig nýlokið við að hljóðrita efnisskrá með lögum Ása og Oddgeirs og er sá geisladiskur væntanlegur á haustdögum. Sérstakur gestur á tónleikunum verður Steinunn Birna Ragnarsdóttir.

Þær gáfu út á vordögum geisladisk, Kviða kalla þær hann en á honum flytja þær sönglög eftir Johannes Brahms, W.A. Mozart, Atla Heimi Sveinsson og fleiri. - pbb


**TÓNLIST** Hanna Dóra Sturludóttir messósópran og Freyja Gunnlaugsdóttir klarínettuleikari.

**> Ekki missa af**

Rómeó og Júlíu í Borgarleikhúsinu en sýningar eru þar í fullum gangi nú nær níu árum eftir að sýning Vesturports var frumsýnd.

# Magnús, Björk og Gunnar Reynir Sveinsson

Í kvöld verða tónleikar í Íslensku óperunni þar sem þau Jónas Sen hljómborðsleikari og Ásgerður Júníusdóttir söngkona flytja lög eftir Björk Guðmundsdóttur, Magnús Blöndal Jóhannsson og Gunnar Reyni Sveinsson í nýjum útsetningum Jónasar. Hefjast þeir kl. 20.

Ásgerður og Jónas Sen flytja sönglög, sem mörgum eru kunn og kær, eftir þessi þrjú tónskáld í nýjum útsetningum og útfærslum. Tónskáldin eiga það sameiginlegt að hafa samið tónlist sem er á mörkum klassískrar tónlistar og annarra tónlistarstefna og heyra má áhrif frá djass, kvikmyndatónlist, dægurtónlist og popptónlist í efnisskránni. Á tónleikunum mun Jónas leika á orgel, píanó, selestu, sembal og rafmagnshljómborð. Hann lék á þessi hljóðfæri og fleiri á yfir 70 tónleikum í heimsreisu Bjarkar á árunum 2007-2008 og hefur hann nú útsett yfir fjörutíu lög hennar sem verða gefin út á tveimur bókum, sem henta meðal annars fyrir útileguna. Öll lögin eftir Björk sem þau flytja á tónleikunum, heyrast þar í fyrsta sinn í þessum nýju útsetningum Jónasar: Venus as a Boy, Isobel, Army of Me og Bachelorette. Af kunnum lögum Magnúsar á efnisskránni má nefna Sveitin milli sanda, In the Summer When the Sun Is High, Na no mani og Krummavísur, en eftir Gunnar eru á efnisskránni Bráðum kemur betri tíð, Elín Helena, Maður hefur nú svo nokkur séu nefnd.

Ásgerður Júníusdóttir messósópran hefur komið fram sem söngkona og leikkona á tónleikum, í leiksýningum og á listahátíðum í Reykjavík, London, París, Berlín, Stokkhólmi og víðar um Evrópu. Hún hefur gefið út tvo hljómdiska, Minn heim og þinn sem inniheldur lög og ljóð eftir íslenskar konur og Í rökkri, sönglög eftir Magnús Blöndal Jóhannsson. Báðir diskarnir voru tilnefndir til íslensku tónlistarverðlaunanna. Hún hefur einbeitt sér að 20. og 21. aldar tónlist og frumflutt verk eftir fjölda núlifandi íslenskra tónskálda. Má þar nefna Jórunni Viðar, Atla Heimi Sveinsson, Hauk Tómasson, Karólínu Eiríksdóttur og Ragnhildi Gísladóttur.

Jónas Sen er píanóleikari og gagnrýnandi. Hann er umsjónarmaður sjónvarpsþáttaraðarinnar Átta raddir, sem verður á dagskrá Sjónvarpsins í haust, en þar ræðir hann við og spilar með átta íslenskum söngvurum. Þar á meðal eru Ásgerður Júníusdóttir og Björk Guðmundsdóttir.

Tónleikarnir í kvöld verða merkilegur fundur fimm listamanna þar sem tveir þeirra túlka ekki bara tónlistina heldur líka ljóðin undir nýjum formerkjum, við nýjan undirleik. Miðar fást á vefjum miðasalanna og við innganginn verði einhverjir eftir. pbb@frettabladid.is


**TÓNLIST** Jónas og Ásgerður við hljóðfærarót í Óperunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þingað um ljósmyndina

Ljósmyndasýningaflóðið sem setur svip sinn á Listahátíð í Reykjavík hefur hleypt nokkru lífi í umræður um ljósmyndina. Nú bætir Listfræðafélag Íslands um en það heldur málþing í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík um fræðilegar atlögur að ljósmyndalist, stöðu rannsókna og helstu viðfangsefni þeirra íslensku fræðimanna sem um ljósmyndir fjalla.

Á þinginu munu fimm frummælendur, sem allir eru í framvarðasveit þeirra sem fást við ljósmyndarannsóknir, halda stutt erindi. Frummælendurnir verða Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri Ljósmyndasafns Íslands, María Karen Sigurðardóttir, safnstjóri Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir listfræðingur, Pétur Thomsen ljósmyndari og Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur.

Málþingið verður haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins í dag milli 17 og 19. Þingið er öllum opið. - pbb




**Krakkajóga**

**Ný 4. vikna krakkajóganámskeið hefst 26. maí hjá Jóga Stúdíó Stórhöfða 17.**

2–5 ára » mánudagar klukkan 16:30–17:00
6–10 ára » miðvikudagar klukkan 16:30–17:00
**Skráning í síma 772 1025 og 695 8464**

JÓGA Stúdíó
Stórhöfði 17
(gengið inn um Veggsport)

**Verð aðeins 5.000 kr.**
Nánari upplýsingar á jogastudio.org

**LAGERSALA VINNUFATNAÐUR**
**26. - 29. maí**

66° NORÐUR

70 - 90% afsláttur af völdum vörum
15% afsláttur af öllum öðrum vinnufatnaði


**Tindur jakki**
6.500 kr.


**Vinnubuxur**
2.000 kr.


Með góðum vösum
**Vinnubuxur**
2.500 kr.


**Bómullar samfestingur**
2.000 kr.


**Vinnujakki** loðfóðraður
4.000 kr.


Með góðum vösum
**Smekkbuxur**
4.000 kr.


**Flíspeysa** m/ styrkingum
2.000 kr.


**Smíðavesti**
2.500 kr.

www.66north.is

**Faxafeni 12:** Mið. - fös. 8 – 18 | Lau. 11 – 16
**Glerárgata Akureyri:** Mið. - fös. 10 – 18 | Lau. 11 – 16
**Miðhraun 11:** Mið. - fös. 8 – 18 | Lau. 11 – 15

ICI inter CULTURAL iceland

**Tungumála- og samskiptaleikir**

InterCultural Ísland býður upp á tungumálanámskeið fyrir börn á aldrinum 10 - 12 ára í sumar.

Tungumálið er kennt í gegnum leiki, sem auk tungumálanámsins eru hannaðir til að auka samskipta- og samvinnuhæfni barnanna.

Námskeiðin eru byrjendanámskeið, standa yfir í eina viku í senn, fyrir og eftir hádegi.

Tungumálin sem verða í boði í sumar eru eftirfarandi: Enska, pólska, kínverska, þýska, spænska og íslenska sem annað mál.

Allar frekar í upplýsingar má finna á heimasíðu ICI: www.ici.is og skráning á námskeiðin er í síma 5179345 eða með tölvupósti: angelica@ici.is

# Skýrr **elskar** frjálsan hugbúnað

## Opinn morgunverðarfundur Skýrr um frjálsan hugbúnað (*open source*) fyrir atvinnulífið, föstudaginn 28. maí

**Skýrr býður til opins morgunverðarfundar um gagnsemi, hagkvæmni, notagildi og þróun frjáls hugbúnaðar (*open source*) í atvinnulífinu.**

Á fundinum verður blandað saman almennum fróðleik um frjálsan hugbúnað og reynslusögum notenda úr atvinnulífinu, meðal annars frá Belgingi, LSH, Mobilitus, Skýrr og VÍS.

Fundurinn er miðaður við þarfir stjórnenda og fólks í ákvarðanatöku í atvinnulífinu og verður haldinn núna á föstudaginn kemur, 28. maí, frá kl. 8:00-11:00.

**Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00, en formleg dagskrá hefst kl. 8:30 og fundarlok eru áætluð kl. 10:00.**

Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og fundurinn er öllum opinn, meðan húsrúm leyfir.

Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut).

**Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is).**











8:00 *Morgunverður*
Ljúffengar veitingar að hætti hússins

8:30 *Morgunverðurinn er aldrei (alveg) ókeypis*
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr

8:40 *Frjáls markaður: Frjáls og opinn hugbúnaður og áhrif hans á íslenskt atvinnulíf*
Tryggvi Björgvinsson, formaður Félags um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ)

9:00 *Landspítalinn og open source lausnir: Af hverju og hvernig?*
Friðþjófur Bergmann, deildarstjóri upplýsingatæknisviðs LSH

9:20 *Veðurspár í SARWeather með opnum gögnum og frjálsum hugbúnaði*
Ólafur Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Belgings

9:40 *Miðgarður: Nýjasta UT-verkefni VÍS nýtir opinn hugbúnað og opna staðla með árangursríkum hætti*
Stefán Baxter, deildarstjóri netlausna VÍS

10:00 *Bara ef það hentar mér: Frjáls hugbúnaður í samkeppni*
Þórarinn Stefánsson, vörustjóri Mobilitus

10:20 *Frjáls hugbúnaður í hýsingu og rekstri hjá Skýrr*
Samúel Jón Gunnarsson, deildarstjóri hjá Skýrr

10:35 *Samþætting með frjálsum hugbúnaði: Aukin hagkvæmni*
Hallgrímur Th. Björnsson, sérfræðingur hjá Skýrr

10:50 *Frjáls hugbúnaður og Drupal í vefumsýslu hjá veflausnum*
Óli Freyr Kristjánsson, ráðgjafi hjá Skýrr

*Fundarstjóri*
Laufey Ása Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá Skýrr

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

**> PRÓFAÐI BÓTOX**

Kim Kardashian mætti ásamt systrum sínum og móður í sjónvarpsviðtal fyrir skemmstu. Þar var hún spurð út í lýtaaðgerðir og viðurkennir hún að hafa farið í bótox. „Ég er ekki á móti lýtaaðgerðum. Ég hef prófað bótox, en það er líka það eina. Ég hef til dæmis ekki látið lagfæra nef mitt eins og margir halda fram," sagði Kim.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# U2 hættir við Glastonbury

Hljómsveitin U2 hefur hætt við að koma fram á Glastonbury-tónlistarhátíðinni í Bretlandi og á sextán tónleikum í Norður-Ameríku. Ástæðan er bakaðgerð sem söngvarinn Bono þurfti að gangast undir á föstudag. Aðgerðin var að sögn læknis hans nauðsynleg til að koma í veg fyrir mögulega lömun.

Hinn fimmtugi Bono þarf á tveggja mánaða hvíld að halda áður en hann stígur á svið á nýjan leik. „Batahorfurnar eru mjög góðar en til að ná fullum bata verður hann að ganga í gegnum endurhæfingu," sagði læknirinn.

U2 átti að vera aðalnúmerið á Glastonbury 25. júní og hefðu þetta verið fyrstu tónleikar sveitarinnar á tónlistarhátíð í rúm 25 ár. Svo gæti farið að annaðhvort Coldplay eða Dizzee Rascal hlaupi í skarðið fyrir hana. Sveitin átti einnig að spila vestanhafs bæði í júní og júlí til að fylgja eftir plötu sinni No Line on the Horizon en ekkert verður af því.

Paul McGuinness, umboðsmaður U2, segir að hljómsveitin sé miður sín yfir því að hafa þurft að fresta tónleikunum. „Fyrir listamann sem elskar að vera uppi á sviði þá er þetta mikið áfall," sagði hann um Bono. „Hann hefur miklar áhyggjur af þeim milljónum tónleikagesta sem ætluðu á tónleikana en þurfa nú að breyta áformum sínum. Við skiljum þessar áhyggjur en það mikilvægasta er samt að hann nái fullum bata."



**U2** Hljómsveitin U2 hefur aflýst tónleikum sínum á Glastonbury-hátíðinni 25. júní og tónleikaferð sinni til N-Ameríku.

# Vill Pacino sem Frank Sinatra

Leikstjórinn Martin Scorsese vonast til að þeir Al Pacino og Robert De Niro leiki í næstu mynd sinni, sem fjallar um ævi söngvarans Franks Sinatra. Pacino myndi leika Sinatra og De Niro vin hans Dean Martin. Leonardo DiCaprio hafði áður verið orðaður við hlutverk Sinatra en samkvæmt Scorsese er Pacino hans fyrsti valkostur. Töluverður aldursmunur er á milli Pacino og DiCaprio og verður fróðlegt að sjá hvor þeirra verður á endanum fyrir valinu. Scorsese segir að handrit myndarinnar sé tilbúið og nú sé næsta skref að finna hinn fullkomna Sinatra.



**AL PACINO** Pacino mun hugsanlega leika Frank Sinatra í næstu mynd Martins Scorsese.


AÐALFUNDUR TEYMIS HF.
4. júní 2010

Stjórn Teymis hf. boðar til aðalfundar félagsins föstudaginn 4. júní kl. 13:00 á skrifstofu félagins að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
7. Tillögur til breytingar á samþykktum:
   a. tillaga um að aðsetur félagsins verði að Ármúla 2, Reykjavík.
   b. tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins allt að kr. 91.566.547 til lúkningar kröfum samkvæmt samþykktum nauðasamningi.
   c. tillögur um samruna félagsins við annað félag, slit á félaginu og að hluthafar falli frá forkaupsrétti vegna útgáfu nýrra hluta skuli hljóta samþykki 8/10 greiddra og gildra atkvæða á hluthafafundi.
   d. tillaga til breytinga á tilgangi félagsins þurfa samþykki 8/10 greiddra og gildra atkvæða á hluthafafundi sem og samþykki 8/10 þeirra hluthafa sem greiða atkvæði um tillöguna.
8. Tillaga um starfskjarastefnu fyrir næsta starfsár.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthöfum er sérstaklega bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.
Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda, munu verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund. Einnig er hægt að nálgast framangreind gögn í afgreiðslu Skýrr ehf., Ármúla 2, Reykjavík.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhentir á fundarstað frá kl. 12:30.

Reykjavík, 2010
Stjórn Teymis hf.

TEYMI




**SIGURVEGARI SKJALDBORGAR** Heimildarmynd Árna Sveinssonar, Backyard, var valin besta mynd Skjaldborgarhátíðarinnar í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Árni Sveins sigurvegari á Skjaldborg

**Skjaldborg, hátíð íslenskra heimildarmynda, var haldin í fjórða sinn um hvítasunnuhelgina. Hátíðin fór fram á Patreksfirði líkt og fyrri ár og var margt góðra gesta.**

Heimildarmyndin Backyard, í leikstjórn Árna Sveinssonar, var valin besta mynd Skjaldborgarhátíðarinnar í ár. Myndin fjallar um tónlistarsenuna sem ríkir í Reykjavík í dag. Meðal hljómsveita sem þykja einkennandi fyrir senuna og koma fram í mynd Árna eru Retro Stefson, FM Belfast, Hjaltalín og Reykjavík! Myndin var unnin í samstarfi við tónlistarmanninn Árna Plús 1 og var framleidd af Sindra Páli Kjartanssyni. Aðspurður segir Árni sigurinn hafa komið honum skemmtilega á óvart. „Ég bjóst ekki við neinu áður en haldið var af stað. Ég fór með myndina til þess að prufukeyra hana fyrir áhorfendur og sjá hvernig hún legðist í menn," segir Árni. Backyard var lokamynd hátíðarinnar og að sögn Árna skapaðist mikil stemning í kvikmyndasalnum og voru sumir áhorfendur farnir að stíga dans í takt við tónlistina í myndinni.

Inntur eftir því hvað verðlaun sem þessi hafi í för með sér segir Árni þau helst vera góða hvatningu. „Fólk veit kannski frekar af myndinni núna og þetta gerir mér einnig auðveldara fyrir ef ég ætla að koma henni á framfæri erlendis. Auk þess virkar þetta mjög hvetjandi fyrir okkur sem að myndinni stöndum og ætlum við nú að fara af auknum krafti í það að koma henni í kvikmyndahús hér heima," segir Árni.

sara@frettabladid.is

# Britney lætur frysta sig þegar hún deyr



Britney Spears vill láta frysta sig í fljótandi köfnunarefni þegar hún deyr. Með því vonast hún til þess að geta verið vakin aftur til lífsins í framtíðinni.

„Britney fær hluti á heilann og þetta er það nýjasta," segir ónefndur vinur hennar í samtali við fjölmiðla vestanhafs. „Þetta byrjaði þegar einhver sagði henni að Walt Disney hefði látið frysta sig til að geta vaknað til lífsins síðar. Hún fór að rannsaka málið og sannfærðist um að þetta væri þess virði að reyna."

Ekki alls fyrir löngu var Britney harðákveðin í að láta brenna sig við veglega athöfn. Nú hefur hún hins vegar ákveðið að dauðinn þurfi ekki endilega að vera neinn endapunktur. Og því fagna allir góðir menn.

**LÆTUR VARÐVEITA LÍKAMANN** Britney Spears ætlar að láta frysta sig í fljótandi köfnunarefni þegar hún deyr. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sigurmynd fær misjafna dóma

Evrópskir kvikmyndaspekúlantar eru ekki allir jafn sáttir við óvænta sigurmynd Cannes-hátíðarinnar í ár, hina taílensku Uncle Boonmee Who Can Recall His Past Lives í leikstjórn Apichatpong Weerasethakul. Franska dagblaðið Le Monde sagði að dómnefndin hefði ákveðið að verðlauna utangarðsmann í kvikmyndaheiminum og að myndirnar sem kepptu um Gullpálmann hefðu verið frekar lélegar. Blaðið Le Figaro tók enn dýpra í árinni og sagði að sigurmyndin hefði verið bæði leiðinleg og óskiljanleg. Hið spænska El Pais var á sama máli og sagði söguþráðinn algjörlega út í hött.

Bresk blöð voru heldur jákvæðari í garð myndarinnar en voru svekkt yfir því að gengið hafi verið framhjá nýjustu mynd Mike Leigh, Another Year.

The Times sagði taílensku myndina þá undarlegustu sem hafi keppt um Gullpálmann. Eigi að síður hafi hún verið frábær upplifun þar sem fallegu landslagi og minningarbrotum hafi verið blandað saman á smekklegan hátt.

Svissneska blaðið Le Temps sagði að Cannes-hátíðin væri ein örfárra í heiminum þar sem kvikmyndagerðarmenn sem eru skildir út undan vegna markaðsaflanna gætu látið ljós sitt skína.



**SIGURVEGARI** Apichatpong Weerasethakul með Gullpálmann sem hann fékk um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY








**KELIS** Loksins frjáls.

## Kelis og Nas loksins skilin

**Söngkonan Kelis og rapparinn Nas eru skilin að skiptum eftir langvinnar deilur. Tónlistarfólkið gekk í hjónaband árið 2005 eftir tveggja ára samband en tilkynnti að þau ætluðu að skilja í apríl í fyrra. Þá gekk Kelis með barn þeirra. Nú ári síðar eru þau loks lögformlega skilin.**

**Í dómskjölum kemur fram að Nas þarf að greiða Kelis hátt í eina og hálfa milljón króna á mánuði í meðlag. Hann segist hins vegar ekki hafa efni á því.**

**Nas og Kelis hafa ekki fengist til að tala um ástæður skilnaðarins. Fjölmiðlar vestanhafs hafa þó getið sér til að framhjáhald hans sé meginorsökin.**



**JULIA ROBERTS** Juliu finnst yndislegt að horfa á börnin sín vakna.

## Horfir á börnin vakna

**Leikkonan Julia Roberts segir að það skemmtilegasta sem hún viti um sé að horfa á börnin sín vakna og sjá þau átta sig á deginum sem er í vændum. „Mér finnst það stórmerkilegt," sagði Julia í viðtali við Oprah. Leikkonan á tvíburana Hazel og Phinneaus sem eru fimm ára og Henry Daniel sem er tveggja og hálfs árs, með eiginmanni sínum Danny Moder. „Henry vaknaði um daginn og sagði: „Þetta er fallegur dagur mamma." Þetta gerði það að verkum að það var auðvelt að vakna klukkan 5.30," sagði hún.**


Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra, sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill byggja upp lýðræðislegt og réttlátt þjóðskipulag grundvallað á virkri þátttöku almennings. Hreyfingin hafnar alræði markaðshyggjunnar og vill varðveita sjálfstæði þjóðarinnar og forræði yfir eigin auðlindum. Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill.... // sjá meira á www.vg.is/stefna/

Eflum grunnskólana!

Grunnskólinn á að vera öruggt skjól fyrir börn og ungmenni, líka á tímum efnahagsþrenginga. Hann á að vera gjaldfrjáls og án aðgreiningar að öllu leyti.

Börn og ungmenni eiga skýlausan rétt á innihaldsríkum frítíma í samfellu við fjölbreytt og skapandi skólastarf. Þess vegna viljum við standa vörð um íþrótta og æskulýðsstarfsemi; skólahljómsveitir, tónlistarskóla, íþróttafélög, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili.



Sóley Tómasdóttir
1. sæti
Þorleifur Gunnlaugsson
2. sæti



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

Suðurgata 10 I opið kl. 13-18 alla daga I sími 517 0758 I reykjavik@vg.is I www.vgr.is

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10 (POWER) | 12 |
| BROOKLYN'S FINEST | 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | 8 og 10.10 | 12 |
| HUGO 3 | 4 | L |
| NANNY MCPHEE & THE BIG BANG | 5 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30D - 8D - 8:30 - 10:30D | 10 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 10:30 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| COPS OUT | kl. 8 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 10:50 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30D - 8D - 9 - 10:30D | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| LAST SONG | kl. 8 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| ROBIN HOOD | kl. 8 - 10:50 | 12 |

já NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| YOUTH IN REVOLT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SNABBA CASH LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 3.50 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| YOUTH IN REVOLT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BROOKLYN'S FINEST | kl. 6 - 9 | 16 |
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 | 16 |
| IMAGINARIUM OF DR. P.... | kl. 9 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| OCEANS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 8 - 10 | L |


# Gömul lög í nýjum klæðum

Tónleikar ★★★

**Megas**

Aðför að lögum

**Háskólabíó 24. maí á Listahátíð í Reykjavík**



**MARGRÉTTUÐ TÓNLISTARVEISLA** Megas lék úrval af lögum sínum í Háskólabíói á mánudagskvöld. Alls stigu tæplega 30 hljóðfæraleikarar og söngvarar á svið með honum. Hér syngur Ágústa Eva Erlendsdóttir með Megasi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónleikar Megasar í Háskólabíói á mánudagskvöldið voru hans fyrstu á Listahátíð í Reykjavík. Undanfarin ár hafa popptónlistarmenn notfært sér tónleika sína á hátíðinni til að gera eitthvað öðruvísi og tónleikar Megasar voru engin undantekning þar á.

Eins og yfirskrift tónleikanna, Aðför að lögum, gaf fyrirheit um voru útsetningarnar margar mikið breyttar og lagalistinn samanstóð aðallega af minna þekktum lögum frá ferli Megasar. Tónleikarnir stóðu í þrjá klukkutíma og tæplega 30 hljóðfæraleikarar og söngvarar komu við sögu.

Dagskránni var skipt í afmarkaða kafla sem voru mjög ólíkir innbyrðis. Þeir hófust af krafti með háværri rokkkeyrslu. Fyrst kom Skutullinn af fyrstu plötu Megasar, svo kom Ég get líka af Þrem blóðdropum og svo hvert lagið á fætur öðru. Þegar röðin kom að Pækluðum plómum var rafmagnshljóðfærunum skipt út fyrir kontrabassa og kassagítara og fiðluleikari bættist í hópinn. Sú skipan hélst í nokkur lög og endaði á hápunkti með sérstaklega vel heppnaðri útgáfu af laginu Þyrnirós sem Megas og Ágústa Eva Erlendsdóttir sungu saman.

Þá var skipt út og upp á svið komu Karítur Íslands, 13 stúlkna kór, ásamt hörpuleikara og sellóleikara. Kórinn söng eina fimm lög og gerði vel. Í byrjun virtist sem Megas ætlaði að sitja hjá í þessum hluta tónleikanna, en svo heyrðist til hans söngla með og ef vel var að gáð mátti sjá glitta í hann fyrir aftan kórinn. Mjög kómísk uppstilling.

Eftir hlé var röðin komin að stengjakvintett sem flutti nýjar útsetningar Þórðar Magnússonar, sonar Megasar, en Megas söng. Þau tóku m.a. Gamla sorrí Grána, Enn (að minnsta kosti) og Jólanáttburð sem inn í var skotið melódíunni úr Vögguvísu á 12. hæð. Skemmtilegar útsetningar.

Næst kom kórinn aftur á svið og tók tvö lög með strengjakvintettinum, Silfurskotturnar sungu fyrir mig og Tvær stjörnur. Útsetningin á því síðarnefnda var mjög látlaus og einföld, ólíkt mörgu af því sem á undan kom, en sérstaklega falleg, fyrsta gæsahúð kvöldsins.

Næst kom rokkhljómsveitin aftur á svið og tók nokkur lög órafmagnað, m.a. Tímann og Útumholtoghólablús, en svo voru rafmagnshljóðfærin tengd og krafturinn aukinn í síðustu lögunum. Tónleikunum lauk með frábærri útgáfu af Hvellgeira af Drögum af sjálfsmorði. Gæsahúð númer tvö.

Allt í allt voru þetta þrír klukkutímar og 30 lög. Og hvernig tókst svo til? Það er alltaf spennandi að heyra nýjar útsetningar og gaman þegar mikið er lagt í hlutina. Það skapaði samt svolítinn losarabrag að hafa svona ólíkar útsetningar á einum og sömu tónleikunum. Útsetningarnar sjálfar voru misvel heppnaðar og hljómburðurinn var frekar slakur í kraftmestu köflunum, a.m.k. þar sem ég sat. Þarna var ekki á ferð hljómsveit sem var búin að spila til prógrammið. En það er jú eðli málsins samkvæmt.

Á heildina litið voru þetta ágætir tónleikar. Ég hef orðið fyrir sterkari upplifun á tónleikum hjá Megasi, en þessir voru áhugaverðir og á köflum stórskemmtilegir.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Megas bauð upp á athyglisverða og margrétta tónlistarveislu í Háskólabíói á mánudagskvöldið.


Verslun og skrifstofa Forlagsins

á Bræðraborgarstíg 7 og lagerverslun

á Fiskislóð 39 verða lokaðar frá kl. 14 í dag,

miðvikudaginn 26. maí, vegna jarðarfarar

Ingunnar Ásgeirsdóttur.

FORLAGIÐ

www.forlagid.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BETRA VERÐ Í BÓNUS UM LAND ALLT
598 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1598 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR
498 KR. KG
KJÖRFUGL BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
2998 KR. KG
TVÖ TONN EFTIR Á ÞESSU VERÐI
HOLLENSKAR UNGNAUTALUNDIR FROSNAR
1259 KR. KG
10 TONN Í BOÐI Á ÞESSU GÓÐA VERÐI
DANSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR
Pytt i panna • Pytt i panne
Pyttipannu • Pork hash
398 KR. PK
E.S PYTT I PANNE 1. KG.
MATUR FYRIR FJÓRA
Matur fyrir fjóra
BÓNUS
LASAGNE
998 KR. PK
BÓNUS FERSKT LASAGNA 1 .KG.
100% NAUTAKJÖT
ÍSLANDS NAUT
4 stk. hamborgarar
598 KR. PK
ÍSLANDSNAUT FERSKIR HAMBORGARAR 80g
4 STK MEÐ BRAUÐI
Paté
39 KR. DS
E.S KATTAMATUR 100 G
ALLAR GERÐIR
René
RENÉ KAFFIPÚÐAR 398 KR.
36 PÚÐAR Í PAKKANUM - 11 KR. KAFFIBOLLINN
BÓNUS SAMLOKA OG 33 CL. GOSDÓS
198 KR.
FERSKAR SAMLOKUR
BÓNUS
TÚNFISKSALAT
Egils APPELSÍN
30 KR. LÆKKUN
Paté
129 KR. DS
E.S HUNDAMATUR ÁLBOX 300g
ALLAR GERÐIR
35 KR. PK
PAKKANÚÐLUR 85g
MARGAR GERÐIR: AÐEINS 35 KR. SÚPUSKÁLIN !
39 KR. DS
E.S MAISKORN 340G
MIDI 56 STK
MAXI 50 STK
JUNIOR 44 STK
Nappies
EUROSHOPPER BLEIUR VINSÆLUSTU BLEIURNAR Í BÓNUS
NÚ Á BETRA VERÐI 1498 kr. PAKKINN
VINSÆLUSTU BOSSA-PURRKURNAR Í BÓNUS
198 KR. PK
E.S BABY-WIPES 72 STK.
Maskindisk • Maskinoppvask
Dishwasher detergent
AÐEINS 12 KR. HVER ÞVOTTUR
598 KR. PK
E.S UPPÞVOTTAVÉLATÖFLUR 50 STK
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## 16 DAGAR Í HM

**Mario Zagallo** varð fyrsti maðurinn til þess að vinna heimsmeistaratitilinn bæði sem leikmaður og þjálfari. Hann lék með heimsmeistaraliðum Brasilíu 1958 og 1962 og þjálfaði liðið sem vann HM 1970. Franz Beckenbauer jafnaði þetta afrek 1990 og gerði aðeins betur því hann var fyrirliði Vestur-Þýska liðsins sem varð heimsmeistari 1974. Diego Maradona (þjálfari Argentínu) og Dunga (þjálfari Brasilíu) geta báðir bæst í hópinn á HM í Suður-Afríku.



# sport

sport@frettabladid.is

PEPSI-DEILD KARLA: DRAMATÍSKUM LEIK SELFOSS OG STJÖRNUNNAR LAUK MEÐ 2-2 JAFNTEFLI

## *Áttum að ganga frá þeim þegar við fengum tækifærið*

Selfoss og Stjarnan gerðu 2-2 jafntefli í dramatískum leik á Selfossi í gær. Stjörnumenn virtust hafa komið sér í þægilega stöðu þegar þeir komust í 2-1 forystu snemma í síðari hálfleik og fengu þó nokkur tækifæri til að bæta við.

En þegar um 20 mínútur voru til leiksloka slapp Sævar Þór Gíslason einn inn fyrir vörn Stjörnunnar og féll í teignum eftir viðskipti sín við Bjarna Þórð Halldórsson markvörð Stjörnunnar. Erlendur Eiríksson dómari dæmdi víti og gaf Bjarna rautt, þrátt fyrir kröftug mótmæli markvarðarins. „Þetta var snerting, það var ekki spurning um það," sagði Sævar Þór eftir leikinn. Hann virtist þó hafa verið rangstæður en um það þorði Sævar ekki að dæma. „Ég sá aldrei boltann koma og tók bara hlaupið. Aðrir verða að dæma um það." Selfyssingar byrjuðu ágætlega og komust yfir með glæsilegu marki Jóns Guðbrandssonar. Eftir það sóttu Stjörnumenn í sig veðrið og uppskáru jöfnunarmark á lokamínútu fyrri hálfleiksins.



Steinþór Freyr Þorsteinsson var þar að verki. Stjarnan herti tök sín á leiknum í síðari hálfleik og komst yfir þegar Þorvaldur Árnason nýtti sér eina af fjölmörgum sendingum gestanna inn í teig Selfyssinga.

„Við fengum algjört dauðafæri í stöðunni 2-1 og við hefðum átt að klára leikinn á meðan við höfðum þessa yfirburði," sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar. „Við vorum ekki sáttir við hvernig við spiluðum í fyrri hálfleik og mér fannst við koma mun betur stemmdir til leiks í þeim síðari. Við reyndum að láta boltann ganga betur og sköpuðum okkur góð augnablik í leiknum. Það var því sorglegt að hafa ekki náð að bæta þriðja markinu við."

Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfoss var sáttur við stigið miðað við allt. „Ég verð að fagna þessu stigi því við vorum alls ekki að spila vel, sérstaklega í seinni hálfleik. Menn voru að reyna en mér fannst vanta kraft og þor í mína menn, líka eftir að Bjarni fór út af með rauða spjaldið. Því náðum við aldrei því sem við ætluðum okkur úr leiknum," sagði Guðmundur.

### Selfoss 2-2 Stjarnan

Selfossvöllur, áhorf.: 1020 — Erlendur Eiríksson (5)

*1-0 Jón Guðbrandsson (21.)*
*1-1 Steinþór Freyr Þorsteinsson (45.)*
*1-2 Þorvaldur Árnason (58.)*
*2-2 Guðmundur Þórarinsson, víti (70.)*
**Rautt:** *Bjarni Þórður Halldórsson, Stjörnunni á 69. mínútu.*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–14 (9–8) |
| Varin skot | Jóhann 6 – Bjarni 5, Magnús 1 |
| Horn | 4–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–18 |
| Rangstöður | 0–5 |

| SELFOSS 4–4–2 | | STJARNAN 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Jóhann Ólafur Sig. | 7 | Bjarni Þórður Halld. | 6 |
| Sigurður Eyberg Guð. | 6 | Baldvin Sturluson | 6 |
| Stefán Ragnar Guðl. | 7 | Tryggvi Bjarnason | 6 |
| Agnar Bragi Mag. | 6 | ***Daníel Laxdal** | **7** |
| Andri Freyr Björnss. | 7 | Jóhann Laxdal | 6 |
| (74., Ingþór Jóhann | -) | Dennis Danry | 5 |
| Guðm. Þórarinsson | 5 | Atli Jóhannsson | 6 |
| Jón Guðbrandsson | 5 | Þorvaldur Árnason | 6 |
| Ingólfur Þórarinsson | 4 | Steinþór Freyr Þorst. | 7 |
| (61., Einar Ottó Ant. | 5) | Halldór Orri Björnss. | 6 |
| Jón Daði Böðvarsson | 7 | Marel Baldvinsson | 5 |
| Arilíus Marteinsson | 5 | (70., Magnús Karl Pét. | 5) |
| Sævar Þór Gíslason | 6 | | |

**Maður leiksins*

### Grindavík 1-2 Valur

Grindavíkurv., áhorf.: 680 — Gunnar Jarl Jónsson (6)

*0-1 Danni Casero König (57.)*
*1-1 Gilles Mbang Ondo (69.)*
*1-2 Jón Vilhelm Ákason (71.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–11 (5–4) |
| Varin skot | Rúnar Dór 4 – Kjartan 3 |
| Horn | 5–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 17–16 |
| Rangstöður | 1–1 |

| GRINDAV. 4–3–3 | | VALUR 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Rúnar Dór Daníelss. | 5 | Kjartan Sturluson | 5 |
| Loic Mbang Ondo | 4 | Stefán Eggertsson | 6 |
| (82., Ray Anthony | -) | Reynir Leósson | 5 |
| Auðun Helgason | 4 | (46., Sigurbjörn Hreið. | 6) |
| Marko Valdimar Stef. | 4 | Atli Sveinn Þórarinss. | 5 |
| Jósef Kr. Jósefsson | 5 | Greg Ross | 5 |
| (41., Alexander Mag. | 6) | Martin Pedersen | 5 |
| Orri Freyr Hjaltalín | 4 | Baldur Aðalsteinsson | 6 |
| Jóhann Helgason | 4 | (75., Matthías Guðm. | -) |
| Matthías Örn Friðriks. | 5 | Jón Vilhelm Ákason | 6 |
| Scott Ramsay | 6 | (82., Ian Jeffs | -) |
| Grétar Ólafur Hjartar. | 5 | Rúnar Már Sigurjóns. | 5 |
| (75., Óli Baldur Bjarn. | -) | Arnar Sveinn Geirss. | 6 |
| Gilles Mbang Ondo | 6 | ***Danni König** | **7** |

**Maður leiksins*

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

# Tilþrifalítið og hugmyndasnautt

**Leikur KR og Keflavíkur voru sár vonbrigði. Leikmenn liðanna voru varkárir og gerðu sig sjaldan líklega til afreka. KR er enn án sigurs en Keflvíkingar halda toppsætinu í deildinni.**

**FÓTBOLTI** Markaleysið á KR-vellinum í gær var ekki skemmtilegt á að horfa. Keflvíkingar komu varkárir inn í leikinn og héldu stiginu sem þeir komu til að sækja. Þeir halda því toppsætinu í deildinni á meðan KR er enn án sigurs.

Keflvíkingar reyndu að byggja leik sinn upp á skyndisóknum en þær virkuðu engan veginn. KR sótti meira en skapaði lítið sem ekkert.

Fyrri hálfleikur var leiðinlegur á að horfa lengst af. Sóknarleikur liðanna var hugmyndasnauður og óspennandi. Heimamenn ógnuðu meira en sköpuðu ekkert. Tvö ágæt skot utan teigs sem Ómar varði þægilega var allt og sumt.

Jóhann Birnir átti skot utan teigs sem fór í slá KR-marksins og yfir eftir vel útfærða hornspyrnu Keflvíkinga. Það var mesta hættan við mark Lars Ivars. Annars voru varnir beggja liða þéttar og hið leiðigjarna miðjuhnoð einkennandi.

Viktor Bjarki þurfti að fara meiddur af velli eftir harkalega tæklingu Bjarna Hólm sem fór með báða fætur í tæklinguna. Bjarni fór í boltann en í Viktor líka. Ekkert var dæmt en KR-ingar voru æfir og vildu fá rautt spjald á Bjarna. Sitt sýndist hverjum.

Fyrri hálfleikur byrjaði af krafti og Óskar Örn skaut í slá eftir góðan sprett. Það gaf þó engin sérstök fyrirheit þar sem hálfleikurinn var keimlíkur þeim fyrri.

Keflvíkingar reyndu að finna glufur á þéttri KR vörninni og djúpir Keflvíkingar vörðust vel. Það gerðist nákvæmlega ekkert annað í seinni hálfleik og leikurinn sár vonbrigði. Áhorfendur bjuggust við meira.

„Þetta eru tvö jöfn lið og leikurinn einkenndist af baráttu," sagði Skúli Jón Friðgeirsson sem átti flottan leik fyrir KR. Hann byrjaði í hægri bakverðinum en færðist svo í miðvörðinn. „Það var eins og hvorugt liðið þyrði að taka af



**LÍTIÐ UM FÆRI** KR-ingurinn Björgólfur Takefusa er hér kominn inn í teig en Haraldur Guðmundsson og Ómar Jóhannsson vinna vel saman í að stoppa markakóng síðasta sumars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

skarið og leggja allt í þetta. Leikurinn var því ekki í skemmtilegri kantinum. Við erum drullusvekktir, þetta var ekki það sem við lögðum upp með. Við höfum verið að fá mörg mörk á okkur og við lögðum upp með að halda markinu hreinu," sagði Skúli.

„Það hefur verið mikil sveifla í okkar spilamennsku og við verðum að ná fram stöðugleika í þetta. Mér fannst okkur ekki takast það nægilega vel í dag."

Guðjón Árni Antoníusson segir Keflvíkinga sátta við eitt stig á KR-velli. „Við vildum sækja þrjú stig en við erum sáttir við eitt. Mér fannst við gefa meira í það í lokin að reyna að ná sigri en það vantaði aðeins upp á þetta. Við þurftum að setja ungan og óreyndan strák í markið en hann stóð sig frábærlega," sagði Guðjón.

„Meðan við söfnum stigum og höldum hreinu þá er þetta gott. KR-ingar voru mættir til að selja sig dýrt og þetta var baráttuleikur."

**– hþh, egm**

### KR 0-0 Keflavík

KR-völlur, áhorf.: 2.363. — Valgeir Valgeirsson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13–8 (4–2) |
| Varin skot | Lars 1 – Ómar 2, Árni 1 |
| Horn | 3–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–14 |
| Rangstöður | 6–3 |

| KR 4–4–2 | | KEFLAVÍK 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Lars Moldsked | 6 | Ómar Jóhannsson | 6 |
| Skúli Jón Friðgeirss. | 7 | (53., Árni Freyr Ásg. | 6) |
| Mark Rutgers | 6 | Guðjón Á. Antoníuss. | 6 |
| Baldur Sigurðsson | 5 | Haraldur Freyr Guð. | 7 |
| Guðm. Reynir Gunn. | 5 | Bjarni Hólm Aðalst. | 6 |
| Gunnar Örn Jónsson | 5 | Alan Sutej | 5 |
| (58., Jordao Diogo | 6) | Magnús Þ. Matthías. | 4 |
| ***Bjarni Guðjónsson** | **7** | (71., Brynjar Guðm. | -) |
| Viktor Bjarki Arnars. | 5 | Jóhann Birnir Guðm. | 5 |
| (35., Eggert Rafn | 5) | Hólmar Örn Rúnarss. | 5 |
| Óskar Örn Hauksson | 6 | Magnús Sverrir Þorst. | 4 |
| Björgólfur Takefusa | 6 | Hörður Sveinsson | 4 |
| Kjartan Henry Finnb. | 4 | Guðmundur Steinars. | 4 |
| (80.,, Guðjón Baldv. | -) | | |

**Maður leiksins*

### Pepsi-deild karla: Staðan

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **4** | **3** | **1** | **0** | **4-1** | **10** |
| Fram | 4 | 2 | 2 | 0 | 8-4 | 8 |
| **Fylkir** | **4** | **2** | **1** | **1** | **9-6** | **7** |
| Breiðablik | 4 | 2 | 1 | 1 | 6-3 | 7 |
| **Selfoss** | **4** | **2** | **1** | **1** | **8-6** | **7** |
| ÍBV | 4 | 2 | 1 | 1 | 7-5 | 7 |
| **Stjarnan** | **4** | **1** | **2** | **1** | **9-7** | **5** |
| Valur | 4 | 1 | 2 | 1 | 5-6 | 5 |
| **FH** | **4** | **1** | **1** | **2** | **5-7** | **4** |
| KR | 4 | 0 | 3 | 1 | 5-6 | 3 |
| **Haukar** | **4** | **0** | **1** | **3** | **2-9** | **1** |
| Grindavík | 4 | 0 | 0 | 4 | 1-9 | 0 |

**MARKAHÆSTIR**

| | |
|---|---|
| **Ívar Björnsson, Fram** | **3** |
| Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni | 3 |
| **Kristinn Steindórsson, Breiðablik** | **3** |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **ÍBV-Breiðablik** | **Sun 30. maí 16.00** |
| Keflavík-Selfoss | Sun 30. maí 19.15 |
| **Stjarnan-Haukar** | **Mán 31. maí 19.15** |
| FH - Grindavík | Mán 31. maí 19.15 |
| **Valur-Fylkir** | **Mán 31. maí 20.00** |

Valsmenn unnu sinn fyrsta sigur undir stjórn Gunnlaugs Jónssonar þegar þeir sóttu þrjú stig til Grindavíkur:

# Fyrsta mark Grindavíkur dugði ekki til

**FÓTBOLTI** „Það er eins og guð sé á móti okkur," sagði Luka Kostic, þjálfari Grindavíkur, eftir 1-2 tap Grindvíkinga gegn Valsmönnum á Grindavíkurvelli í gærkvöldi. Leikurinn var langt frá því að vera áferðarfallegur og liðunum gekk illa að koma boltanum í spil.

Fyrri hálfleikur var tíðindalítill en Valsmenn voru þó líklegri til að skora. Þeir fengu mörg tækifæri en gekk illa að hitta á rammann. Besta færið fékk Rúnar Már Sigurjónsson á 36. mínútu þegar hann prjónaði sig í gegnum vörn Grindvíkinga en átti slakt skot framhjá úr frábæru færi. Staðan var því markalaus er Gunnar Jarl Jónsson, dómari, flautaði til hálfleiks.

Síðari hálfleikur var meiri skemmtun en sá fyrri og komust Valsmenn yfir eftir einbeitingarleysi í vörn Grindvíkinga á 58. mínútu. Baldur Aðalsteinsson fékk boltann á vinstri kantinum og sendi boltann fyrir þar sem



**FYRSTI SIGURINN Í HÚS** Valsmenn tóku öll þrjú stigin með sér heim frá Grindavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Danni König var einn á auðum sjó og skoraði auðveldlega.

Grindvíkingar hresstust við markið og náðu að jafna á 69. mínútu þegar Gilles Mbang Ondo skoraði eftir að hafa sloppið í gegnum vörn Valsmanna. Grindvíkingar kórónuðu hins vegar slakann varnarleik þegar Jón Vilhelm Ákason kom Valmönnum aftur yfir í næstu sókn með fínum skalla. Grindvíkingar reyndu hvað þeir gátu til að jafna en Valsmenn tryggðu sér öll þrjú stigin og eru nú komnir með fimm stig. Grindvíkingar eru hins vegar stigalausir á botninum.

„Það er frábært ná þremur stigum á þessum erfiða útivelli. Með sigri hífum við okkur upp töfluna og við það eykst sjálfstraustið í liðinu. Þessi leikur var gríðarlega mikilvægur fyrir okkur og ég er í skýjunum með að ná fyrsta sigrinum," sagði Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals.

**- jjk**

Ísland mætir Frakklandi í undankeppni EM 2010 í kvöld:

# Geta náð sögulegum áfanga

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handknattleik mætir í kvöld Frökkum í undankeppni EM 2010. Ísland getur tryggt sér sæti í úrslitakeppni stórmóts í handbolta í fyrsta sinn í sögunni með því að ná jafntefli í kvöld. Evrópumeistaramótið fer fram í Noregi og Danmörku í desember næstkomandi.

Tvö lið komast upp úr hverjum riðli og eru Frakkar þegar komnir áfram. Ísland á í baráttu við Austurríki um að fylgja Frökkum í lokakeppnina en getur sem fyrr segir gert út um þá baráttu í kvöld.

Ísland á svo leik gegn Austurríki ytra um helgina í lokaumferð riðlakeppninnar.

„Við erum bara að hugsa um næsta leik og hvað hann getur fært okkur,“ sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari og fyrirliðinn Rakel Dögg Bragadóttir tók í svipaðan streng.

„Það er hættulegt að velta fyrir sér þessum tvöfalda séns sem við eigum. Við erum bara að hugsa um þennan leik og ætlum okkur að einfaldlega að taka Frakkana á heimavelli,“ sagði Rakel.

Frakkarnir eiga þó eitt allra besta landslið heims, liðið varð til að mynda í öðru sæti á HM í lok síðasta árs.

„Frakkar eru að mæta með sitt HM-lið hingað til Íslands og þetta verður því erfitt. En við höfum allar mikla trú á þessu og ef áhorfendur fjölmenna á leikinn og styðja vel við okkur er allt hægt,“ bætti Rakel við.

„Ég tel að ef leikurinn rúllar vel hjá okkur og við fáum góðan stuðning þá eigum við góðan möguleika gegn Frökkum,“ sagði Júlíus. „Það getur komið að þeim tímapunkti í leiknum, þar sem allt er í járnum og mikil læti í áhorfendum, að undirmeðvitund Frakkanna fari að gefa þeim röng skilaboð. Þá er eins gott fyrir okkur að vera tilbúin til þess að nýta okkur það tækifæri.“

Júlíus tók við liðinu árið 2006 en síðan þá hefur það tekið miklum breytingum. „Eftir mitt fyrsta verkefni byrjuðum við að yngja upp í leikmannahópnum og við höfum síðan þá verið að vinna með 80-90 prósent af þessum leikmönnum sem eru í liðinu í dag. Það tekur ávallt tíma að sjá árangur eftir svo miklar breytingar en þetta hefur gengið fínt. Við höfum líka grætt á því að hafa fengið að spila við margar af sterkustu þjóðum heims. Leikmennirnir hafa því séð hvað vantar upp á hjá þeim og hversu mikið þeir þurfa að leggja á sig. Þeir hafa verið tilbúnir til þess og það er að skila sér nú.“ - esá



**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN** Júlíus Jónasson veltir málunum fyrir sér á blaðamannafundi HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við erum bara að hugsa um þennan leik og ætlum okkur einfaldlega að taka Frakkana á heimavelli.
>
> **RAKEL DÖGG BRAGADÓTTIR**
> FYRIRLIÐI ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS



**RAKEL DÖGG** Fyrirliði íslenska landsliðsins sem verður í eldlínunni gegn því franska í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN










## > Katherine Heigl

„Ég kýs heldur koss sem er eitthvað meira en aðeins tunga í munninn.“

***Katherine Heigl fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni 27 Dresses sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON MISSIR AF FRÉTTUM

# *Þar ríkir þögnin ein*

„Slökktu fyrir mig.“ Það er bein skipun í tilmælunum og vísast rétt að hlýða. Þögnin breiðir sig um morgunverðarborðið og sólin skín inn um austurgluggana. Það er kominn sá tími að hægast er að flytja sig út og bæla sig undir vegginn sem gefur skjól fyrir veikum norðanblæ. Lofthiti er að hækka og brátt verða heitu pollarnir í görðum landsmanna kærastir staða þeim sem vilja út. Það er yfirvofandi upplausn í innisetum og fátt sem dregur mann inn, enda nóg að gera í kringum blómabeð.

Það má heyra hljóðlátan slaghörpuslátt úr nálægu húsi og útum opinn glugga efst í húsinu er fótboltaleikur í gangi. Píanistinn stendur upp og ber borðið báðum höndum. Það er slökkt á leiknum. Og stutta stund er bara þögn. Engin Bylgja í öllum sínum útgáfum, lestur útvarpssögunnar eða veðurfregnir, hvað þá rás 2. Bráðum fara flugvélar að trylla menn og dýr þegar mótorhjól loftanna fara að krossa heiðbláan himin yfir bænum athugasemdalaust frá flugturni. Félagar þeirra á jörðu niðri missa sig í þögninni og kljúfa hámarkshraðmúrinn til að fá fullnægju í setuna undir mjaðmagrindinni í sætislágum bílum. Krakkahópur stefnir hjá og hefur klætt sig upp á leið í bæinn. Það er komið sumar.



Þá er baksað við að koma gömlum transistorhólk í gang. Hann er lúinn í tengingum við innbyggða hátalara og hefur tilhneigingu til að missa andann allt í einu en dettur svo inn aftur. Þá má heyra býflugur suða í baráttu við illa útsprunginn hnapp sem þær vita fullan af sætu þó sólin skíni ekki enn ofan í krónuna. Sólin hellir sér yfir okkur og þýður blærinn fer yfir nýslegin tún og bletti. Hávær maður talar í síma og veit ekki að allt heyrist sem er að þvæla út í andrúmið. Gangtakturinn er allur hægari, sumarkjólar sitja missniðnir á nöktum öxlum og hvítir leggir lalla letilega. Er nema von að sé slökkt.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.20** **Two and a Half Men** STÖÐ 2



▶ **20.10** **Spjallið með Sölva** SKJÁREINN



▶ **20.15** **Landsleikur í handbolta Ísland/Frakkland** SJÓNVARPIÐ



▶ **23.00** **Curb Your Enthusiasm** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **00.30** **NBA Körfuboltinn Orlando-Boston** STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**13.15 Íslenski boltinn** (e)

**14.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** (e)

**16.00 HM 2010** (2:4) (e)

**16.30 Stiklur - Þeir segja það í Selárdal** (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var... jörðin** (10:26)

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Fínni kostur** (33:35) (The Replacements)

**18.23 Sígildar teiknimyndir** (Classic Cartoon)

**18.30 Finnbogi og Felix** (19:26)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Landsleikur í handbolta** (Ísland - Frakkland) Bein útsending.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.15 Skjáræði** (Videocracy) Heimildarmynd frá 2009. Á Ítalíu hefur Silvio Berlusconi ráðið mestu um hvaða sjónvarpsefni hefur verið haldið að þjóðinni undanfarna þrjá áratugi. Á sjónvarpsstöðvum hans hefur sumum þótt meira en nóg af yfirborðskenndu snakki og hálfberum konum og því hefur verið haldið fram að af þessum sökum hafi Ítölum hrakað mjög.

**23.40 Kastljós** (e)

**00.20 Fréttir** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Red Riding Hood**

**10.00 Employee of the Month**

**12.00 27 Dresses**

**14.00 Red Riding Hood**

**16.00 Employee of the Month**

**18.00 27 Dresses**

**20.00 First Descent**

**22.00 Fantastic Four. Rise of the Silver Surfer**

**00.00 Grilled** S

**02.00 Xanda**

**04.00 Fantastic Four. Rise of the Silver Surfer**

**06.00 Fool's Gold**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Ævintýri Juniper Lee, Íkornastrákurinn

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Auddi og Sveppi**

**11.00 Lois and Clark. The New Adventure** (14:21)

**11.45 Gilmore Girls** (20:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Ally McBeal** (9:22)

**13.45 Oprah's Big Give** (5:8)

**14.35 E.R.** (22:22)

**15.20 Njósnaskólinn**

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Íkornastrákurinn, Firehouse Tales, Ruff's Patch

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (19:22)

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

▶**19.20 Two and a Half Men** (3:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (1:20)

**20.10 Project Runway** (12:14) Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem 12 ungir og upprennandi fatahönnuðir mæta til leiks og takast á við fjölbreyttar áskoranir.

**20.55 Grey's Anatomy** (23:24)

**21.45 Ghost Whisperer** (16:23)

**22.30 Oprah**

**23.15 American Idol** (42:43) Það eru aðeins tveir söngvarar eftir í American Idol og spennan orðin nánast óbærileg fyrir þá því það er til mikils að vinna.

**00.00 American Idol** (43:43) BEIN ÚTSENDING. Nú kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari í þessum lokaþætti af American Idol.

**01.50 Southland** (7:7)

**02.35 The Fixer** (5:6)

**03.20 E.R.** (22:22)

**04.05 Sjáðu**

**04.35 American Pie Presents.Beta House**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 KR - Keflavík** Útsending fra leik KR og Keflavikur i Pepsi-deild karla i knattspyrnu.

**17.15 KR - Keflavík** Útsending fra leik KR og Keflavíkur i Pepsi-deild karla i knattspyrnu.

**19.05 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**20.05 NBA körfuboltinn. Phoenix - LA Lakers** Útsending frá leik Phoenix og Lakers i úrslitakeppni NBA körfuboltans.

**21.55 Atl. Madrid - Sevilla** Bein útsending frá úrslitaleik Atletico Madrid og Sevilla i spænsku bikarkeppninni.

**23.35 HP Byron Nelson Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

▶**00.30 NBA körfuboltinn. Orlando - Boston** Bein útsending frá leik Orlando og Boston i úrslitakeppni NBA körfuboltans.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Chelsea - Blackburn** Útsending frá leik Chelsea og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

**19.35 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**20.30 Gullit**

**21.00 PL Classic Matches. Southampton - Middlesbrough, 1998**

**21.30 PL Classic Matches. West Ham - Sheffield Wed, 1999**

**22.00 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.30 Arsenal - Hull** Útsending frá leik Arsenal og Hull í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**15.20 Ungfrú Ísland 2010** (e)

**17.10 Rachael Ray**

**17.55 Dr. Phil**

**18.40 Girlfriends** (21:22) (e)

**19.00 The Real Housewives of Orange County** (6:12) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.

**19.45 King of Queens** (19:24)

▶**20.10 Spjallið með Sölva**

**21.00 America's Next Top Model** (5:12) Stelpurnar sem eftir eru sitja fyrir með Ross Mathews, samkynhneigða lærlingnum hans Jay Leno og fara síðan í helsta tískuhverfið í New York.

**21.50 Life** (6:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Jarðskjálfti skekur Los Angeles og í miðri ringulreiðinni þurfa Crews og Reese að elta uppi hættulegan strokufanga sem þau komu upphaflega á bak við lás og slá.

**22.40 Heroes** (19:19) Það er komið að lokaþættinum og spennan nær hámarki. Peter fær óvæntan bandamann til að reyna að bjarga Emmu. Noah og Claire berjast fyrir lífi sínu og Hiro reynir að koma í veg fyrir voðaverk Samuels.

**23.25 Jay Leno**

**00.10 Law & Order** (4:22) (e)

**01.00 Big Game** (5:8) (e)

**02.40 King of Queens** (19:24) (e)

**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Kokkalíf** Landsliðskokkarnir leika listir sínar. Gestgjafi er Fritz Már.

**20.30 Í kallfæri** Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Jóni Gnarr er boðið í kallfærisspjall.

**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningar og auglýsingamál til mergjar.

**21.30 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm heldur áfram að ræða sveitastjórnarkosningar.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 23.15

### American Idol - úrslit



Tveir keppendur berjast í kvöld um titilinn næsta söngstjarna Bandaríkjanna. Crystal Bowersox og Lee Dewyze þurfa að gefa allt sitt í flutning kvöldsins. Á miðnætti sýnum við svo beint frá úrslitastundinni þegar í ljós kemur hvort þeirra mun standa uppi sem sigurvegari. Til mikils er að vinna því fram undan bíður þess sem vinnur keppnina frægð og glæstur frami á heimsvísu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Skjáræði
### Sjónvarpið kl. 22.15

Skjáræði er heimildarmynd frá 2009. Á Ítalíu hefur einn maður ráðið mestu um hvaða sjónvarpsefni hefur verið haldið að þjóðinni undanfarna þrjá áratugi. Hann heitir Silvio Berlusconi og er forsætisráðherra landsins nú. Á sjónvarpsstöðvum hans hefur sumum þótt meira en nóg af yfirborðskenndu snakki og hálfberum konum og því hefur verið haldið fram að af þessum sökum hafi Ítölum hrakað mjög og séu orðnir illa haldnir af frægðarmennadýrkun.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Mammon í gættinni
**15.25** Seiður og hélog
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Að vera ekki til
**21.10** Út um græna grundu
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Bræður í turninum Babel
**23.10** Ellismellir
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest** (16:18)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Modern Family** (17:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.

**22.15 Bones** (16:22)

▶ **23.00 Curb Your Enthusiasm** (5:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George. Aðalgrínið í þáttaröðinni verður nefnilega hvort eitthvert vit sé í endurkomu þessara vinsælustu gamanþátta allra tíma Vandinn er bara sá að þau hafa mismikla löngun il þess að af þessu verði og Larry kemur stöðugt sjálfum sér og öðrum í vandræði.

**23.30 Daily Show. Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

**23.55 The Doctors**

**00.35 Falcon Crest** (16:18)

**01.25 Fréttir Stöðvar 2**

**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.00** The Inspector Lynley Mysteries **11.45** The Black Adder **12.20** The Black Adder **12.50** My Hero **13.20** My Hero **13.50** The Green Green Grass **14.20** The Green Green Grass **14.50** The Black Adder **15.25** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** The Green Green Grass **18.00** Keeping Up Appearances **18.30** Lark Rise to Candleford **19.20** Dalziel and Pascoe **20.10** The Weakest Link **20.55** Strictly Come Dancing **22.10** Strictly Come Dancing **23.00** Robin Hood

## DR 1

**10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Seinfeld **12.00** Ha' det godt **12.30** Det sidste stik **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** En god historie - NRK Boxer **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Kender du typen **18.30** Kæft, trit og knus **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Mord på hjernen **21.35** Onsdags Lotto **21.40** Boogie Mix

## NRK 1

**10.40** Dallas **11.25** Urix **11.45** Norge rundt **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Harry - seks år og kokkelærling **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Solgt! **18.15** Luftambulansen **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** Eurovision Song Contest 2010 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Corleone **22.50** Kjærlighetens sommer

## SVT 1

**10.05** Eurovision Song Contest **12.30** Paraplyerna i Cherbourg **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Norsk attraktion **15.25** Namnam med Noman **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Livvakterna **20.00** Nip/Tuck **20.45** Kommissarie Winter **21.45** Kören **22.45** Landet runt **23.30** Kobra




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Besti bitinn um helgi er falafel á Habibi. Svo finnst mér líka mjög gott að fara á 10 dropa og fá mér samloku. Þær eru svo veglegar og svo líður manni alltaf eins og maður sé í heimsókn hjá langömmu.“*

Bergþóra Snæbjörnsdóttir námsmaður.

# Top Model-stjarna elskar Diktu

„Ég hitti strákana í Diktu þegar þeir spiluðu í New York fyrir nokkrum árum. Ég keypti handa þeim Cosmopolitan-kokteila!“ segir fyrirsætan Shandi Sullivan.

Shandi lenti í þriðja sæti í annarri þáttaröð American‘s Next Top Model sem Skjár einn sýndi árið 2004. Hún býr í New York og ásamt því að hafa starfað sem fyrirsæta hefur hún komið fram sem plötusnúður ásamt því að sjá um karókíkvöld á skemmtistöðum Stóra eplisins.

Útvarpskonan Margrét Erla Maack kynnti Shandi fyrir Diktu á sínum tíma, en sú fyrrnefnda bjó í New York fyrir nokkrum misserum. Top Model-stjarnan á þó eftir að sjá Diktu á tónleikum og bíður spennt eftir því. Hún er dugleg við að kynna hljómsveitina fyrir vinum sínum og birtir reglulega lög frá þeim á Facebook- og Myspace-síðum sínum. Það hefur skilað sér í fjölmörgum vinabeiðnum til Diktu frá ungum bandarískum stúlkum. „Ég á líka bol frá þeim,“ segir Shandi sem er ekki ennþá búin að hlusta á nýju plötuna Get it Together. „Ég mun hlusta á hana bráðum.“

Dikta hefur slegið rækilega í gegn á árinu og nánast einokað vinsældalista landsins með plötunni og útvarpsslögurunum. Shandi gleðst yfir velgengni strákanna. „Mér finnst þeir alveg stórkostlegir og ég er ofuránægð með velgengni þeirra. Þeir eru frábær hópur af strákum!“ - afb





**GLEÐST YFIR VELGENGNI DIKTU** Shandi úr American‘s Next Top Model er mikill aðdáandi Diktu og segir þá frábæra stráka.



**LÁRÉTT**
**2.** skák, **6.** bardagi, **8.** skordýr, **9.** pili, **11.** samanburðartenging, **12.** gljái, **14.** dúlla, **16.** samtök, **17.** for, **18.** berja, **20.** eldsneyti, **21.** slæma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** frá, **4.** fjölmörgum, **5.** hylur, **7.** heimting, **10.** meiðsli, **13.** nugga, **15.** þjappaði, **16.** írafár, **19.** fisk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tafl, **6.** at, **8.** fló, **9.** rim, **11.** en, **12.** glans, **14.** krútt, **16.** aa, **17.** aur, **18.** slá, **20.** mó, **21.** illa.
**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** af, **4.** flestum, **5.** lón, **7.** tilkall, **10.** mar, **13.** núa, **15.** tróð, **16.** asi, **19.** ál.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

**1** Átta.
**2** Hjálmar.
**3** Hjálmar Þórarinsson.








**Á ÚTLEIÐ** Ultra Mega Technobandið Stefán kemur fram á tónlistarhátíð í Noregi í sumar. Hér er Siggi söngvari á síðustu Airwaves-hátíð. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

SIGURÐUR ÁRNASON: ULTRA MEGA TECHNOBANDIÐ Á FARALDSFÆTI

# Kemur fram í Noregi ásamt Belle & Sebastian og Mew

„Við hlökkum mikið til. Þetta er í fyrsta skipti sem við gerum eitthvað erlendis í marga mánuði,“ segir Sigurður Ásgeir Árnason Olsen, söngvari hljómsveitarinnar Ultra Mega Technobandið Stefán (UMTBS).

UMTBS kemur fram á tónlistarhátíðinni Slottsfjell í Noregi um miðjan júlí ásamt hljómsveitunum Belle & Sebastian og Mew. Bandarísku söngkonurnar Kelis og Juliette Lewis koma einnig fram á hátíðinni sem fer að hluta til fram í glæsilegustu tónleikahöll Noregs í bænum Tönsberg, sem svo skemmtilega vill til að er vinabær Ísafjarðar.

„Þetta er mjög undarleg blanda og verður algjör snilld,“ segir Sigurður um þessa sérstöku blöndu listamanna sem koma fram á hátíðinni. UMTBS er ein magnaðasta tónleikasveit landsins og leikur ærslafulla blöndu af teknótónlist og rokki. Belle & Sebastian leikur hins vegar poppaða indítónlist. „Mér finnst Belle & Sebastian alveg frábært band,“ segir Sigurður. „Þeir eru að gera svipaða hluti og við – eru með svona yfirborð. Ég og vinur minn höldum því fram að Belle & Sebastian séu eins og Múmínálfarnir. Fara í dvala á veturna og vakna á sumrin og byrja að spila tónlist. Maður heyrir bara í þeim á sumrin. En þeir eru rosalega satírískir í því. Eru með yfirborðskennd og melódísk lög, en svo eru textarnir um dauðann og hatur.“

Lítið hefur farið fyrir Ultra Mega Technobandinu Stefáni undanfarið, en hljómsveitin kom síðast fram í afmælisveislu Egils Gillzeneggers. Það var að sögn Sigurðar sérstök upplifun, enda hefðbundni áhorfendahópur hljómsveitarinnar víðsfjarri í veislunni. Hljómsveitin hyggst vera virkari á næstunni og horfir til meginlands Evrópu í þeim efnum. „Við erum að leita meira til Evrópu vegna þess að maður yrði hálf þunglyndur ef maður væri alltaf að spila hérna heima. Þetta er svo lítill markaður,“ segir hann.

Sigurður lauk nýlega fyrsta árinu í heimspeki í Háskóla Íslands og hefur verið upptekinn við ýmislegt sem hefur haldið honum frá hljómsveitarlífinu. „Ég hef ekki haft vettvang til að vera ber að ofan eins og hálfviti,“ útskýrir Sigurður, sem er yfirleitt ekki lengi að rífa sig úr að ofan á tónleikum. „En nú er komið sumar og maður getur dustað rykið af þessu.“

atlifannar@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Á milli þess sem söngkonan **Björk Guðmundsdóttir** tjáir sig um orkumál á Íslandi er hún önnum kafin í hljóðveri við upptökur á nýrri tónlist. Upptökurnar hafa að mestu farið fram í Púertó Ríkó og hafa þær gengið vel. Björk er bæði að taka upp efni á nýja sólóplötu og lög fyrir listræna þrívíddarmynd í leikstjórn Michaels Gondry og hefur því í mörg horn að líta. Myndinni hefur verið lýst sem vísindaskáldsögulegum söngleik og verður hún um 40 mínútna löng.



**Gunnar Þórðarson** hefur hitt í mark með tónleikum sínum í Landnámssetrinu í Borgarnesi þar sem hann spilar einn á kassagítarinn og segir skemmtilegar sögur þess á milli. Tónleikar hans síðasta laugardag voru þar engin undantekning. Gestirnir, þar á meðal sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason, fengu heilmikið fyrir aurinn því Gunnar gerði sér lítið fyrir og spilaði í rúma tvo og hálfa klukkustund, án þess að blása úr nös.

Líkt og fólki er orðið kunnugt þá var heimildarmyndahátíðin Skjaldborg haldin í fjórða sinn um hvítasunnuhelgina. Mikill fjöldi heimildarmynda var sýndur á hátíðinni og þar á meðal var ein leynimynd þar sem leikstjórinn **Dagur Kári Pétursson** sást tala í myndavél og virtist hann vera nokkuð kenndur. Dagur Kári talaði um nýja kvikmyndastefnu, Black-Out Cinema, og sagði það vera hið eina sannleiksbíóform en ekki hina vinsælu Dogma stefnu. Black-Out Cinema á að gera undir áhrifum áfengis og líkt og nafnið gefur til kynna þá á leikstjórinn helst að vera í óminnisástandi og muna því ekkert eftir gerð myndarinnar daginn eftir. - fb, sm








# Íslenskt lag um HM í fótbolta

„Þetta er ekki bara fótbolti, þetta er andrúmsloftið. HM er eitthvað sem sameinar fólk og á sér engin landamæri,“ segir Eiríkur Einarsson, forsprakki HM-boltanna sem hafa gefið út fyrsta íslenska HM-lagið.

„Við vorum fjórir sem tókum okkur til og skelltum okkur í stúdíó. Við bara urðum að gera þetta til að fá smá útrás,“ segir Eiríkur, sem samdi bæði lag og texta. Laginu, sem nefnist HM-fjörið, hefur verið dreift á útvarpsstöðvar, sjónvarpsstöðvar, sportbari og á Netið, þar sem það fæst sem frítt niðurhal. Keppnin sjálf hefur göngu sína 11. júní næstkomandi.

Eiríkur gaf út sína fyrstu sólóplötu fyrir síðustu jól, Ég er með hugmynd, og er einnig ritstjóri HM-blaðsins. Sannarlega góð blanda ef menn ætla að semja eitt stykki HM-lag. „Ég smitaðist ´82 þegar það var loksins farið að sýna HM almennilega á Rúv. Ég tala nú ekki um ´86, þá var maður alveg orðinn forfallinn,“ segir Eiríkur, sem flaug til Danmerkur og horfði á keppnina þar til að fá stemninguna beint í æð. Fjórum árum síðar bætti hann um betur og flaug til Ítalíu og sá þar nokkra leiki. Uppáhaldsliðið hans er Brasilía og býst hann við skemmtilegri keppni í ár. „Mér líst rosalega vel á þetta. Ég held að þetta verði óvenju spennandi. Það eru svo mörg lið sem koma til greina. Við getum talið sex til sjö lið og þá erum við ekki með spútnik-liðin inni í því. Núna getur allt gerst.“ - fb




**FORFALLINN HM-AÐDÁANDI** Eiríkur er forsprakki HM-boltanna sem hafa gefið út fyrsta íslenska HM-lagið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**NELLIKA** sumarblóm
Ýmsir litir **595,-**



**BLÁHNOÐRI** sumarblóm
Ýmsir litir **595,-**



**795,-/stk.**

**BARFOTA** blómapottur H13cm
Röndótt/grænt



**HENGILÓBELÍA** sumarblóm
Ýmsir litir **495,-**

# Blómum skreyttur garður



**1.450,-/20 í pk.**

**STJÚPUR** sumarblóm. Ýmsir litir



**OSTLIG** fötur/blómapottar
H27cm. 10L. Ýmsir litir
**1.490,-/stk.**



**745,-**

**SÓLBLÓM** sumarblóm



**TÓBAKSHORN** sumarblóm
Ýmsir litir **595,-**



**MARGARÍTA** sumarblóm
Ýmsir litir **795,-**



**645,-**

**SÓLBOÐI** sumarblóm
Ýmsir litir

**Ókeypis máltíð fyrir börnin!**



Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.

**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

IKEA®

**www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fórnarlamb öskunnar

Blúshátíðin Norden Blues Festival var haldin í Rangárvallasýslu um hvítasunnuhelgina og tókst hún með stakri prýði. Öskufall úr Eyjafjallajökli sem gekk yfir svæðið á laugardeginum hafði þó sín áhrif, fyrst á stóra grillveislu sem var haldin fyrir tónlistarmennina og síðan á tónleika systkinanna KK og **Ellenar**. Þau stigu á svið á tvennum kirkjutónleikum á sunnudeginum en Ellen gat því miður lítið látið að sér kveða. Fíngerð askan fór illa í rödd söngkonunnar, fjölmörgum aðdáendum hennar til sárra vonbrigða, og lofaði hún að bæta þeim þetta upp síðar. KK hélt þó sínu striki og kláraði tónleikana eins og honum einum er lagið.



### Miklar væntingar

Orkuveita Reykjavíkur (OR) og fulltrúar sjö fyrirtækja á sviði jarðhitanýtingar undirrituðu viljayfirlýsingu um samstarf á erlendum vettvangi í gær. Fyrirtækin vinna með japanska stórfyrirtækinu Mitsubishi Heavy Industries. Í þann mund sem fulltrúar fyrirtækjanna munduðu penna til að skrifa undir viljayfirlýsinguna hringdi farsími Guðlaugs G. Sverrissonar, stjórnarformanns OR. Hringitóninn segir sitt um væntingar forstjórans til samningsins. Hann er hvorki meira né minna en eitíssmellurinn Big in Japan af breiðskífunni Forever Young frá 1984 með þýsku rafhljómsveitinni Alphaville.



- fb, jab

## Mest lesið VISIR.IS

1. Ljóshærður stubbur kýldi mann
2. Facebook-forstjóri játar mistök
3. Ákærðir fyrir stórfelldan bókaþjófnað
4. Klippti á naflastrenginn og fingurgóminn með
5. Hornið kom út um munninn







